



SKOÐUN Bolli Hédinsson skrifar um svikalogn á Alþingi. **15**



MENNING Jón Svavar Jósefsson heillaði Jónas Sen í Carmina Burana. **20**



LÍFIÐ Matthildur Matthíasdóttir rifjar upp kynni sín af L'Wren Scott. **30**



SPORT Starf David Moyes hjá Manchester United gæti verið undir í kvöld. **26**

PÁSKAR Í KÖBEN FRÁ 12.990 kr.
Gildir frá kl. 12 í dag til kl. 12 á morgun



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

19. mars 2014
66. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Konur sitja eftir í fjárfestingum

Barbara Stewart, kanadískur fjármála-sérfræðingur sem rannsakað hefur fjárfestingar kvenna, hvetur þær til að byrja að fjárfesta.

FRÉTTIR

Skoða sameiningu Hvergerðingar munu gera skoðanakönnun um mögulega sameiningu við önnur sveitarfélög í kosningunum í vor. **2**

Brotið á fötluðum Fatlaðir nemendur fá hvorki sérstaka aðstoð við nám né þjónustu tengda fötlun þeirra í verkfalli kennara. **6**

Tap veldur vonbrigðum Eftirfylgni skorti með niðurskurðaraðgerðum síðasta árs hjá Ríkisútvarpinu. **8**



Bolungarvík	-1°	ASA	6
Akureyri	0°	A	2
Egilsstaðir	0°	ANA	7
Kirkjubæjarkl.	2°	NA	3
Reykjavík	2°	A	7

Hvessir Það bætir heldur í vind og úrkomu í dag. Framan af degi eru horfur á stöku snjó- eða slyduúljum en síðdegis bætir í úrkomu, fyrst SA-til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólki



INNLIFUN Rokkdivan Patti Smith var á meðal fjölmargra listamanna sem fram komu á stórtónleikum í Hörpu í gær. Listamennirnir gáfu vinnu sína, og rann allur ágóði til stuðnings íslenskrí náttúru. Sjá síðu 24

Festast til fram- búðar í félags- legu húsnæði

Sjaldgæft er að fólk sem býr í félagslegri íbúð nái að bæta kjör sín. Því lengur sem fólk fær stuðning félagsþjónustu þeim mun ólíklegra er að aðstæður batni.

VELFERÐARMÁL Þeir sem einu sinni eru komnir í félagslega íbúð eiga sjaldan afturkvæmt á almennan húsnæðismarkað. Á síðastliðnum sex árum hefur eingöngu 20 til 25 leigjendum verið sagt upp félagslegri leiguíbúð á vegum Reykjavíkurborgar af því að kjör þeirra hafi batnað, en félagslegar íbúðir eru um 1.800 talsins.

Velferðarsvið Reykjavíkur hefur eftirlit með leigjendum félagslegra íbúða og á að meta annað hvert ár hvort aðstæður þeirra hafi breyst til hins betra og þar með rétturinn til íbúðarinnar. Í kjölfar hrunsins þóttu ekki forsendur til að kanna aðstæður þar sem aðaláherslan var að standa vörð um velferðina. Athugun á tekjum var því síðast gerð árið 2012 og þar á undan árið 2008.

Árið 2012 voru samtals 137 leigjendur yfir tekjuviðmiði en nær allir komu með málefnaugar skýringar á tekjubreytingum, svo sem háa eingreiðslu, arf eða tímabundna vinnu. Því var aðeins 20 til 25 leigjendum sagt upp.

Félagslegar íbúðir Reykjavíkurborgar eru fyrir þá sem ekki eru færir um að sjá sér og sínum fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungar framfærslubyrði eða annarra félagslegra aðstæðna. Árið 2013 fengu 113 úthlutað íbúð en 845 voru á biðlista.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs, segir það einnig hafa áhrif á endurnýjun að húsnæðismarkaðurinn sé almennt mjög erfiður. „Við erum samt alltaf hrædd um að fólk festist í fátæktargildru þegar það er of



Því lengur sem fólk þiggur fjárhagsaðstoð, því minni líkur eru á að aðstæður þess breytist.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs

lengi á félagslegri framfærslu,“ segir Björk. Á árinu 2013 fjölgaði enn í hópi þeirra sem hafa verið lengur en tólf mánuði með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

„Því lengur sem fólk þiggur fjárhagsaðstoð, því minni líkur eru á að aðstæður þess breytist. Því höfum við eftt aðhaldið og fjölgað virkniúrræðum.“

Björk segir markmið borgarinnar vera að koma fólki úr fátæktinni. Það sé vegna hagkvæmnissjónarmiða en einnig sýni rannsóknir að lífskjör fólks á framfærslu séu afar slæm.

„Það má deila um það hvort við séum nógu ströng en reglan er þannig að ef fólk hafnar tilboðum um atvinnu eða endurhæfingu þá eru bæturnar skertar um helming í tvo mánuði,“ segir Björk.

Dæmi um góðan árangur vinnu- markaðsúrræðis er Atvinnutorg sem er sérhannað fyrir ungmenni. Ný rannsókn sýnir að 40 prósent notenda torgsins í Reykjavík árið 2012 fengu starf á vinnumarkaði eða hófu nám innan árs. Flestir sem sóttu úrræðið höfðu verið atvinnulausir í minna en eitt ár. -ebg

Tökulið nýju Stjörnustríðsmyndarinnar skoðar aðstæður hér á landi:

Star Wars tekin á Íslandi í apríl

LÍFIÐ Tökulið nýjustu Star Wars-myndarinnar kemur til Íslands í lok apríl samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fyrirtækið True North aðstoðar tökuliðið hér á landi en óljóst er hvert umfangið á tókunum verður á Íslandi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að erlendir aðstandendur Star Wars-myndarinnar hafi verið hér upp á síðkastið að skoða tókustaði. Hugsanlegt er að um svokallaðar „plate“-tökur verði að ræða í apríl. Þá eru teknar víðar myndir af landslaginu sem eru síðan notaðar sem bakgrunnur þegar atriði eru

tekin upp með leikurum í myndveru. Ef aðstandendur myndarinnar list vel á það sem þeir sjá hér á landi gætu tókurnar orðið umfangsmeiri. Ef það gerist gætu leikarar og leikstjóri myndarinnar, J.J. Abrams, dvalið á landinu í lengri tíma.

Nýja Stjörnustríðsmyndin er sú fyrsta í nýjum þrileik.

-1kg / sjá nánar síðu 30



Vertu laus við LÍÐVERKINA!

NUTRILENK GOLD

OPÍÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

next

MIKIÐ ÚRVAL AF JAKKAFÖTUM FYRIR FERMINGUNA

Verð frá kr. 19.980.-

NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200

SPURNING DAGSINS



Haraldur, Is It True?

„Is it over?“

RÚV vildi láta syngja Eurovisionlagið Enga fordóma á ensku í Kaupmannahöfn. Haraldur Freyr Gíslason er meðlimur Pollapónks.

Umvhverfis- og auðlindanefnd Norðurlandaráðs telur að fylgja eigi ráðgjöf:

Gagnrýnir makrísamninginn

SJÁVARÚTVEGUR Umhverfis- og auðlindanefnd Norðurlandaráðs gagnrýnir nýgerðan samning Norðmanna, Færeyinga og Evrópusambandsins um veiðar á makríl. Nefndin telur að veiðarnar séu langt frá því að geta talist sjálfbærar þar sem þær heimili mun meiri veiðar en veiðiráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins, ICES, kveður á um.

Sjurdur Skaale, talsmaður umhverfis- og auðlindanefndarinnar, segir það algert grundvallaratriði að fiskveiðipjóðir haldi sig

við veiðiráðgjöf. Það sé mikilvægt að strandríkin öll nái samkomulagi sín á milli um ákvörðun heildarafla og skiptingu hans. Í ljósi þess að of oft komi upp ágreiningur um þessi mál þá sé það jafnframt mikilvægt að ríkin sem hlut eigi að máli komi sér saman um traustan lagalegan grundvöll til að byggja á ákvarðanir um veiðar á uppsjávarfiski og flökkustofnum.

Makrísamningurinn er til fimm ára og samkvæmt honum á að fylgja veiðiráðgjöfinni á næsta ári. -jme



UMFRAM RÁÐGJÖF Umhverfis- og auðlindanefnd gagnrýnir nýgerðan samning Norðmanna, Færeyinga og Evrópusambandsins um veiðar á makríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ekki á að bæta þjónustu:

Kostar um 18 milljónir á ári

ALÞINGI Áætlaður kostnaðarauki vegna sjö daga snjómoksturs á vegum á Vestfjörðum er talinn vera um 18 milljónir á ári. Þetta kemur fram í svari Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Harald Benediktssyni á Alþingi.

Hanna Birna telur ekki tilefni til að auka mokstur á þessum árstíma vegna kostnaðar. Vonir standi til þess að hægt verði að auka þjónustu á næsta ári. -jm



Á SLYSADEILD Sjúkraflutningamaður, ökumaður fólksbíls og ungur barn voru flutt á slysaðeild eftir árekstur á Gömlu Hringbraut í gær. Ekki urðu alvarleg slys á fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hálka myndaðist á götum Reykjavíkur síðdegis í gær:

Sjúkrabíll í árekstri við fólksbíl

SLYS Tveir fullorðnir og barn voru flutt á slysaðeild eftir árekstur sjúkrabíls og fólksbíls í Reykjavík í gær. Sjúkrabíll, sem var í forgangsakstri á leið í útkall, var ekið eftir Gömlu Hringbraut. Hann var að fara fram úr fólksbíl og strætisvagni þegar fólksbílfreið sem var fyrir framan strætisvagninn beygði í veg fyrir sjúkrabíllinn. Nokkur hálka var þegar óhappið átti sér stað og enduðu báðir bílarnir á túninu milli Landspítala og BSÍ. Enginn slasaðist alvarlega í óhappinu. -jme

Fallist á ósk Skagfirðinga:

Ræða yfirtöku á sjúkrahúsinu

HEILBRIGÐISMÁL Velferðarráðuneytið hefur fallist á beiðni sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi viðræður um rekstur Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki.

„Ráðuneytið hefur fallist á að hefja viðræður við sveitarfélagið um hugsanlega yfirtöku þess á rekstri Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki, að hluta eða öllu leyti, með rekstrarsamningi við Sjúkratryggingar Íslands,“ segir um málið í fundargerð byggðaráðs Skagafjarðar sem samþykkti að óska eftir fundi með Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra vegna málsins. -gar

Vísu til ríkissáttasemjara:

Mikið ber í milli í deilunni

VINNUMARKAÐUR Félag grunnskólakennara hefur vísað kjara- viðræðum sínum til sáttasemjara. Samninganefnd félagsins telur að of mikið beri í milli í viðræðunum við ríki og sveitarfélög.

Samninganefnd FG hefur að undanfögnu kannað möguleika á að gera kjarasamning til ársins 2017 með það að markmiði að jafna laun grunnskólakennara við aðrar háskólakennara stéttir.

Félagið segir að ríki og sveitarfélög bjóði 2,8 prósent launahækkun eins og samið var um á almenna markaðnum en að mati grunnskólakennara er það allt of lítið. -jme

Hvergerðingar skoða sameiningu við aðra

Skoðanakönnun um vilja Hvergerðinga til sameiningar við önnur sveitarfélög verður samhliða bæjarstjórnarkosningum í maí. Minnihlutinn í bæjarstjórn lagði til sameiningu við Ölfus en meirihlutinn að fleiri kostir verði í boði í könnuninni.

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Hveragerðis hefur samþykkt að halda skoðanakönnun samfara sveitarstjórnarkosningunum í maí „til að fá fram leiðbeinandi línur frá bæjarbúum“ um það hvort þeir vilji að Hveragerði sameinist í stærra sveitarfélag.

Upphaf málsins var tillaga fulltrúa minnihluta Á-listans um að kosið yrði í Hveragerði og Ölfusi um sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Farið yrði í formlegar viðræður um sameiningu reyndist vera meirihluti á báðum stöðum.

„Enginn vafi er á því að bæði sveitarfélögin myndu hagnast verulega á sameiningu. Miklir fjármunir myndu sparast í yfirtöku auk þess sem öll samskipti yrðu mun auðveldari og samkeppnisstaðan sterkari,“ rökstuddu fulltrúar Á-listans tillögu sína. Þeir bentu á að með sameiningunni yrði til stærsta sveitarfélags á Suðurlandi með rúmlega 4.200 íbúa.

„Þessi framgangsmáti er í hæsta lagi furðulegur og brýtur raun gegn bæði lögum og venjum um sameiningar sveitarfélaga,“ lýstu fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks aðferðafræðinni sem Á-listinn lagði til. Meirihlutinn lagði síðan fram breytingartillögu um að samhliða bæjarstjórnarkosningunum yrði spurt um afstöðu Hvergerðinga til sameiningar við önnur sveitarfélög.

„Ef svarið er já verði gefnir 3-4 kostir um sameiningu sem viðkomandi getur þá valið um,“ segir í tillögu bæjarstjórnarinnar sem samþykkt var.

„Að okkar mati er það jákvætt



HVERAGERÐI Um 2.300 manns búa í Hveragerði þar sem íbúarnir munu samfara bæjarstjórnarkosningum í maí lýsa skoðun sinni á hugsanlegri sameiningu við önnur sveitarfélög.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að gefa bæjarbúum kost á því að tjá sig um fleiri sameiningarmöguleika en einungis við Ölfus,“ tóku fulltrúar Á-listans undir tillögu sjálfstæðisflokks. „Þó að hér sé um ráðgefandi skoðanakönnun að ræða en ekki bindandi atkvæðagreiðslu um sameiningu, teljum við þessa leið gefa komandi bæjarstjórn mikilvægar upplýsingar um hvaða sameiningarmöguleikar hagnast bæjarbúum best.“

Aðspurð segir Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri ýmsa valkosti auk sameiningar við Ölfus hafa verið rædda, meðal annars sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu, með og án Árborgar, sameiningu sveitarfélaga á öllu Suðurlandi og sameiningu við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.



Ég mun bara vinna að því sem bæjarbúar vilja.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis

Sjálf segist Aldís ekki tilbúin að gefa upp sína skoðun núna. Aðalatriðið sé að íbúarnir gefi vísbendingu. „Fólk þarf að meta hvort það vilji að Hveragerði sé sjálfstætt sveitarfélag með eigin stjórn eða hvort það telji hag okkar betur borgið í samvinnu og stærra samfélagi. Ég mun bara vinna að því sem bæjarbúar vilja.“ gar@frettabladid.is

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

15% afsláttur
af öllum pakkningum

Afslátturinn gildir í mars.

Lyfjaval
Mjódd Álftamýri
Bílaapótek Hæðasmára

APÓTEK Lyfjaval.is • sími 577 1160

Persónuvernd leggst gegn auknum heimildum til bakgrunnsathugana:

Skortir rök fyrir rannsóknnum

STJÓRNSÝSLA Persónuvernd hefur veitt umsögn um frumvarp til laga sem gerir ráð fyrir mjög víðtækum heimildum lögreglu til persónulegrar upplýsingaöflunar þeirra sem hafa aðgang að haftasvæði flugverndar. Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur beint sjónum að þessum heimildum undanfarnar vikur og hve þær skerða friðhelgi einkalífs og atvinnufrelsi flugmanna.

Í umsögn Persónuverndar stendur meðal annars að gengið sé mun lengra í öflun upplýsinga en er að finna í alþjóðlegri reglugerð um flugvernd.

Einnig að hvergi sé að finna í frumvarpinu efnislegan rökstuðning fyrir því hvers vegna álitnið sé nauðsynlegt að afla svo víðtækra upplýsinga um einstaklinga. Eingöngu sé sagt að það sé „mat“ ríkislögreglustjóra að þeirra sé þörf. Í ljósi þess hve gengið er á réttinn til friðhelgi einkalífs þurfi löggjafinn að rökstyðja betur ástæðu breytinganna.

Vegna skorts á slíkum rökstuðningi og vegna umfangs þeirrar mannréttindaskerðingar sem frumvarpið felur í sér, leggst Persónuvernd eindregið gegn því að heimildir til upplýsingaöflunar verði samþykktar óbreyttar, segir enn fremur í umsögn Persónuverndar. -ebg



HAFTASVÆÐI FLUGVERNDAR Í umsögn Persónuverndar segir að fjölmargir sem starfa sinna vegna þurfa að fara inn á haftasvæði flugverndar þurfi að sæta mjög nærgöngulu eftirliti lögreglu samkvæmt tillögum í frumvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tilboð: 5.590.000

Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.



Tilboð: 990.000 kr.

Citroën C4 Saloon Comfort R0789
Skráður febrúar 2007, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 81.000 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.



Tilboð: 1.390.000 kr.

Nissan X-Trail Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Verð: 4.120.000 kr.

Mazda6 Vision IEG75
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 32.000 km.

í ábyrgð

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Tilboð: 3.240.000

Ford Focus Trend UVA01
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr.

í ábyrgð



Tilboð: 4.190.000 kr.

Ford Kuga Titanium S AWD TKV42
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 71.000 km.
Ásett verð: 4.660.000 kr.

í ábyrgð



Tilboð: 1.990.000 kr.

Toyota Auris MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



Skofaðu fleiri
deemi hér!

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Tilboð: 2.590.000 kr.

Toyota Avensis EXE YTV91
Skráður sept. 2009, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 78.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.



Tilboð: 3.490.000 kr.

Ford Focus Titanium OLF07
Skráður mars 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 36.000 km.
Ásett verð: 3.750.000 kr.

í ábyrgð



Tilboð: 3.390.000 kr.

Ford Escape Limited AWD LDB02
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.950.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



Tilboð: 2.790.000 kr.

Ford Edge SEL+ EHH56
Skráður des. 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 97.000 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr.



Verð: 1.990.000 kr.

Ford Fiesta Trend AZR23
Skráður maí 2012, 1,4TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 63.000 km.

í ábyrgð



Tilboð: 1.590.000 kr.

Peugeot Boxer Van YG734
Skráður okt. 2007, 2,2TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 153.000 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr.



Tilboð: 990.000 kr.

Nissan Primera Acenta PS217
Skráður okt. 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 111.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söluheildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ári bílgraininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

SVONA ERUM VIÐ



15 falt fleiri stúdentar voru útskrifaðir á Íslandi

árið 2011 en fimmtíu árum fyrr. Árið 1961 voru stúdentarnir 214 og árið 2011 voru þeir 3.232.

Fyrra árið voru Íslendingar alls 172 þúsund en 2011 voru þeir 318 þúsund. Heimild: Hagstofa Íslands.

Mælst til að allir telji fram rafrænt en pappírsmáttöl eru þó leyfð: Engin pappírsmáttöl send heim

SKATTAMÁL Engin pappírsmáttöl voru send heim til skattgreiðenda í ár. Aldraðir sem ekki eiga eða hafa aðgang að tölvu geta snúið sér til Ríkisskattstjóra og fengið aðstoð þar, að sögn Karls Óskars Magnússonar, sérfræðings hjá embættinu.

„Þeir geta hringt til okkar og við förum þá inn í framtalið þeirra og skilum því fyrir þá. Hjá þessum aldurshópi þarf yfirleitt bara að rúlla yfir þetta. Þeir geta líka komið til okkar í eigin persónu.“



KARL ÓSKAR MAGNÚSSON

beðið um sundurliðunarblað en við mælumst til að menn skili rafrænt ef þeir geta.“

Karl segir að þeir sem endilega vilji skila skattframtali á pappír geti gert það. „Þeir geta þá prentað út autt eyðublað og skilað því útfylltu. Einnhverjir hafa

þurfi framteljendur að senda vottorð eða fylgigögn með framtali má senda þau rafrænt eða á pappír, að því er Karl greinir frá.

Í fyrra fengu rúmlega sex þúsund einstaklingar af um 260 þúsund framteljendum skattframtal á pappír sent heim. „Þeir sem hafa fengið pappírsmáttal sent heim síðustu árin eru bara þeir sem skiluðu á pappír árið áður. Þeim hafði fækkað jafnt og þétt,“ segir Karl.

- ibs

Skotar kjósa um sjálfstæði: Fjölgar í hópi sjálfstæðissinna

SKOTLAND Heldur fjölgar í hópi Skota sem styðja tillögu um að Skotland fái sjálfstæði frá Bretlandi, en enn styður meira en helmingur Skota að landið verði áfram hluti af Bretlandi.

Samkvæmt skoðanakönnun sem birt var í dagblaðinu Scotsman styður um þriðjungur Skota hugmyndir um sjálfstæði. Um tólf prósent höfðu ekki gert upp hug sinn. Kosid verður um mögulegt sjálfstæði þann 18. september næstkomandi.

- jm



FYRIR DÓMI Réttarhöld yfir Oscar Pistorius standa nú yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sönnunargögn færð úr stað:

Alvarlegt brot segja verjendur

SUÐUR-AFRÍKA, AP Myndir sem teknar voru af vettvangi morðsins á Reevu Steenkamp, kærustu hlauparans Oscars Pistorius, sýna fram á að sönnunargögn á vettvangi glæpsins voru færð úr stað á meðan á rannsókninni stóð.

Verjendur Pistoriusar í réttarhöldum sem nú fara fram í Suður-Afríku telja það alvarlegt brot á reglum um morðrannsókn og segja það setja niðurstöður rannsóknar lögreglu í uppnám.

Pistorius skaut unnustu sína í gegnum salernishurð, en hann fullyrðir að hann hafi talið hana verið innbrotsþjóf.

- jm

Vilja þjóðaratkvæðagreiðslu: Sjálfstæðismenn sátu hjá

REYKJAVÍK Meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur samþykkti í gær ályktun þar sem skorað er á Alþingi að beita sér fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB.

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn töldu sig ekki geta samþykkt tillöguna og fimm fulltrúar þeirra sátu hjá við afgreiðslu hennar.

Sjálfstæðismenn lögðu fram aðra tillögu um málið sem var felld með tíu atkvæðum gegn fimm. Í henni er Alþingi hvatt til þess að vinna að sem víðtækustu samráði.

- jme

Nálægt upphafi alheimsins

Vísindamenn hafa fundið fyrstu sönnunargögnin um óðapenslu sem hefur þyngdarbylgju í för með sér frá Miklahvelli. Uppgötvunin þykir mjög merkileg og rennir styrkari stöðum undir kenninguna um Miklahvell.

GEIMVÍSINDI

Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa fundið sönnunargögn um óðapenslu sem hefur þyngdarbylgju í för með sér frá Miklahvelli. Uppgötvunin þykir mjög merkileg og nú þegar er orðrómur um Nóbelsverðlaun kominn á kreik.



SÆVAR HELGI BRAGASON

„Við komumst ekki nær upphafinu, þ.e. að rannsaka hvernig aðstæðurnar voru innan við sekúndu eftir að Miklahvellur varð,“ segir Sævar Helgi Bragason, ritstjóri Stjörnufræðivefjarins, spurður út í þýðingu uppgötvunarinnar.

„Þetta staðfestir þessa stóru og mikilvægu hugmynd sem er óðapensla. Um að alheimurinn hafi þanist gífurlega út á örstuttum tíma,“ segir hann. „Óðapenslan hjálpar okkur að útskýra hvers vegna við

höfum stjörnur og vetrarbrautir í alheiminum í staðinn fyrir ekki neitt.“ Hann bætir við að líta megi á þyngdarbylgjur sem fingraför óðapenslunnar.

Í vísindaheiminum hefur ekki tekist að samþætta skammtafræði og afstæðiskenningu Alberts Einsteins, þannig að allir kraftar náttúrunnar komist fyrir í einni kenningu. „Þessi uppgötvun núna sýnir að við erum á réttari leið með að samþætta þessar kenningar.“

Að sögn Sævars hefur uppgötvunin hugsanlega annað í för með sér. „Þetta fyrirbæri, óðapensla. Ef hún er eilíf þá búum við í bólu og alheimurinn okkar er einn af ótrúlega mörgum alheimum. Þetta gæti verið fyrsta vísbendingin um að svo sé.“

freyr@frettabladid.is

Var svolítið spældur yfir tíðindunum

BICEP2-hópurinn sem framkvæmdi mælingarnar á óðapenslunni þarf nú að sannfæra vísindasamfélagið um að þær séu traustar. Líklega mun það taka nokkur ár að sannreyna þær fyllilega.


Jón Emil Guðmundsson, sem er í doktorsnámi í Princeton-háskóla í Bandaríkjunum, tekur þátt í verkefninu SPIDER sem gengur út á að mæla það sama og BICEP2-hópurinn var að gera. Hluti af BICEP2-hópnum vinnur einmitt með Jóni og hans félagum. Hann stefnir á að fara með rannsóknarhópi sínum til Suðurskautlandsins um jólin og dvelja þar í um þrjú mánuði.

Spurður út í muninn á verkefnunum tveimur segir Jón Emil: „Við erum eiginlega að þróa uppferða útgáfu af þeirra tilraun. Við erum t.d. með fimmfalt fleiri ljósnema,“ segir hann. „Þeir eru á suðurpólnum með

sjónauka en okkar sjónauki hangir neðan úr heljumloftbelg tæplega 40 kílómetra yfir sjávarmáli, þ.e.a.s. fyrir ofan andrúmsloft jarðar.“

Aðspurður kveðst hann ekki vera svekktur yfir því að BICEP2-hópurinn hafi birt sínar mælingar á undan hans hópi. „Þeir eru fyrstir með fréttirnar, skulum við segja, en þeir hefðu líka átt að koma á undan okkur miðað við þessar niðurstöður. Tilraunin þeirra er talsvert einfaldari og þeir byrjuðu fyrr.“

Jón Emil segir mælingarnar, ef þær reynast réttar, eina af stóru uppgötvunum í vísindasögunni. „Það hefði verið gaman að sjá þetta fyrst en það fylgir því líka mikil ábyrgð. Ég var svolítið spældur, en það varaði stutt því niðurstöðurnar eru svo ótrúlegar. Nú beinast augu allra að hinum tilraununum sem þurfa að staðfesta eða hrekja þessar niðurstöður.“



„Það hefði verið gaman að sjá þetta fyrst en það fylgir því líka mikil ábyrgð. Ég var svolítið spældur, en það varaði stutt því niðurstöðurnar eru svo ótrúlegar.“

Jón Emil Guðmundsson, doktorsnemi við Princeton-háskóla

HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA

JBL Cinema SB200

HELSTU KOSTIR

- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu

Bluetooth

VERÐ 59.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SIÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 19°	Friedrichshafen 16°	New York 7°
Apéna 21°	Gautaborg 10°	Orlando 25°
Basel 22°	Kaupmannahöfn 10°	Ósló 8°
Berlín 11°	Las Palmas 20°	París 18°
Billund 11°	London 17°	San Francisco 20°
Frankfurt 15°	Mallorca 19°	Stokkholmur 3°

Á MORGUN

15-20 m/s
NV-til og
10-15 m/s
NA- og
SV-lands.

FÖSTUDAGUR

Vindaspá

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

HÖRKU VETUR Í dag hlýnar lítið eitt en þó er ekkert lát á vetrarveðrinu. Það hvessir síðdegis og á morgun verður töluverður vindur um land allt. Ofan á vindinn bætist snjókoma eða él á norðanverðu landinu og dregur ekki úr fyrr en á föstudaginn.

Auglýsingaeldir fréttablaðsins - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson koll@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Nýr Golf.



40 Years GOLF

Komdu við í HEKLU og
reynsluaktu Volkswagen Golf

Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rós in í hnappagatið þegar 66 bílblaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

Volkswagen Golf kostar frá
3.540.000 kr.*

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskíptur, 122 hestöfl.



WORLD CAR
AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN
OF THE YEAR



Das Auto.

Brotið tvöfalt á fötluðum nemendum

Í verkfalli framhaldsskólakennara fá fatlaðir nemendur hvorki sérstaka aðstoð við námið né þjónustu sem tengist fötlun þeirra. Nemandi sendur heim á morgnana úr skammtímvistun vegna verkfallsins. Foreldrar bjarga málum frá degi til dags.

„Við teljum að það sé verið að brjóta tvöfalt á fötluðum börnum í verkfalli framhaldsskólakennara. Þau fá hvorki sérstaka aðstoð við námið né þjónustu sem tengist fötlun þeirra á meðan á verkfallinu stendur.“ Þetta segir Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landsamtakanna Þroskahjálpar, sem skora á samninganefnd ríkisins að ganga nú þegar til samninga við Félag framhaldsskólakennara.

Hún getur þess að þroskahjálpar og fagmenntað starfsfólk sem ekki er í verkfalli geti vegna innra skipulags ekki tekið á móti fötluðum nemendum í skólana þótt þeir eigi að fá þar réttindabundna þjónustu.

„Það hefur verið rætt um að auka hugsanleg frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni í Hinu húsinu en borgaryfirvöld segja það ekki vera á þeirra ábyrgð að setja fjármagn í slíkt auk þess sem slíkt væri verkfallsbrot. Þessu erum við ekki sammála. Það þvo allir hendur sínar af þessum nemendum.“

Bryndís segir það undarlegt að ekki skuli hafa verið hugað að því fyrirfram hvernig verkfallið kæmi niður á fötluðum nemendum. „Við sem félagasamtök höfum ekki tækifæri til að biðja um undanþágu. Það er verkefni skólanna. Svo er heldur ekki hægt að sækja um undanþágu fyrir hóp einstaklinga, heldur eingöngu fyrir hvern og einn.“

Sjálft á Bryndís tvær fatlaðar dætur sem hún segir heppnar. „Þær eru þátttakendur í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð. Það þýðir að þær geta verið heima með sínum aðstoðarmanni. En það þýðir ekki að maður eigi að sitja hjá þar sem þetta kemur niður á mörgum. Langverst kemur þetta niður á einhverfu börnunum sem þola enga röskun.“

ibs@frettabladid.is



Í VERK FALLSMÍÐSTÖÐ Hundruð kennara mættu í verkfallsmiðstöðina á höfuðborgarsvæðinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ Bjarga sjálf málum frá degi til dags

„Verkfall framhaldsskólakennara kemur mjög illa niður á dóttur okkar,“ segir Gunnar Bjarnason, faðir fjölfatlaðrar stúlku sem er nemandi í Fjölbrotaskólanum í Ármúla.

Hann segir dóttur sína mjög háða rútínu sem nú hafi dottið niður. „Þetta hefur áhrif á svefninn hjá henni og almenna líðan. Hún hefur fengið iðjuþjálfun í skólanum og farið í leikfimi og sund á skólatíma. Þetta hefur skipt hana miklu máli. Að fara á mis við þetta dregur úr lífsgæðum hennar.“

Gunnar segir það jafnframt lenda á foreldrunum að bjarga málum frá degi til dags. „Það er ekki hægt að skilja hana eftir eina heima eins og aðra unglíng. Við kvöbbum á þeim sem geta hjálpað okkur og sjáum svo sjálf um þetta að öðru leyti.“

→ Heim úr skammtímvistun vegna verkfalls kennara

Fatlaður nemandi í framhaldsskóla, sem býr í skammtímvistun í tvær vikur í mánuði og hinar tvær hjá foreldrunum, er sendur heim úr skammtímvistuninni á morgnana vegna verkfalls framhaldsskólakennara, að því er Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landsamtakanna Þroskahjálpar, greinir frá.

„Skammtímvistunin má ekki veita honum þjónustu yfir daginn þar sem það er verkfallsbrot. Maður veltir því fyrir sér hvað hefði gerst ef foreldrarnir hefðu ætlað að fara í utanlandsferð þessar tvær vikur sem hann á að vera í skammtímvistun. Hefði hann þá bara verið settur á þröskuldinn?“

Bryndís segir að 18 ára nemendur ættu ekki að vera á ábyrgð foreldra. „Það er ekki boðlegt í nútímaþjóðfélagi að foreldrar þurfi að taka sér launalaust frí frá vinnu til að sinna fullorðnum börnum.“

ÓTTAST AÐ VERK FALL MUNI STÓRAUKA BROTT FALL NEMENDA

Skólalastjórar framhaldsskóla hafa þungar áhyggjur af því að verkfall muni stórauka brottfall nemenda úr skólum. Hefðbundið hlutfall brottfalls úr framhaldsskólum er um 20 prósent en það er langt yfir meðaltali OECD-ríkjanna.

Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segir að brottfall hafi aukist mjög í síðasta verkfalli framhaldsskólakennara árið 2000 sem stóð yfir í átta vikur. „Það er alltaf hætt við því að þó verkfall sé stutt þá verði auknið brottfall en hættan er þó meiri eftir því sem lengra líður.“ Jón segir að heimavist skólans sé nánast auð enda hafi flestir nemendur farið heim þegar verkfall hófst.

Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga, tekur í sama streng: „Brottfall hjá okkur er mjög lágt en þau eru mörg sem réðu sig í vinnu og þá er freistandi að fara ekki úr henni ef verkfall dregst á langinn.“

Hún segir að erfitt hafi verið að koma



LÁRA STEFÁNSDÓTTIR

nemendum í gang eftir verkfall framhaldsskólakennara árið 2000. „Þeir sem standa höllum fæti eru þeir sem við getum ekki haldið utan um meðan á verkfalli stendur.“

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum kostar þjóðfélagið 14 milljónir á hvern nemanda eða 52 milljarða króna fyrir nemendahópinn í heild. Þetta kemur fram í útreikningum Eyjólfssonar hagfræðings sem birtir voru í nýrri skýrslu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem kynnt var á mánudag. Í skýrslunni kemur fram að kostnaðurinn skýrist meðal annars af þeim tekjum sem vænta meg að einstaklingar hefðu haft ef þeir hefðu haldið áfram námi. Búast má við því að einstaklingur með háskólapróf fái 88 prósent hærri tekjur um ævina en þeir sem aðeins ljúka grunnskólaprófi.

- sss

Verkir í hálsi og öxlum?


Verkjavstandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!

Voltaren

Fæst án lyfseðils



Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvetyláminu. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækni ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringum. Frábendingar: Ófærni fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylísalísýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylísalísýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slimhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæði með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurrhauni 12a, 210 Garðabær



FIMMFALT *punkta.* PARTI

19.-20. mars

Fimmfaldir punktar!

Punkturpartí á morgun og hinn á þjónustustöðvum N1 um allt land.
10 punktar með hverjum lítra af bensíni og dísel.

Einstök partítilboð á punktaprís á völdum þjónustustöðvum:



Bílasápa með bóni
1 lítri
399 punktar



Coke – 2 lítrar
279 punktar



Kaffibolli
149 punktar



Prins Polo
99 punktar



Góu Lindubuff
79 punktar



Sérbakað
vínarbrauð
199 punktar



Pylsa með öllu
199 punktar

N1 kortið er boðskortið þitt í partíð.

N1 korthafar halda afsláttarkjörum sínum en að auki fimmfaldate punktarnir með hverjum lítra af bensíni og dísel.

Punktur er punkts gaman!

Komdu í partí



GERÐU FRÁBÆR KAUP

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR



Ekinn aðeins 4 þús. km.

TÖKUM NOTADAN UPPÍ NOTADAN! GERÐU FRÁBÆR KAUP!

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 07/13, ekinn 4 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 142006.

Frábært verð
4.570 þús.



HYUNDAI i30 STYLE
Nýskr. 09/08, ekinn 78 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.980 þús.
Rnr. 130788.



KIA SPORTAGE
Nýskr. 03/06, ekinn 140 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 141835.



MMC OUTLANDER - 7 sæta
Nýskr. 02/08, ekinn 139 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 131031.



SUBARU FORESTER LUX
Nýskr. 09/08, ekinn 39 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.880 þús.
Rnr. 281516.



RENAULT CLIO COMFORT
Nýskr. 10/12, ekinn 39 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr. 131032.



KIA PICANTO EX
Nýskr. 11/12, ekinn 18 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.220 þús.
Rnr. 281513.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Tap veldur stjórn RÚV vonbrigðum

Eftirfylgni skorti með niðurskurðaraðgerðum síðasta árs hjá Ríkisútvarpinu. Útvarpsstjórnarskipti eru sögð hafa sett strik í reikninginn. Á þessu ári stefnir í 357 milljóna króna taprekstur. Eiginfjárlutfall fer undir mörk í lánasamningum.

VIÐSKIPTI Umrót í tengslum við útvarpsstjórnarskipti hjá Ríkisútvarpinu ohf. (RÚV) hafði þau áhrif að eftirfylgni varð minni en ella með niðurskurðar- og aðhaldsaðgerðum sem ráðist var í hjá stofnuninni á síðasta ári.

Samkvæmt heimildum blaðsins er þetta meðal þess sem komið hefur upp í umræðum stjórnar RÚV um slakari afkomutölur en búist hafði verið við. Þá hafi einnig bæst við kostnaður vegna útvarpsstjórnarskiptanna, en Páll Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóri, sagði starfi sínu lausu eftir deilur í kjölfar þess að niðurskurður og uppsagnir voru kynntar hjá RÚV.

Uppfærð rekstraráætlun RÚV var kynnt á fundi stjórnar félagsins í byrjun vikunnar. „Liggur fyrir að tap af rekstri félagsins á yfirstandandi rekstrarári verður umtalsvert meira en áætlanir stjórnenda RÚV gerðu ráð fyrir, jafnvel þótt að gripið hafi verið til umfangsmikilla niðurskurðaraðgerða á tímabilinu,“ segir í tilkynningu stjórnar til Kauphallarinnar. „Nú er gert ráð fyrir að tap af rekstri félagsins verði 305 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins og 357 milljónir króna á rekstrarárinu öllu.“

Frávik frá áætlunum sem áður höfðu verið lagðar fram er sagt umtalsvert og útlit fyrir að tap af rekstri RÚV hafi veruleg áhrif á eigið fé félagsins, sem var við lok síðasta rekstrarárs 653 milljónir króna. „Því er ljóst að hlutfall eiginfjár Ríkisútvarpsins fer



RÍKISÚTVARPIÐ VIÐ EFSTALEITI Samkvæmt heimildum blaðsins telur stjórn RÚV ekki að hún hafi fengið rangar upplýsingar um fjárhag stofnunarinnar, heldur hafi gengið erfiðlega að framfylgja áætlunum um niðurskurð hjá RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON



PÁLL MAGNÚSSON

undir átta prósentu mörkin sem skilgreind eru í lánasamningum sem það hefur gert. Rétt er að taka fram að RÚV hefur upplýst viðskiptabanka sinn um stöðuna og átt jákvæð samskipti um áframhaldandi samstarf,“ segir jafnframt í tilkynningu stjórnarinnar.

Niðurstaða uppfærðrar rekstraráætlunar er sögð vera stjórn RÚV mikil vonbrigði og hefur hún óskað eftir óháðri úttekt á fjármálum

þess. Samkvæmt heimildum blaðsins stendur ekki til að kalla eftir aðkomu Ríkisendurskoðunar, heldur leita til einkaaðila um framkvæmd úttektarinnar. Hún mun jafnframt vera hugsuð sem hjálpargagn til handa nýjum útvarpsstjóra, Magnúsi Geir Þórðarsyni, við að setja sig inn í stöðu mála.

Stjórn RÚV hefur líka óskað eftir því við nýráðinn útvarpsstjóra, sem hóf störf í síðustu viku, að hann fari yfir rekstraráætlanir með það að markmiði að reksturinn komist í jafnvægi sem fyrst. „Stjórn telur raunhæft að það muni takast og að framtíðarhorfur kalli ekki á nýjar niðurskurðaraðgerðir til viðbótar við þær sem þegar hefur verið ráðist í á rekstrarárinu,“ segir í kauphallartilkynningunni.

olikr@frettabladid.is

Framkvæmdastjórnar reknir hjá Ríkisútvarpinu

Öllum framkvæmdastjórn RÚV, þar á meðal fréttastjóra, hefur verið sagt upp störfum og stöður þeirra auglýstar til umsóknar. Þetta er meðal þess sem nýr útvarpsstjóri, Magnús Geir Þórðarson, kynnti starfsfólki RÚV í gærmorgun þegar hann fór yfir áherslur sínar og stefnu í rekstri RÚV. Fólkið gegnir störfum sínum út uppsagnartíma og er hvatt til að sækja aftur um. Að sögn útvarpsstjóra stendur þó til að jafna kynjahlutfall í hópi stjórnenda RÚV.

Þeir sem fengu uppsagnarbréf eru Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri sjónvarps, Bjarni Kristjánsson fjármálastjóri, Eyjólfur Valdimarsson tæknistjóri, Óðinn Jónsson fréttastjóri, Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri Sjónvarps, Magnús R. Einarsson, dagskrárstjóri Útvarps, Þorsteinn Þorsteinsson markaðsstjóri, Berglind

G. Bergþórsdóttir mannaútskjórn og Ingólfur Bjarni Sigfússon, nýmiðla- og vefstjóri.

Í tilkynningu er haft eftir Magnúsi Geir að til standi að leggja aukna áherslu á „innihaldið, dagskrána sjálfa og innlenda gæðaframleiðslu“. Jafnrétti milli kynja og út frá búsetu er sagt verða í forgangi og lagði Magnús Geir jafnframt áherslu á að dagskrá RÚV nái til nýrra kynslóða og að regluleg endurnýjun verði í hópi áhorfenda og hlustenda.

Nýtt skipulag og skipurit Ríkisútvarpsins, sem ætlað er að styðja við þessar áherslubreytingar, var samþykkt af stjórn RÚV á mánudag. Í nýja skipuritinu fær dagskrárhliuti starfseminnar auknið vægi, stoðsvið eru sameinuð og töluverð breyting verður á hlutverkum sviða Ríkisútvarpsins.

Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

Vesturland

Bílver
Innnesvegi 1 · 300 Akranes
Sími 431 1985

Bifreiðapjónusta Harðar
Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes
Sími 437 1192

Vélabær
Bæ · 311 Andarkilshreppur
Sími 435 1252

Kristinn Reynisson
Nýjabæ Bæjarsveit · 311
Borgarnes
Sími 4351232



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

NÝR PEUGEOT 2008

SJÁÐU UMHVERFIÐ Í NÝJU LJÓSI



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 3,4 til 4,5L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá 87 til 104.

PEUGEOT 2008 KOSTAR FRÁ KR. 3.130.000

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Dú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

LAMPAÚRVAL

RÝMINGARSALA

MÚR
BÚÐAR
VERÐ

Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
með perum

5.990

T38 vinnuljós með
38W CLF peru

~~5.290~~
3.695

Ryco LCL-M2 T8 lampi
2x36W 113 cm IP30
með perum

5.990

Ryco lampi með perum
hvítur spegill 2x36W

~~4.690~~

3.515



MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Pútín Rússaforseti innlimar Krímskaga

Vladímír Pútín segir Úkraínu nú stjórnað af „þjóðernissinum, nýnasistum, Rússahöturum og gyðingahöturum“. Sakar Vesturlönd um svik við Rússland. Segist þó ekki hafa neinn áhuga á að kljúfa Úkraínu og lofar að gera ekki innrás.

RÚSSLAND, AP „Í hjarta og huga fólks hefur Krímskagi alltaf verið óaðskiljanlegur hluti Rússlands,“ sagði Vladímír Pútín Rússlandsforseti þegar hann undirritaði ásamt leiðtogum Krímskaga samning um að innlima skagann í Rússland.

Sergei Aksjonov, forsætisráðherra á Krímskaga, og Vladímír Konstantínov, forseti þingsins á Krímskaga, undirrituðu samninginn ásamt Pútín við hátíðlega athöfn í Kreml, valdasetri rússnesku stjórnarinnar í Moskvu.


Pútín sagðist þó ekki hafa nein áform um að gera innrás á önnur svæði í Úkraínu: „Við viljum ekki kljúfa Úkraínu í tvennt, við þurfum þess ekkert,“ sagði hann.

Hann fór síðan hörðum orðum um Vesturlönd, sakaði þau um svik við Rússland og sagði þau hafa komið fram með ruddalegum, óábyrgum og ófagmannlegum hætti.

Hann sagði mótmælin í Úkraínu í vetur, sem urðu til þess að Viktor Janúkovítsj forseti hraktist þar frá völdum, hafa verið að undirlagi Vesturlanda í þeim tilgangi að grafa undan Rússlandi.

Nýja Úkraínustjórnin, sem tók við af Janúkovítsj, sé skipuð „þjóðernissinum, nýnasistum, Rússahöturum og gyðingahöturum“.

Vesturlönd hafa brugðist ókvæða



UNDIRRITUN Í KREML Vladímír Konstantínov, Sergei Aksjonov og Vladímír Pútín undirrita samning um innlimun Krímskaga í Rússland. NORDICPHOTOS/AFP

Úkraínur hermaður skotinn til bana

Talsmaður úkraínskra stjórnvalda sagði í gær að einn hermaður hefði verið skotinn til bana og tveir til viðbótar særst þegar vopnaðir menn, hliðhollir rússneskum stjórnvöldum, réðust á herstöð í Simferopol, höfuðborg Krímskagans, í gær. Yfirstjórn úkraínska hersins hefur heimilað hermönnum að beita vopnum í sjálfsvörn.

við þessum atburðum og hóta frekari refsiaðgerðum. „Heimurinn sér í gegnum aðgerðir Rússa og hefur hafnað hinni gölluðu röksemdafærslu,“ sagði Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, á fundi með leiðtogum Evrópuríkja í Póllandi.

Úkraínustjórn segir innlimun Krímskaga „ekkert hafa að gera

með lög eða lýðræði eða skynsamlega hugsun“, að því er Evhen Perebinis, talsmaður úkraínska utanríkisráðuneytisins, sagði á Twitter-síðu sinni: „Yfirlýsing Pútíns í dag sýnir skýrt og greinilega hvaða hætta hinum siðmenntaða heimi og alþjóðlegu öryggi stafar í raun af Rússlandi.“ gudsteinn@frettabladid.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

visir þú að...
börn eiga rétt á læknisástoð
og heilbrigðisþjónustu.




ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR

EYÐSLA AÐEINS 7,4 L/100 KM*

- Stærri en áður
- Eyðslugrenni en áður
- ESC skriðvörn
- TCS spólvörn
- Hátt og lágt drif
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- USB og AUX tengi
- Og margt fleira

Verð frá: **6.890 þús. kr. sjálfsk.**



DRÁTTARGETA:
3000 KG

Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbíllarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokkki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3000 kg.

BL

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Sjúkdóma- trygging

sem hægt er
að endurvekja



NÝJUNG
Á ÍSLANDI

OKKAR Sjúkdómatrygging XL er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

Fimm bótaflokkar

Tryggingunni er skipt upp í fimm bótaflokka eftir eðli sjúkdóma. Sé sótt um nýja tryggingu eftir greiðslu bóta er sá flokkur undanskilinn sem bætur hafa verið greiddar úr. Þannig er aðeins hægt að fá bætur einu sinni úr hverjum flokki.

Karlar og konur greiða sama iðgjald af Sjúkdómatryggingu XL, séu þau jafn gömul.

Kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400.

OKKAR líftryggingar - með þér alla ævi

Tyrkneska ríkið dæmt fyrir mannréttindabrot gegn Kúrda: Réttur brotinn á leiðtoga

TYRKLAND, AP Mannréttindadómstóll Evrópu segir tyrkneska ríkið hafa brotið gegn mannréttindum Abdullahs Öcalan, leiðtoga sjálfstæðisbaráttu Kúrda, þegar hann var dæmdur í ævilangt fangelsi án möguleika á náðun.

Tyrkland verði nú annaðhvort að gefa Öcalan möguleika á náðun eða ógilda ævidóminn. Jafnframt eigi tyrkneska ríkið að greiða Öcalan 25 þúsund evrur, eða tæplega þrjár milljónir króna, í skaðabætur.

Tyrkneskir sérsveitarmenn handtóku Öcalan í Kenía árið 1999



SITUR INNI Efnt var til mótmæla í Istanbúl í febrúar, þegar Öcalan hafði setið 15 ár í fangelsi.

NORDICPHOTOS/AFP og fluttu með leynd til Tyrklands, þar sem hann hann hefur verið í fangelsi síðan. - gb

Vistvænn kjúklingur á markaðinn í sumar

Fyrirtækið Litla gula hænana hyggst hefja sölu á vistvænum kjúklingi í sumar. Þetta verður í fyrsta sinn sem íslenskur vistvænn kjúklingur stendur neytendum til boða.

LANDBÚNAÐUR Vistvænn kjúklingur hefur aldrei verið framleiddur hér á landi, en þessu ætla fyrirtækið Litla gula hænana að breyta. Elva Björk Bjarkardóttir, Margrét Gunnarsdóttir og Jóna Margrét Kristinsdóttir, stofnendur fyrirtækisins, sáu tækifæri til nýbreytni og gripu það.

Fyrirtækið, sem hefur höfuðstöðvar í Gunnarshólma við Suurlandsveg, stendur nú í framkvæmdum á gamla bóndabýlinu sem þar stendur. Framleiðsla hefst í sumar milli júní og ágúst, ef allt fer eftir áætlun. Íslenskir neytendur hafa ekki getað valið um að kaupa vistvænan, íslenskan kjúkling hingað til, þar sem varan hefur ekki verið á boðstólum.

Vistvæn ræktun felur það í sér að mun færri kjúklingar eru á hvern fermetra, og að fuglarnir hafa frjálsan aðgang að útisvæði. Þetta gefur þeim frekari tækifæri til eðlislægrar hegðunar, eins og að kroppa í jörðina og leita sér skordýra. „Okkur er annst um dýr, og við viljum að kjúklingarnir okkar hafi það sem allra best á þessari stuttu ævi sinni,“ sagði Elva Björk í viðtali við Fréttablaðið. „Við erum núna að skoða möguleika á að fara aðrar leiðir í fóðri. Okkur langar að gefa þeim óerfðabreytt eða lífrænt fóður.“

Kjúklingarnir verða að sögn Elvu alveg jafn stórir og óvistvænir kjúk-



VISTVÆN RÆKTUN Framkvæmdir standa nú yfir í Gunnarshólma.

MYND/RAFN SIG

lingar, ef ekki stærri. Vistvænir kjúklingar lifa lengur, þar eð þeir lifa lengur í vistvænu umhverfi. Mörgum finnst bragð af vistvænum kjúklingum frábrugðið hinum venjulegu. „Það er náttúrulega misjafnt, en almennt séð vill fólk meina að hann sé bragðmeiri, og sjálfri finnst mér vera sterkara bragð af honum,“ segir Elva.

Vistvænu kjúklingarnir verða einhverju dýrari, þar eð framleiðslan er kostnaðarsamari, en Litla gula hænana mun hafa fram-

leiðslugetu upp á 4.000 kjúklinga eða svo. Fyrirtækið á í viðræðum við fjölda matvöruverslana enda ný vara sem slík og mjög eftirsótt. „Varan okkar verður seld í ýmsum verslunum, og seinna meir erum við jafnvel að skoða að selja beint frá býli líka, þá getur fólk komið á svæðið og keypt beint af okkur.“

Hægt er að fylgjast með starfsemi og þróun fyrirtækisins á samnefndri Facebook-síðu Litlu gulu hænunnar sem og vefsíðu, www.litlagulahaenan.is. karl@frettabladid.is

i30 Wagon, dísil

Rúmgóður og sparneytinn

Hyundai i30 Wagon - Verð: 3.590.000 kr.
Eldsneytisnotkun 4,1 l/100 km.*

1,4 dísil, beinskiptur / Aksturstölvu / ABS hemlar með hemlajöfnun / Stöðugleikastýring / 6 loftpúðar / aðgerðahappar í stýri / úthitamatelir / AUX/USB tengi / armpúðar á framsætum / hiti í sætum / ljóskastarar í framstuðara / ISOFIX barnabílstólsfestingar / HAS brekkuhemill

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



HELLISHEIÐARVIRKJUN Loftmengun stafar frá orkuverinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orkuveitan gefi skýringar:

Gerir grein fyrir loftmengun

UMHVERFISMÁL Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs hefur tekið undir samþykkt Heilbrigðisefntirlitsins um loftmengun í Lækjarbotnum. Nefndin vill að Orkuveitan geri grein fyrir aðgerðaáætlun á svæðinu.

„Heilbrigðisnefnd telur í ljósi mælinga sem fram hafa farið á styrk brennisteinsvetnis í Lækjarbotnum í Kópavogi fyllstu ástæðu til að rekstraraðili orkuversins á og við Helliheiði láti framkvæma á sinn kostnað ítarlega kortlagningu á mengun á svæðinu, svo gengið verði úr skugga um að rekstri skóla og íbúðabyggð sé óhætt að vera á svæðinu við óbreyttar aðstæður.“

- gar

Happdrætti HÍ áttrett í ár:

Opnar nýja afmælisvefsíðu

SAMFÉLAGSMÁL Happdrætti Háskóla Íslands hefur opnað sérstaka afmælisvefsíðu, hhi.is/80, í tilefni 80 ára afmælis happdrættisins. Þar má finna margvíslegar upplýsingar um það hverju happdrættið hefur áorkað frá því að fyrsti útdrátturinn fór fram í mars 1934.

Happdrættið hefur fjármagnað um 20 byggingar HÍ og lagt til á bilinu 600 til 800 milljónir til byggingaframkvæmda, viðhalds, tækjakaupa og annars.

- js

Má bjarga ofurskuldsettum:

Fær grænt ljós

PÝSKALAND, AP Þýski stjórnlagadómstóllinn hefur gefið grænt ljós á þáttöku Þýskalands í efnahagslegum björgunaraðgerðum á evrusvæðinu. Þýska stjórnin má því taka þátt í að koma ofurskuldugum evrulöndum út úr bráðavanda.

Eftir að evrurikin ákváðu að koma Grikklandi og fleiri nauðstöddum evruríkjum til aðstoðar vöknðu spurningar í Þýskalandi um það hvort fjárskuldbindingar þýska ríkisins í þessu skyni stæðust þýsku stjórnarskrána.

- gb

Mikill snjór á skíðasvæði:

Oddskaði opið fram í júní

ÚTIVIST Vegna óvenju mikilla snjóá á skíðasvæðinu í Oddskaði og þess að veðurfar og bilanir í snjótroðara hafa sett strík í reikninginn hjá skíðafólki í vetur er áætlað að lengja tímabilið og hafa svæðið opið um helgar í maí og júní.

Samkvæmt minnisblaði íþrótt- og tómstundafulltrúa Fjarðabyggðar er áætlað að hafa lyftu eitt og topplyftu opna föstudag til sunnudags í níu helgar. Kostnaður er áætlaður 3,6 milljónir króna en tekjur á móti 1,8 milljónir. Bæjarráð samþykkti að leggja 1,5 milljón í verkefnið.

- gar



Á SKÍÐUM Níu helgar bætast við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Unaðsspítalinn í Búrkína Fasó fær ekki rekstrarleyfi og stendur því tómur: Umskornar konur bíða aðgerða

BÚRKÍNA FASÓ Umskornar konur í Búrkína Fasó bíða nú eftir því að spítali sem sérhæfir sig í aðgerðum til að laga kynfæri kvenna sem afskræmd hafa verið með umskurði verði opnaður. Spítalinn átti að opna 7. mars síðastliðinn en stjórnvöld í landinu neita að veita stofnuninni rekstrarleyfi. Þetta kemur fram á vef BBC.

Spítalinn var byggður fyrir fé sem bandaríska samtökin Clitoraid söfnuðu en hann er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Samkvæmt frétt BBC um málið biður

nú fjöldi kvenna eftir því að komast í aðgerð á spítalanum.

Aðgerðin á að lina þjáningar umskorinna kvenna og auka ánægju í kynlífi.

Spítalinn nefnist á frummálinu Kamkaso eða Hús kvenna en hefur jafnframt verið kallaður Unaðsspítalinn.

Heilbrigðisráðuneyti Búrkína Fasó segir ástæðu þess að leyfi fái ekki veitt vera að nauðsynleg gögn skorti frá spítalanum. Ráðherra heilbrigðismála þar í landi hefur þó látið hafa eftir sér

að „heilbrigðisstofnanir eigi að einbeita sér að því að bjarga lífi í stað þess að stunda trúboð hjá þeim sem minna mega sín“.

Clitoraid hefur gefið út að kaþólska kirkjan í Búrkína Fasó standi gegn opnun spítalans. Samtökin halda því fram að kirkjan standi gegn unaði og ánægju kvenna.

Teymi bandarískra lækna sem starfað hefur í landinu um nokkurt skeið við svipaðar aðgerðir hefur verið gert að yfirgefa landið og atvinnuleyfi þeirra verið rift.

- ssb



MANNRÉTTINDABROT Rannsókn á vegum WHO, alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar, sýndi að 93 prósent kvenna í Búrkína Fasó hefðu undirgengist einhvers konar umskurð. MYND/BARNAHEILL



HVERNIG GERAST KAUPIN Á EYRINNI?

Opin ráðstefna í tengslum við aðalfund SVP haldin á Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 20. mars kl. 15.00

15.00 Ræða formanns SVP: **Margrét Kristmannsdóttir**

Ávarp ráðherra: **Ragnheiður Elín Árnadóttir**, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

When retail goes multichannel: risks and opportunities. Michel Koch, E-Commerce Director UK and International at Maplin Electronics

Ríkisrekstur eða einkarekstur. Kynning á nýrri skýrslu SVP um úthýsingu verkefna. Orri Hauksson, forstjóri Símans hf.

17.00 Ráðstefnulok og léttar veitingar

Jóhannes Kristjánsson, eftirherma mætir á svæðið

Ráðstefnustjóri: **Sigríður Anna Guðjónsdóttir**, skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar

Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000



Margrét Kristmannsdóttir



Ragnheiður Elín Árnadóttir



Michel Koch



Orri Hauksson



Jóhannes Kristjánsson



Sigríður Anna Guðjónsdóttir



Samtök verslunar og þjónustu

„Evrópustefnan“ nefnir ekki tvö stór vandamál:

Er EES-leið greið?

Ríkisstjórnin kynnti í síðustu viku þunnt plagg sem er kallað Evrópustefna. Þar er lögð megináherzla á að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verði áfram þungamiðjan í samskiptum Íslands og ESB. Í „Evrópustefnunni“ er meðal annars lögð mikil áherzla á að tryggja skilvirka framkvæmd EES-samningsins og vinna upp þann hala af EES-reglum sem Ísland hefur ekki innleitt í íslensk lög. Þetta segir ríkisstjórnin nauðsynlegt til að uppfylla markmið EES um „einsleitni löggjafar allra samningsaðila“ sem er réttilega sögð „ítrústi hagsmunir“ íslenskra einstaklinga og fyrirtækja. Sumum í stjórnarliðinu kynni þó að vera tamara að kalla þessa vinnu aðlögun að reglum ESB, sem Íslendingar taka við án þess að um nokkuð sé að semja.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Athygli vekur að í „Evrópustefnunni“ er ekkert talað um tvö önnur stór vandamál sem munu snúa að framkvæmd EES-samningsins hvað Ísland varðar á næstu árum. Þau voru hins vegar til umfjöllunar í fréttaskýringu í Fréttablaðinu í gær.

Í fyrsta lagi blasir við að vegna gjaldeyrishaftanna mun Ísland um fyrirsjáanlega framtíð ekki geta uppfyllt ákvæði um frjálsa fjármagnsflutninga, eina af fjórum meginstöðum innri markaðar ESB. Innan Evrópusambandsins er farið að spyrja spurninga um hversu lengi það ástand geti varað. EFTA-dómstóllinn hefur úrskurðað að Ísland hafi verið í rétti að beita öryggisákvæðum samningsins og setja á gjaldeyrishöft, en ríki sem vill vera hluti af sameiginlegu markaðssvæði getur ekki endalust haft undanþágu frá einni grunnstöð þess.

Annað og jafnvel meira aðkallandi úrlausnarefni er að ýmsar reglur ESB sem eru á leið inn í EES-samninginn fela í sér svo drjúgt valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana að nauðsynlegt mun reynast að breyta stjórnarskránni til að hún heimili það. Það á til dæmis við um reglurnar um sameiginlegt bankaefirlit.

Þegar það mál kom fyrst til umræðu vorið 2012 sögðu leiðtoga núverandi stjórnarflokka, þeir Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, í samtölum við Fréttablaðið að það væri engan veginn sjálfgefið að menn stykkju til og breyttu stjórnarskránni. Nær væri að reyna að ná samningum við ESB. „Fyrst og fremst hljótum við að láta reyna á það til fulls þegar svona tilvik koma upp að fá undanþágur sem henta okkar veruleika“, sagði Bjarni þá. Þetta virðist nú áfram vera stefnan.

Óneitanlega er athyglisvert að þeir félagar telji líklegra að undanþágur fáiast í samningum við ESB um EES-reglur en í aðildarviðræðum, af því að prinsipið er það sama; einsleitni löggjafar sem tryggi að allir sitji við sama borð. Raunar er ekki líklegt að ESB vilji sleppa EFTA-ríkjunum við sameiginlegt bankaefirlit. Slíkt eftirlit hefði til dæmis komið í veg fyrir að Icesave yrði nokkurn tímann það stórmál sem á endanum varð.

„Evrópustefnan“ gefur ekki til kynna að ríkisstjórnin átti sig á því að EES-leiðin er engan veginn bein og greið. Líðki Ísland ekki til fyrir upptöku nýrra EES-reglna, meðal annars með stjórnarskrárbreytingum, getur það þýtt að samningnum verði að hluta til kipt úr sambandi, með tilheyrandi skaða fyrir íslenska hagsmuni. Og vilji Ísland ekki þiggja allar reglur hráar frá Brussel, mun reyna á samningsvilja ESB – nokkuð sem margir í stjórnarliðinu segja að sé ekki til.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vel undirbúinn ráðherra
Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks í Suðurlandshéraði, bar upp í óundirbúnum fyrirspurnartíma í gær spurningu til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra. Spurði hann út í frumvarp um aukna siglingavernd og flugöryggismál og fékk nokkuð ítarlegt svar. Vakti þetta athygli Svandísar Svavarsdóttur, þingmanns Vinstri grænna í Reykjavík suður, en hún hefur verið dugleg að nýta sér samfélagsmiðla til að koma á framfæri fregnum af þingstórfum. „Vilhjálmur Árnason spyr Hönnu Birnu óundirbúið og hún er óvart

með svar á blaði,“ benti Svandís á í færslu á Twitter.

Ráðherra fjarri góðu gamni
Þingmenn stjórnarandstöðunnar kvörtuðu við upphaf fundar í gær yfir viðvarandi fjarveru forsætisráðherra. Hann hafi á kjörtímabilinu bara tekið þátt í einni sérstakri umræðu og sé alla jafna fjarri í óundirbúnum fyrirspurnartíma. Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Bjartrar framtíðar í Suðvesturkjördæmi, kvaðst búinn að gefast upp, enda búinn að bíða frá því í janúarlök og breytti beiðni sinni þannig að Bjarni Benediktsson

son fjármálaráðherra yrði frekar fyrir svörum.

Kannski er lag á fimmtudag
Samkvæmt dagskrá sem birt er á heimasíðu Alþingis kann þó að vera lag fyrir þingmenn að eiga orðastað við forsætisráðherra á morgun, fimmtudag, því þá eiga að vera til svara í óundirbúnum fyrirspurnartíma forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra, utanríkisráðherra og innanríkisráðherra. olikr@frettabladid.is



HALLDÓR



Hugmyndir sem ekki standast

HEILBRIGÐIS-MÁL



Katrín Jakobsdóttir formaður Vinstri grænna

Formaður ráðgjafaráðs Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, Ragnar Árnason, birti grein undir yfirskriftinni „Samfélagsleg skaðsemi opinberra heilbrigðistrygginga“ í nýjasta tölublaði Hjálmars, blaðs hagfræðinema við Háskóla Íslands.

Hann leggur þar út af þeirri reglu að rétt verð sé lykilatriði innan hagfræðinnar og því eigi að gjalda varhug við opinberum niðurgreiðslum á kostnaði og segir að það skjóti því skökku við „þegar stórkostlegar niðurgreiðslur á heilbrigðisþjónustunni, sem er mjög veigamikill þáttur í framleiðslu og neyslu samfélagsins, eru ekki aðeins látnar með öllu afskiptalausar í þessari baráttu fyrir hagkvæmni heldur gerðar að samfélagslegri dyggð“. Niðurstaða Ragnars er að „opinberar heilbrigðistryggingar rýra hag meðalmannsins í samfélaginu og þar með samfélagsins í heild“.

Niðurstaða Ragnars að hagar meðalmannsins sé mælikvarði á hag samfélagsins stenst ekki og endurspeglar fyrst og fremst ákveðna pólitíska sýn um að ekki séu til almennagæði sem allir eigi tilkall til. Það er auðvitað pólitísk ákvörðun en ekki hagfræðilegt reikningsdæmi hvort hér sé samfélag þar sem allir, ekki aðeins meðalmenn og hinir efnadri, geta sótt sér heilbrigðisþjónustu og menntun. Almanna-

gæði eru ekki aðeins náttúruauðlindir heldur líka gæði á borð við heilbrigðisþjónustu og menntakerfi sem samfélagið hefur skapað á þeim grundvelli að allir fái tækifæri til að lifa með reisu.

Ef við samþykkjum að það sé hagar samfélagsins að allir fái slík tækifæri þá skiptir líka máli að kerfið sem við höfum byggt upp hér er félagslegt heilbrigðiskerfi. Kostnaður félagslegra heilbrigðiskerfa er minni en skyldtryggingakerfa eins og t.d. í Frakklandi og Þýskalandi en langdýrust fyrir samfélagið eru einkarekstrarkerfi á borð við hið tvöfalda kerfi Bandaríkjanna. Við þetta bætist að félagsleg heilbrigðiskerfi eru skilvirkust og árangursríkust þegar við metum lýðheilsuárangur á móti kostnaði (og er þá átt við ævilengd, ófimaþær dauðsföll, ungbarnadauða o.fl.).

Það er verulegt áhyggjuefni að helsti ráðgjafi fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins boði slíka stefnu dulbúna sem hagfræði og dragi af henni ályktanir sem ekki standast. Ráðherra hefur sjálfur ekki tekið undir þessa speki en í máli hans á Alþingi í gær kom fram að hann væri sérstakur áhugamaður um aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu þannig að það er ljóst að ríkisstjórnin stefnir í átt til aukinnar einkavæðingar á grunnþjónustu samfélagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



VÖXTUR Í FERÐAÞJÓNUSTU ER MATURINN TILBÚINN?

HÓTEL SÖGU FIMMTUDAGINN 20. MARS KL. 12.00-16.30

Íslendingar sjá fram á fjölgun ferðamanna í nánustu framtíð. Hvernig getum við þróað matarferðamennsku og erum við tilbúin til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til okkar?

Opin ráðstefna um mat og ferðaþjónustu.

Nánari upplýsingar og skráning á si.is

Aðgangur er ókeypis.



Aftur eða fram

Argentína er að sögn eina landið, sem farið hefur þróunarferilinn aftur á bak, þ.e. frá velmegun í fátækt. Á sínum tíma var Argentína ríkara þjóðfélag en Þýskaland eða Frakkland en er nú ekki hálfdrættingur þeirra. Hagstjórn Argentínu síðustu áratuginna er saga síundurtekinna mistaka óábyrgtrar stjórnálaforystu. Eftir endurtekin kreppuskeið hefur tekið við óbeislaður fjáraustur hins opinbera, mikil skattlagning á útflutning og víðtæk innflutningshöft. Enn gætir áhrifa af því pólitíska þjóðernisrugli, sem kennt er við þau Juan og Evitu Perón og að allt hið illa komi frá spákaupmennsku stórvelda eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Óreiða Argentínu hefur líka grafið undan Mercosur, tollabandalagi grannríkja. Minnisstæð er heimsókn til Úrúgvæ, þá er bjartsýni ríkti um framtíð þessa efnahagssamstarfs og að Montevídeó fengi sama hlutverk og Brussel í ESB.

Sé litið til Evrópusambandsins er Eistland dæmi til hins gagnstæða. Eftir að Eistar komust undan yfirráðum Sovétríkjanna 1991 greip ríkisstjórn ungra fullhuga, 35 ára að meðalaldri, af festu til aðgerða og tryggði aðild að NATO og Evrópusambandinu. Ánægju- og lærdómsríkt var að vera samtíða fyrsta sendiherra þeirra í Washington, Toomas Henrik Ilves, nú forseta Eistlands. Uppbygging þeirra byggði á einkavæðingu, frjálsum viðskiptum, ábyrgri fjármálastefnu með jöfnum tekjuskatti, nú 21%.

EFNHAGSMÁL



Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Þá var efnahagsvanda árunna 2008-2009 svarað með miklum samdráttaraðgerðum í niðurskurði ríkisútgjalda og evran varð lögryr í Eistlandi. Á árunum 2010-2013 var hagvöxtur að meðaltali um 4%. Eistland er í fremstu röð landa heims í tæknivæðingu og laðar til sín erlenda fjárfesta.

Lexía fyrir okkur?

Gæti þróun Argentínu og Eistlands hugsanlega verið lexía fyrir okkur sem erum enn önnur þjóðfélagsgleg útgáfa? Væntanlega verður að draga þá ályktun, að utan ytri skilyrða sé það mannlægi þátturinn sem skilur milli þjóða í árangri. Þjóðfélagsglegur þroski birtist í ábyrgu og heiðarlegu stjórnmalalífi, sem leiðir til trausts á að stefna stjórnvalda vinni að almannaheill. Því fylgir skilningur á því að stefnumörk í hagstjórn, eins og ESB leitast við að ná, séu til heilla. Og er ekki þar að finna margrædda gjá milli þjóðar og þings á Íslandi?

Víst er spillingin í Suður-Ameríku mikil, en þá má líka spyrja hvort Íslendingar séu þar sögulegir sakleysingar. Það er nú að falla í gleymsku að tveir stærstu stjórnmalaflokkar landsins stunduðu í áratugi svokölluð helmingaskipti, sem þá voru tryggð með fjárfestingar- og innflutningsleyfaveitingum, skipun bankastjóra, fjáraustri sitt á hvað í sveitakjördæmin o.s.frv.

Nú horfir Eistland til bjartrar framtíðar í Myntbandalagi Evrópu. Þeir lögðu á sig þann aga að

→ Þjóðfélagsglegur þroski birtist í ábyrgu og heiðarlegu stjórnmalalífi, sem leiðir til trausts á að stefna stjórnvalda vinni að almannaheill.

mæta Maastricht-skilyrðunum til upptöku evrunnar varðandi verðbólgu, ríkisskuldur, viðskiptahalla og hagvöxt. Það er einmitt þetta verkefni sem okkur ber að leysa sem aðildarríki að ESB. Á því ríður framtíðarheill Íslands en ekki í niðurstöðum samninga um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál ef þeir verða okkur aðgengilegir svo sem forystumenn Evrópusambandsins hafa tekið fram. Þeir bíða þolinmóðir eftir því að við tökum upp þráðinn á ný. Við blasa erfiðustu verkefni sem Íslendingar hafa þurft að glíma við. Það er að losna úr heljargreipum ónýts gjaldmiðils, sem fest hefur landið í höftum lamandi efnahagslífið og framfarir. Um afnám gjaldeyrishaftanna og uppgjör búa föllnu bankanna, hefur Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagt: „Ég held að það sé mikilvægt að menn hafi það í huga að þetta er mjög stórt og flókið mál, þarna fáum við eitt skot og það verður að heppnast.“

Ekki vil ég trúá að að Ísland verði viðskila við Evrópusambandið þegar meirihluti þjóðarinnar vill sjá og taka afstöðu til aðildarsamnings í þjóðaratkvæði. Án þeirrar aðildar og nýs gjaldmiðils myndum við dragast ört aftur úr og fljótlega lenda í einhverju fyrra þróunarstigi vegna atgervisflóttu og vöntunar fjárfestinga.

Svikalogn á Alþingi?

Aðferðin sem ríkisstjórnin ætlaði að nota til að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka, ber ekki eingöngu vott um yfirgangsssemi og flumbrugang, heldur ber hún einnig vott um það versta í íslenskri pólitík, sem er „sáúð þig hvernig ég tók hann“-hugarfarið.

Þessi hugsun, að upphaflega sjálfan sig en reyna að niðurlægja andstæðinginn í stað heiðarlegrar baráttu þar sem annar verður undir, gengur nú aftur í boði ríkisstjórnarinnar í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr.

Sáúð þig hvernig ég tók hann?

Mótstaðan gegn háttarni ríkisstjórnarinnar reyndist meiri en hún átti von á svo nú hefur verið skipt um taktík. Í stað þess að keyra málið í gegn, áður en lokið var umræðu um skýrslu Hagfræðistofnunar (sbr. „sáúð þig hvernig ég tók hann“-aðferðina) eins og upphaflega stóð til, þá þykir nú ekkert tiltökumál að gefa málinu allan þann tíma sem það útheimtir í nefnd og umfjöllun innan þings sem utan. Skyndileg stefnubreyting vekur grunsemdir um hvort eitthvað annað en virðing fyrir eðlilegum starfsháttum Alþingis búi hér að baki.

Að mæla fagurt en hyggja flátt

Ég get mér til að ríkisstjórnin meti málin svo að það versta

STJÓRN MÁL



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

→ Skyndileg stefnubreyting vekur grunsemdir um hvort eitthvað annað en virðing fyrir eðlilegum starfsháttum Alþingis búi hér að baki.

sem geti hent stjórnarflokka úr þessu sé slæm útkoma úr sveitarstjórnarkosningunum í maí. Það tap sé að mestu komið fram, og því verði að taka eins og hverju öðru hundsbiti. Nú sé heppilegra að „mæla fagurt en hyggja flátt“. Fram að kosningunum muni talsmenn flokka-anna því tala á þeim nótum að tillaga ríkisstjórnarinnar verði dregin til baka og efnt til þjóðaratkvæðis.

Að afloknum kosningum í vor verði svo aftur farið á fullt, sagt að engu hafi verið lofað og aðildarviðræðunum við ESB slitið í trausti þess að þegar næst verði kosið til þings þá verði kjósendur búnir að gleyma framkomu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í þeirra garð. Viljum við trúá því að óreyndu að loforð gefin einstaklingi í Hádegismóum og öðrum á Saudárkróki vegi þyngra en loforð sem fimm ráðherraefni Sjálfstæðisflokksins gefa alþjóð frammi fyrir sjónvarpsvélum kvöldið fyrir kjördag?

Horft til framtíðar í uppbyggingu raforkuflutningskerfisins

Opinn kynningarfundur Landsnets

Landsnet býður til fundar um stöðu og framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi. Einnig verður staða jarðstrengjamála rædd og kynnt fyrirkomulag þeirra mála í Danmörku og Noregi.

Fundarstaður: Hilton Reykjavík Nordica, 1. hæð,
20. mars 2014 kl. 9:00-11:30.

Morgunhressing frá 8:30 og á fundi.

Skráning á www.landsnet.is eða í síma 563 9430.

Allir velkomnir!

Dagskrá:

Áskoranir næstu ára

Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets.

- Grundvöllur bættar lífskjara er aukin verðmætasköpun.
- Dreifing raforku um landið í ljósi umræðu um verndun náttúrunnar.
- Hvaða breytingar þurfa að verða á rekstrarumhverfi Landsnets til að auka hagkvæmni flutningskerfisins.

Þyngri rekstur, ný kynslóð mannvirkja

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets.

- Óviðunandi rekstur raforkukerfisins – aðgengi að öruggri raforku háð búsetu.
- Nútímalegri hönnun háspennumastra og tengivirkja.

Flutningskerfið þarf að styrkja í sátt við samfélagið

Guðmundur I. Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets.

- Forgangsröð framkvæmda – Sprengisandslína?
- Jarðstrengir – mismunandi útfærslur sem koma til greina á Íslandi.

Stefna Noregs í jarðstrengjamálum

Tanja Midtsian, frá NVE (Orkustofnun Noregs).

- Loftlínur á hærri spennustigum.
- Skipulagsvald raforkumála á einni hendi.

Stefna Danmerkur í jarðstrengjamálum

Jens Møller Birkebæk, frá Energinet.dk.

- Þéttbýlt land sem gengur hvað lengst í heiminum í lagningu jarðstrengja.
- 400 kV í loftinu í dag – gætu farið í jörð í framtíðinni.

Ávarp

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri:

Þorgeir J. Andrésson, skrifstofustjóri Landsnets.

Bein útsending á www.landsnet.is



Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, ömmu, langömmu og tengdamömmu,

**RAGNHEIÐAR SVEINFRÍÐAR
SÓLEYJAR ÁRNADÓTTUR**
frá Bolungarvík,
Vesturgötu 28, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar Landspítalans fyrir góða og nærgætna umönnun. Einnig eru Ingvari Hólmgeirssyni færðar sérstakar þakkir fyrir harmóníkuleik við kirkjuathöfn, en harmóníkan var hennar upphaldshljóðfæri.

**Kristrún Árný Sigurðardóttir
Árni Jónsson Sigurðsson
Jón Sævar Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

**Stefán Ragnar Einarsson
Sjöfn Þórðardóttir**



PETTA GERÐIST: 19. MARS 1908

Kona talar á bæjarstjórnarfundum í Reykjavík

Á þessum degi árið 1908 tók kona í fyrsta sinn til máls á bæjarstjórnarfundum í Reykjavík. Konan var Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem lagði til að fé yrði veitt til sundkennslu fyrir stúlkur og var tillagan samþykkt.

Bríet fæddist árið 1856 á Haukagili í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu og var ötul baráttukona fyrir réttindum kvenna.

Hún var einn af stofnendum Hins íslenska kvenfélags árið 1894 og hóf útgáfu á Kvenna-bláinu árið eftir og gegndi stöðu ritstjóra þess fram til ársins 1926.

Bríet var upphafsmaður að stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 á heimili sínu og var formaður félagsins frá 1907 til

1911 og aftur á árunum 1912 til 1927. Þá var hún ein fjögurra kvenna sem voru fyrstar kosnar inn í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1908. Hinar konurnar voru Guðrún Björnsdóttir, Katrín Magnússon og Þórunn Jónassen en þær buðu fram sérstakan kvennalista.

Bríet hlaut riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1928 og var fyrsta nafngreinda konan á frimerki á Íslandi, árið 1978. Hún lést í Reykjavík þann 16. mars árið 1940.

Árið 2007 afhjúpaði Kvenréttindafélag Íslands minnisvarða um Bríeti við hátíðlega athöfn en minnisvarðinn stendur á fæðingarstað hennar að Haukagili.



BARÁTTUKONA Bríet lét til sín taka hvað varðaði réttindi kvenna.

-lkg



Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

EINARS EGGERTSSONAR
skipstjóra,
Katrínarlind 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fá heimahjúkrun Karitas, starfsfólk 11E LSH og líknardeildar LSH Kópavogi.

**Eggert Ólafur Einarsson
Magnea Einarsdóttir
Unnur Einarsdóttir
Áslaug Einarsdóttir**

**Þorsteinn Sverrisson
Jóhannes Helgason
Gunnlaugur Helgi Jóhannsson**
og fjölskyldur.



Starfar við hlið Sigrúnar

Nicola Lolli hefur verið ráðinn fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Hinn ítalski Nicola Lolli hefur verið ráðinn fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands en hann tekur formlega við stöðunni í apríl. Mun hann gegna stöðunni við hlið Sigrúnar Eðvaldsdóttur, eins þekktasta fiðluleikara landsins. Sigrún hefur gegnt stöðu fyrsta konsertmeistara við sveitina frá árinu 1998. Hún hefur oft komið fram sem einleikari með hljómsveitinni og var meðal annars sæmd Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar árið 1998.

Nicola hefur setið í sæti fyrsta konsertmeistara á nokkrum tónleikum sinfóníuhljómsveitarinnar á þessu starfsári.

Nicola er fæddur á Ítalíu árið 1980 og er menntaður í fiðluleik frá tónlistarháskólunum í Vín, Lübeck og Ganz. Undanfarið hefur hann verið aðstoðarkonsertmeistari hjá Santa Cecilia-sinfóníuhljómsveitinni í Róm, einni þekktustu sinfóníuhljómsveit á Ítalíu sem var stofnuð árið 1908. Auk þess hefur hann verið konsertmeistari Salieri-kammersveitarinnar í sömu borg.

liljakatrin@frettabladid.is



**MENNTAÐUR
FIÐLULEIKARI**
Nicola er fæddur á Ítalíu árið 1980.
MYND/
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
LAUFY BERGRÓS ÁRNADÓTTIR
Lögmanshlíð, Akureyri,

lést sunnudaginn 9. mars.
Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Árni Ketill Friðriksson
Arnar Magnús Friðriksson**
ömmu- og langömmubörn.

Gígja Hansen



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

BORGHILDAR STEFÁNSDÓTTUR
(BOGGU)
Drekavöllum 14, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir sendum við þeim sem greiddu götu hennar í gegnum tíðina.

**Sigríður Stefánsdóttir
Elinborg S. Kjærsted**
og systkinabörn.

Simon Kjærsted



FANNÝ SIGURÐARDÓTTIR
Birkivöllum 1, Selfossi,

lést á Ljósheimum mánudaginn 17. mars.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Ómar Halldórsson



Ástkær eiginmaður minn,
ÞORSTEINN KARL GUÐLAUGSSON
Hrafnhólum 6, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, laugardaginn 15. mars sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigurros Helgadóttir
börn, fósturdætur, tengdabörn, barnabörn
og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir og amma,

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR
Hrafnistu v/Brúnaveg,
áður Hátúni 4, Reykjavík,

lést sunnudaginn 16. mars. Útför hennar verður gerð frá Bústaðakirkju föstudaginn 21. mars kl. 13.00.

Reynir Sverrisson

Vilborg Jóhannsdóttir
Símon Björnsson
Björg Guðmundsdóttir

og ömmubörnin.



Hjartkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
LOFTUR HILMAR LOFTSSON
Suðurgötu 53a, Hafnarfirði,

lést 14. mars. Hann verður jarðsönginn frá Garðakirkju, Álftanesi, föstudaginn 21. mars klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Guðbjörg Jónsdóttir
Jón Borgar Loftsson
Loftur Steinar Loftsson
Þórhildur Loftsdóttir**
og barnabörn.

Þórhildur Brynjólfsson



Frændi minn og vinur,
GÍSLI Þ. SIGURÐSSON
Hópi, Eyrarbakka,

sem lést 10. mars, verður jarðsönginn frá Eyrarbakakirkju laugardaginn 22. mars kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Magnús B. Sigurðsson



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,
BJÖRG INGVARSDÓTTIR
frá Balaskarði,
Lyngholti 17, Keflavík
og Njarðarvöllum 6, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 15. mars sl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 25. mars kl. 13.00.

**Andrés I. Guðmundsson
Benedikt Á. Guðmundsson**
og barnabörn.

Bergljót Kristinsdóttir
Helena Gunnarsdóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

STEFÁN HELGASON
fyrirverandi leigubílstjóri,
Kringlumýri 25, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 13. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 21. mars kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Hlíð.

**Helga Alfreðsdóttir
Svala Stefánsdóttir
Fjola Stefánsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Markús Hávarðarson
Skúli Ágústsson



Granithöllin Legsteinar

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Granithöllinni

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888 www.granithollin.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST LADY 31

ROLEX

M

MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. mars 2014 | 24. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**
UMHVERFIÐ!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



KONUR SITJA EFTIR Í FJÁRFESTINGUM

→ Viðtal við Barböru Stewart fjármálasérfræðing sem hefur rannsakað konur og fjárfestingar.

→ Segir konur eiga að byrja að fjárfesta og kynna sér félög á markaði.

→ Fjárfestingahegðun beggja kynja er sláandi lík.

SÍÐA 6-7

Gefur út jarðvangaöpp

Íslenska hugbúnaðarfyrtækið Locatify hefur gefið út öppin Gea Norvegica og Magma Geopark í samstarfi við jarðvanga í Noregi. Smáforritin gera notendum kleift að setja upp sín eigin leiðsögu- og ratleikjaforrit og hægt er að hlaða niður snjalleiðsögnum, hlusta á frásagnir, skoða myndir og kort án þess að vera á söguslóðum eða nota GPS til að virkja efnið sjálfkrafa á réttum stöðum.

Locatify hefur áður gefið út leiðsagnarforritið SmartGuide North Atlantic sem hefur verið notað til að setja upp leiðsagnir víða um Ísland og á Norðurlöndunum. Þá hefur fyrirtækið gefið út ratleikjaforritið TurfHunt sem hefur verið notað til að setja upp ratleiki fyrir skóla og starfsmannafélög þar sem leikendur keppa utandyra til sigurs.

- sáþ

Bifröst og KPMG í samstarf

Háskólinn á Bifröst og KPMG hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér víðtækt samstarf til eflingar á faglegri þekkingu nemenda, kennara og starfsmanna KPMG á sviði opinberrar stjórnsýslu, reikningshalds, endurskoðunar og skattaréttar. Markmiðið er að efla námsframboð Háskólans á Bifröst og styðja við atvinnuuppbyggingu á starfssvæði KPMG á Vesturlandi. KPMG leggur mikið upp úr þjónustu á landsvísi og er með starfsstöðvar víða um land, m.a. í Borgarnesi og í Stykkishólmi. Sérfræðingar KPMG munu koma að kennslu við Háskólann á Bifröst, styðja valda nemendur við gerð lokaverkefna og taka þátt í rannsóknarvinnu og kynningu rannsókna.

- sáþ

Velta eykst í flestum greinum

Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi á síðustu tveimur mánuðum ársins 2013 nam tæpum 590 milljörðum króna, en það er fimm prósent aukning frá sama tímabili árið 2012 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Heildarvelta árið 2013 nam rúmum 3.340 milljörðum króna og jókst um 3,3 prósent frá fyrra ári.

Velta hefur aukist í flestum atvinnugreinum á milli ára, en mest í námugreftri og vinnslu hráefna úr jörðu, rekstri á gisti- og veitingastöðum, og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Velta í framleiðslugreinum dróst hins vegar saman á milli ára.

- sáþ

Konukvöld 20. mars í Smáralind

20% afsláttur af öllum vörum

Opið frá 10 til 23.

Optical Studio
SMÁRALIND

www.opticalstudio.is

Jóna Birna
Ragnarsdóttir



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

3
Á UPPLEIÐ
 Félög sem hækkuðu í verði

8
Á NIÐURLEIÐ
 Félög sem lækkuðu í verði

3
STÓÐU Í STAÐ
 Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
FJARSKIPTI
8,8% frá áramótum

TRYGGINGAMIÐST.
1,4% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
MAREL
-18,8% frá áramótum

BANK NORDIC
10,5% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	144,00	-5,9%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	106,50	-18,1%	-10,5%
Eimskipafélag Íslands	232,00	-11,5%	1,3%
Fjarskipti (Vodafone)	29,65	8,8%	-0,2%
Hagar	40,85	6,4%	-0,2%
Icelandair Group	18,30	0,5%	-2,1%
Marel	108,00	-18,8%	-3,1%
N1	18,30	-3,2%	0,5%
Nýherji	3,55	-2,7%	0,0%
Reginn	16,50	6,1%	0,0%
Tryggingamiðstöðin	31,50	-1,7%	1,4%
Vátryggingafélag Íslands	9,98	-7,5%	-5,7%
Össur	250,00	9,2%	-2,7%
Úrvalsvisitalan OMXI6	1.184,33	-6,0%	-3,6%

First North Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	19,90	50,2%	0,0%
HB Grandi	32,00	45,5%	6,7%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	0,0%	0,0%

Dagatal viðskiptalífsins þegar viðskiptalífið keldan

Föstudagur 21. mars

→ Vísitala lífeyrisskuldbindinga í febrúar 2014

Mánudagur 24. mars

→ Vísitala launa 2013

Þriðjudagur 25. mars

→ Viðskipti með atvinnuhúsnaði

Miðvikudagur 26. mars

→ Vísitala neyslverðs í mars 2014

Fimmtudagur 27. mars

→ N1 - Aðalfundur 2014

→ Ársfundur Seðlabanka Íslands

→ Fjöldi útgefna vegabréfa

→ Nýskráningar og gjaldþrot í febrúar 2014

→ Eimskip Aðalfundur 2014

Föstudagur 28. mars

→ Vísitala framleiðsluverðs í febrúar 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Seðlabanka Íslands bærust alls 122 tilboð í síðasta gjaldeyrisútboði bankans:

Hafnaði öllum tilboðum í útboði

Seðlabanki Íslands hafnaði öllum tilboðum sem bærust í gjaldeyrisútboði bankans í gær.

Alls bærust 98 tilboð samtals að fjárhæð 33,1 milljón evra, í tveimur útboðum um kaup á evrum. Alls 24 tilboð að fjárhæð 16,2 milljarðar króna bærust í útboði um kaup á krónum fyrir evrur.

Í tilkynningu Seðlabankans um niðurstöðu gjaldeyrisútboðsins segir að bankinn hafi boðist til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnu-

lífi eða gegn greiðslu í ákveðnum ríkisverðbréfum. Bankinn kallaði einnig eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri.

Seðlabankinn hélt gjaldeyrisútboð 4. febrúar síðastliðinn. Þá bærust 93 tilboð um kaup á evrum og var tilboðum að fjárhæð 46,8 milljónir evra tekið. Alls 38 tilboð bærust þá um kaup á krónum fyrir evrur og var tilboðum að fjárhæð 9,9 milljarðar króna tekið.



SEÐLABANKINN Útbót bankans eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



GAGNAVER Advania festi kaup á öllu hlutafé í Thor Data Center í nóvember 2011.

Skoða byggingu nýs gagnavers Advania

Advania skoðar nú lóðir undir tvö þúsund fermetra gagnaver. Fjárfestingin gæti numið tveimur til þremur milljörðum króna. Thor Data Center í Hafnarfirði verður líklega orðið fullt í haust.

GAGNAVER

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Bygging nýs tvö þúsund fermetra gagnavers er til skoðunar innan Advania. Heildarfjárfesting verkefnisins gæti numið tveimur til þremur milljörðum króna og fyrirtækið skoðar nú nokkrar lóðir sem koma til greina. Advania á og rekur gagnaverið Thor Data Center í Hafnarfirði og fyrirtækið gæti á endanum ákveðið að fara einungis í stækkun á því.

„Eftirspurnin eftir hýsingu hefur á undanförunum mánuðum verið mun meiri en okkar áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar með stöndum við frammi fyrir því að ákveða, mun fyrr en áætlanir gerðu ráð fyrir, með hvaða hætti við stækkuum. Ástæða þess að við erum að

skoða fleiri valmöguleika en núverandi staðsetningu eru takmarkaðir möguleikar til orkuafhendingar innan þess tímaramma sem við erum að horfa til,“ segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri hjá Advania og formaður Samtaka íslenskra gagnavera.

Thor Data Center er tvö þúsund fermetrar að stærð og gagnaverið kaupir orku af HS Orku. Um 80 alþjóðleg fyrirtæki nýta sér þjónustu Thor og geyma þar hugbúnað, hugbúnaðarkerfi og jafnvel heil tölvukerfi. Stærsti einstaki viðskiptavinurinn er norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software.

„Við höfum byggt gagnaverið upp í áföngum. Við verðum hins vegar búin að fullnýta húsnaðið

þegar við tökum í notkun fimmta og síðasta áfangann um næstu mánaðamót. Húsnaðið er með pláss fyrir 2,5 megavött af orku eins og það er núna og við höfum nú þegar notað tvö megavött og ég geri ráð fyrir að gagnaverið verði orðið fullt í haust.“

Viðskiptavinum íslensku gagnaveranna, Thor Data Center og Verne Global á Ásbrú í Reykjanesbæ, fjölgaði mikið á síðasta ári.

„Þessi gagnaver voru lengi af stað og menn hálfhlögu að okkur í byrjun þegar við keyptum Thor-gagnaverið. Verne Global var einnig með tólm gagnaver í nokkur ár. Nú er svo komið að þau fyrirtæki sem eru með hýsingu hjá okkur nota meiri internetumferð en öll heimili og fyrirtæki í landinu samanlagt.“

Iceland ætlar að opna tvær nýjar matvöruverslanir fyrir páskahátíðina:

Opnar tvær verslanir í Breiðholti

Verslunarfyrirtækið Iceland ætlar að opna nýja matvöruverslun í Arnarbakka 2 í Neðra-Breiðholti um miðjan apríl í húsnaði sem lengi hýsti verslun 10-11.

„Húsnaðið er um fjögur hundruð fermetrar að stærð og við ætlum að breyta þeirri verslun í Iceland-verslun,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Iceland.

Iceland stefnir einnig að opnun nýrrar matvöruverslunar í Vesturbergi 76 í Breiðholti í húsnaði sem áður hýsti verslunina Straumnes. Verslunin mun að sögn Árna verða opnuð öðrum hvorum megin við næstu mánaðamót en iðnaðarmenn vinna nú við breytingar á húsnaði-



ICELAND Nýju verslanirnar verða samtals níu hundruð fermetrar að stærð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

inu sem er um fimm hundruð fermetrar að stærð.

„Hún verður með svipuðu sniði og verslun okkar í Engihjalla,“ segir Árni.

Fyrsta verslun Iceland í Engihalla í Kópavogi var opnuð sumarið 2012. Fyrirtækið rak um tíma verslun við Fiskislóð úti á Granda en henni var lokað í haust. -hg

Aðalfundur Skipta hf.

Aðalfundur Skipta hf. verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl 2014 kl. 10.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með tap félagsins á síðastliðnu reikningsári
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa
5. Ákvörðun um greiðslu arðs
6. Kosning stjórnar félagsins
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarstofu
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
10. Önnur mál löglega upp borin

Upplýsingar

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur, hlutaskrá, svo og ársreikningur félagsins og skýrsla endurskoðanda mun liggja frammi á skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Tilkynningum um framboð til stjórnar og varastjórnar félagsins skal skilað til skrifstofu félagsins að Ármúla 25 í Reykjavík eigi síðar en 5 dögum fyrir dagsetningu aðalfundar. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 og 19.3. gr. samþykkt félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða til sýnis á skrifstofu félagsins 2 dögum fyrir aðalfund auk þess sem stjórn félagsins áskilur sér rétt til að greina opinberlega frá tilkynningum um framboð í stjórn og varastjórn félagsins.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 09.30 á aðalfundardegi.

Reykjavík, 13. mars 2014

Stjórn Skipta hf.



Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN
SAMEINAR FALLEG FORM
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkuvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Tilboðsverð:

138.800kr*

Fullt verð: 198.500kr



HÖNNUÐUR: DON CHADWICK



BAKKI Gert er ráð fyrir að kísilmálmverksmiðja PCC hefji starfsemi í byrjun árs 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Norðurþing undirbýr útboð lóða á Bakka

Bæjaryfirvöld Norðurþings ræða nú við nokkur fyrirtæki sem vilja á Bakka við Húsavík. ESA þarf að samþykka nýjan orkusamning Landsvirkjunar og PCC. Um 120.000 tonna álver enn inni í myndinni.

ÍÐNAÐUR

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Það sem er einfaldlega að gerast er að hér er allt á fullu. Við erum að undirbúa útboð á lóðum á Bakka og hér er fullt af verk-tökum sem eru að skoða svæðið og meta stöðuna,“ segir Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings.

Landsvirkjun tilkynnti á mánudag um orkusamning fyrir-tækisins og PCC Bakki Silicon hf. Orkufyrirtækið mun samkvæmt honum útvega rafmagn fyrir fjörutíu milljarða króna kísilmálmverksmiðju sem PCC hyggst reisa á Bakka við Húsavík. Mánuði áður var tilkynnt um samning Landsnets og PCC um raforkuflutninga og tveimur vikum síðar bárust fréttir af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að heimila ríkissjóði og Norðurþingi að veita fé til uppbyggingar iðnaðarhafna á Húsavík, verkefni upp

á fjóra milljarða króna. Í síðustu viku samþykkti ESA síðan ríkis-aðstoð til PCC vegna byggingar verksmiðjunnar. Orkusamningur Landsvirkjunar og PCC bíður nú samþykkis ESA.

„Þetta er tilkynningaskylda en maður hefur ekki áhyggjur af þeim málum,“ segir Bergur.

Bæjaryfirvöld ræða nú við önnur fyrirtæki sem hafa sýnt iðnaðaruppbyggingu á Bakka áhuga. Á meðal þeirra eru franska stórfyrirtækið Saint Gobain sem hefur óskað eftir lóð undir slípiefnaverksmiðju og íslenska félagið Klappir Development sem vill byggja og reka 120 þúsund tonna álver á svæðinu.

Ingvar Unnsteinn Skúlason, framkvæmdastjóri Klappir Development, segir verkefnið í góðum farvegi og að félagið ræði nú við Landsvirkjun um orkusölu.

„Það er ýmislegt í deigluinni sem ekki er tímabært að greina frá,“ segir Bergur spurður hvaða önnur fyrirtæki eigi nú í viðræðum við bæjaryfirvöld.



Við erum því farin að finna fyrir þessum afleiddu

áhrifum sem menn hafa óskað sér og það er mjög jákvætt.

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings

„En það er þannig að við erum farin að finna fyrir öðrum umsvifum. Hér á Húsavík eru allt í einu komin þrjú endurskoðunar-fyrirtæki, tvær verkfræðistofur og ýmis önnur fyrirtæki hafa komið hingað til að skoða aðstæður. Svo er verið að stækka hótél á staðnum um 4.700 fermetra og deiliskipuleggja fyrir öðru. Við erum því farin að finna fyrir þessum afleiddu áhrifum sem menn hafa óskað sér og það er mjög jákvætt,“ segir Bergur.

Inga Birna Ragnarsdóttir heldur á vit nýrra ævintýra:

Framkvæmdastjóri Wow air er hætt

Inga Birna Ragnarsdóttir hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri flugfélagsins Wow air. Hún segir þau Skúla Mogensen, forstjóra fyrirtækisins, hafa orðið sammála um starfslokinn.

Endanleg ákvörðun var tekin í gær og að sögn Ingu var aðdragandinn ekki langur. „Wow air hefur vaxið ört og náð að hasla sér rækilega völl meðal íslenskra flugfélaga og hyggur á enn frekari vöxt,“ segir Inga. Á slíkum tímamótum kunnir sú staða að koma upp að menn hafi ólíkar áherslur þegar til framtíðar sé litið. Ekki sé óeðlilegt að áherslur breytist þannig að fólk sé ekki 100 prósent sammála.

„Við urðum sammála um að vera ósammála áfram og því ætla ég á vit nýrra ævintýra. Það eru ýmis verkefni á borðinu,“ segir Inga. Hún segir tímamót hjá Wow hafa verið spennandi og viðburðaríkan. „Ég hef haft tækifæri til þess að takast á við krefjandi áskoranir með skemmtilegu fólk,“ segir Inga. „Ég kveð gott samstarfsfólk með söknuði og óska því og Wow air gæfu og gengis í framtíðinni.“



KREFJANDI ÁSKORANIR Inga Birna kveður Wow air með söknuði.

Skúli Mogensen, forstjóri Wow air, þakkar Ingu Birnu frábær störf. „Wow air hefur vaxið mjög ört allt frá stofnun félagsins og hefur Inga Birna átt mikinn þátt í því. Nú skilja hins vegar leiðir og er það sameiginleg ákvörðun okkar. Ég vil þakka henni kærlega fyrir frábær störf og óska henni alls hins besta í framtíðinni.“

- hrs



ÍSAD Verðmæti karfa dróst saman um 4,5 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verðmæti botnfiskaflla dróst saman um 4,7% milli ára:

Minna aflaverðmæti

Aflaverðmæti íslenskra skipa dróst saman um 4,1 prósent árið 2013 samanborið við árið á undan. Veidar á árinu skiluðu 152,75 milljörðum króna en 159,27 milljörðum árið 2012, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Verðmæti botnfiskaflla dróst saman um 4,7 prósent milli ára og þar hafði verðlækkun á þorski

mikið að segja. Veidar á tegundinni skiluðu 47,3 milljörðum, miðað við 49,5 milljarða árið á undan, en íslensk skip veiddu um 15,3 prósentum meira af þorski árið 2013 en 2012.

Verðmæti uppsjávaraflla dróst saman um þrjú prósent og flatfisksaflla um heil sjö prósent.

- hg



ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanytingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska hverju sinni.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR 

SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic



Fæst hvítt eða silfurlitað!

39"

42"

GLÆSILEG HÖNNUN

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+

Panasonic TXL39E6

119.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

Panasonic TXL42E6

129.990

VERÐ ÁÐUR 169.990


Framúrskarandi myndgæði

100Hz Backlight Blinking tryggir flóktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

Viera Connect WiFi snjallsjónvarp

Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen“ getur notandinn aðlagð að sínum þörfum hvað birtist á

skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldröllum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.



„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an attractively slim design“ cnet – Editors choice

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Konur hafa náð góðum árangri á framfarum vegar kemur að fjárfestingum hafa þ

Barbara Stewart er kanadískur fjármálasérfræðingur sem hefur rannsakað konur og fjármálamarkaði. Í viðtali við M... í að fjárfesta, byrja eigi smátt og fjárfesta eftir áhugasviði og gildismati. Hún segir fjárfestingahegðun kynjanna sláa... Samkvæmt tölum Kauphallar Íslands eru um 30 prósent hluthafa konur. Konur hafa hins vegar áhuga á að fræðast fr

VIÐTAL

Fanneý Birna Jónsdóttir
fanneý@frettabladid.is



Barbara Stewart er meðeigandi og sjóðsstjóri hjá Cumberland Private Wealth Management í Toronto Kanada auk þess sem hún er fjármálasérfræðingur og hefur skrifað mikið um konur og fjármálamarkaði. Markaðurinn tók Barböru tali um fjárfestingar kvenna og af hverju huga þarf sérstaklega að öðru kyninu í þeim efnunum.

Er munur milli kynjanna þegar kemur að fjárfestingum og ef svo er, af hverju heldur þú að það sé?

Ég myndi vilja svara þeirri spurningu í tveimur liðum. Í fyrsta lagi um umhverfi fjárfesta í dag. Mitt áhugasvið hefur alltaf snúið að rannsóknunum sem beinast að konum – sérstaklega klárum konum þannig að við getum nýtt heildarþekkingu þeirra og miðað mikilvægum skilaboðum. Af minni hagnýtu reynslu þar sem ég hef unnið með viðskiptavinum af báðum kynjum dreg ég þá ályktun að konur og karlar kunna að tala öðruvísi en hegðun þeirra er sláandi lík. Öll mín skoðun gefur til kynna að kynin hegði sér og fjárfesti nokkurn veginn á sama hátt.

Mestur munurinn liggur í persónuleika fjárfestisins frekar en kyninu. Til dæmis ertu með A-eða B-týpur, sóknjarfa og íhalds-sama viðskiptavinum sem og fjárfesta sem vilja þekkja smáatriði fjárfestinga sinna og aðra sem er alveg sama. Bæði konur og karlar falla undir allar þessar skilgreiningar.

Hefðbundin kona getur verið aðeins hlédrægari eða meðvit-uð þegar hún er spurð um fjárhagsleg afrek sín. Hefðbundn-ur karlmanni getur hins vegar orðið mjög tíðrætt um sama hlut. En fjárfestingarnar eru líklegast mjög líkar.

Hins vegar myndi ég vilja nefna umhverfi fjárfesta til framtíðar. Þar hafa rannsóknir mínar sýnt að konur vilja fjárfesta í málefnum sem skipta þær máli. Hingað til hafa ekki verið margar leiðir til að tengja gildi og málefni við hlutabréf. Framtíðin er björt hvað þetta varðar. Ef við getum sýnt konum hvernig þær geta fjárfest á hlutabréfamarkaði í málefnum sem tengjast þeirra eigin gildum og neysluhegðun gætum við séð meiri mun á því hvernig konur og karlar fjárfesta.

Farðu af stað!

Hvernig eiga konur að byrja á því að fjárfesta? Þarf að eiga mikið af peningum ef maður ætlar að fjárfesta í hlutabréfum?

Nýjasta greinin mín, sem ég birti í byrjun mars heitir „Getting started - advice, stories and ideas from smart women on learning to invest“. Ég tók 50 viðtöl við færar konur á þessu sviði á árinu 2013 um allan heim. Þar spurði ég þær hvernig þær hófu fjárfestingar sínar, hvort þær hefðu þurft að sigrast á einhverjum ótta og þá hvernig og hvaða ráð þær gæfu öðrum stúlkum og konum sem hefðu áhuga á að fjárfesta.

Eftir að hafa rætt við allar

þessar konur er ég fullviss um að í fyrsta lagi þá getur hvaða kona sem er lært að fjárfesta og í öðru lagi að maður þurfi ekki að eiga háar fjárhæðir til að byrja að fjárfesta. Það sem skiptir öllu máli er að byrja! Taka örlítið af peningum og æfa sig. Þrjú mikilvægustu skrefin hvað þetta varðar eru:

1. Ákveðdu hversu áhugasöm þú ert. Það þarf aðeins að líta inn á við og finna út hvort þú ert að fjárfesta af því þér finnst þú „ættir“ að vera að gera það eða vegna þess að þú virkilega vilt læra hvernig á að gera þetta af einskærum áhuga. Það er óþarfi að framkvæma allar rannsóknir og kannanir ef þú hefur engan áhuga á því að blaða í gegnum ógrynni af fjárhagslegum upplýsingum um fyrirtæki í smáatriðum. Þú getur rætt við fjárfestingaráðgjafa og fundið þér góðan sem þú treystir. Ef þú hefur hins vegar áhuga á að læra er hægt að fara ýmsar leiðir að því til dæmis í gegnum vefnámskeið, bækur og jafnvel leiki um fjárfestingar. Til að bæta almenna þekkingu ættu konur að venja sig á að lesa viðskiptahluta blaðanna. Hvort sem þú hefur áhuga á því að fjárfesta eða ekki er það mikilvægt að lúta ekki heimildavaldi nokkurs annars.

2. Þekktu þín eigin gildi. Spurðu þig hvað það er sem þú ert að reyna að gera og hvað skiptir þig virkilega máli. Taktu þér tíma í að ákveða hvernig þú ætlar að mæla árangur þinn. Hvernig veistu hvort fjárfestingaáætlunin þín er að virka hjá þér? Ef þú ert ekki með allt á tæru til að byrja með þá er líklegra að þú verðir berskjölduð fyrir áhrifum ótta-tækni.

3. Farðu af stað! Annaðhvort með því að nýta þér aðstoð fagmanna eða á eigin spýtur. Margar konur telja að þær þurfi að hafa alla tiltæka þekkingu og fullkomnar upplýsingar áður en þær fjárfesta. Í raunveruleikanum veldur þetta viðhorf ákveðinni lömun og hjálpar ekki til við að koma okkur áfram í fjármálum. Ég mæli með að byrja með litlu hlutfalli sparifjár. Náðu þér í smá æfingu í að kaupa og selja hlutabréf. Ein skynsamleg leið til að byrja er að fjárfesta í fyrirtæki sem framleiðir vöru eða þjónustu sem þér þykir vænt um. Til dæmis fyrirtæki sem býr til snjallsíma, eða bíómyndir sem börnin þín elska, hlaupaskóna sem þú notar alltaf eða fötin sem þú kaupir þér. Það skiptir ekki máli; þú ert að taka fyrsta skrefið og sjálfstraustið mun aðeins aukast eftir því sem kunn-átta þín eykst.

Er það mikil skuldbinding að ákveða að fjárfesta? Þarf að fylgjast stanslaust með fjárfestingunni? Hverjum getur maður treyst í þessum efnunum?

Það fyrsta sem þú gerir er ákveða hvort þú vilt læra að fjárfesta sjálf. Ef þú hefur áhuga á því, áttu að rannsaka málin, byggja upp þekkingu, æfingin skapar meistarann og þú öðlast sjálfstraust. Byrjaðu smátt og taktu eins mikinn tíma og þú hefur aflögu. Ef þú þekkir til einhvers sem þú lítur upp til í þessum



HLUTHAFAR Konur voru 29 prósent hluthafa á Aðalmarkaði Kauphallarinnar í febrúar síðastliðnum.

efnum skaltu hafa samband og athuga hvort þú getir fengið hjálp. Heimurinn er fullur af mismunandi félögum og hugmyndum, það sem er mikilvægast fyrir flestar konur er að samkeyra fjárfestingar sínar með þeirra persónulegu gildum. Þannig verður æfingin þýðingarmeiri.

Ef þú hefur ekki áhugann eða vilt ekki taka þér tíma til að fjárfesta, ættir þú að fá einhvern sem þú treystir til að sjá um það fyrir þig. Þetta getur innihaldið viðtöl við nokkrar mismunandi mann-eskjur til að finna þá sem passar – rétt eins og þú myndir gera ef þú værir að endurhanna eldhúsið þitt eða finna einhvern til að sjá um börnin þín.

Besta leiðin til að útskýra hvernig maður finnur einhvern til að treysta er að vísa í tilvitnun úr einu viðtalinu í síðustu grein minni:

„Ég ákvað að útvísta fjárfestingaákvörðunum mínum til fagmanns. Ef þú velur að fara þessa leið þarftu samt að skuldbinda þig til að hlusta á ráðgjöf og taka ákvarðanir. Síðan þarftu að ákveða hversu virk þú vilt vera. Ef þú heldur þig við áætlunina þá hefurðu tekið ákvörðun um hvernig þú vilt fjárfesta.“

Æfingin skapar meistarann

Konur „ættu“ ekkert að fjárfesta í neinu sérstöku. Best er, eins og áður sagði, að byrja á því að fjárfesta í hugmynd sem þú skilur. Því sem vekur áhuga þinn. Vertu vakandi fyrir eyðslumynstri þínu

og hvað þú styður dags daglega. Heimurinn er fullur af mismunandi félögum og hugmyndum, það sem er mikilvægast fyrir flestar konur er að samkeyra fjárfestingar sínar með þeirra persónulegu gildum. Þannig verður æfingin þýðingarmeiri.

Ef þú hefur ekki áhugann eða vilt ekki taka þér tíma til að fjárfesta, ættir þú að fá einhvern sem þú treystir til að sjá um það fyrir þig. Þetta getur innihaldið viðtöl við nokkrar mismunandi mann-eskjur til að finna þá sem passar – rétt eins og þú myndir gera ef þú værir að endurhanna eldhúsið þitt eða finna einhvern til að sjá um börnin þín.

Besta leiðin til að útskýra hvernig maður finnur einhvern til að treysta er að vísa í tilvitnun úr einu viðtalinu í síðustu grein minni:

„Ég ákvað að útvísta fjárfestingaákvörðunum mínum til fagmanns. Ef þú velur að fara þessa leið þarftu samt að skuldbinda þig til að hlusta á ráðgjöf og taka ákvarðanir. Síðan þarftu að ákveða hversu virk þú vilt vera. Ef þú heldur þig við áætlunina þá hefurðu tekið ákvörðun um hvernig þú vilt fjárfesta.“

Ráðgjafinn minn vill ná persónulegu sambandi við mig til að skilja mínar persónulegu þarfir, ekki bara almennar. Munurinn milli góðs ráðgjafa og slæms er hæfileiki hans til að laga sig að viðskiptavinum sínum. Þú gætir verið með mjög upplýstan viðskiptavin en þarfir hans óljósar. Ráðgjafar þurfa að geta útskýrt flókin mál á skiljanlegan hátt fyrir bæði konum og körlum.

Konur hafa náð árangri á framabrot en ef við höldum við gömlum mynstrum í fjárfestingum, væri það mótsögn við þann árangur sem við höfum náð. Við þurfum að hugsa um okkar eigin fjárfestingar.“

Ég vil ítreka, hvort sem þú hefur áhuga á að fjárfesta eða ekki, alveg sama hvort er, byrjaðu! Að gera ekkert er áhættusamasta hegðunin.

Íslenskur hlutabréfamarkaður er mjög smár í sniðum. Breytir það einhverju í þessum hugleiðingum?

Ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegast að fjárfesta á heimsvísu. Það er ákveðin áhættustjórnun fólgin í því. Helst viltu eiga eignir í félögum sem eru starfandi á mismunandi sviðum

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HEIMSPEKIKAFFI Í GERÐUBERGI

Gunnar Hersveinn, rithöfundur og heimspekingur, veitir innsýn í rósemd hjartans í Gerðubergi í kvöld kl. 20. Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur fjallar um núvitund (mindfulness). Heimspekikaffið hefur verið vinsælt og vel sótt. Þar er fjallað um mikilvæg efni og lokkuð fram skemtileg umræða.



Lionssalurinn Lundur

Í janúar 2014 lækkuðum við alla matseðla um kr. 300-500*
*nema fermingarmatseðla sem lækkuðu umtalsvert vorið 2013 fyrir veislu 2014 og verða óbreyttir 2015

Stöndum saman
Lækkum verð

Cocktail.is
Veisluþjónusta

Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



ELEA-HÁRLITUR
Katrín Rafnsdóttir hefur notað ELEA í ár og er afar ánægð með árangurinn.
MYND/GVA

FRÁBÆRT HÁR

HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR Katrín Rafnsdóttir segist aldrei hafa verið jafn ánægð með hárið á sér og eftir að hún fór að nota ELEA-hárlitina.

Ég ákvað að prófa ELEA-litina þar sem ég sá að þeir voru á frábæru verði," segir Katrín Rafnsdóttir sem hefur nú notað ELEA-litina í heilt ár. „Ég hef aldrei verið jafnánægð með hárið á mér, það er mjög auðvelt að setja litina í það og hárið er mun mýkra en áður. Svo er olían sem bætt er í litinn alveg frábær. Hárið er bara í alla staði glansandi og fínt og auðvelt að meðhöndla það eftir litun. ELEA-litirnir eru klárlega eitthvað sem ég get mælt með fyrir alla sem eru á annað borð að lita hárið heima, árangurinn er frábær og liturinn flottur. Litaúrvalið er fjölbreytt svo allir ættu að finna lit við sitt hæfi. Ég mæli með ELEA-litunum við alla og nú er það þannig að margar af mínum vinkonum eru farnar að nota ELEA-litina og eru alsælur," segir Katrín og brosir í kampinn.

MEST SELDU LITIRNIR Í DAG
ELEA-hárlitirnir komu á markað á síðasta ári og eru nú mest seldu hárlitirnir á Íslandi í dag. Þeir hafa verið á mörkuðum erlendis undanfarin ár og hafa gengið mjög vel í sölu. Í kjölfar vandaðrar vörubrúnar kom á markað ný og endurbætt kynslóð sem tryggir enn betri útkomu.

ELEA-hárlitir eru hundrað

prósent litur og þekja gráu hárin að fullu. Litirnir eru einstaklega mildir fyrir hárið og endast vel. ELEA-litirnir gefa hárinu mikinn glans og mýkt. Í hverjum pakka er bréf sem inniheldur þykki úr náttúrulegum oljum sem vernda hárið og mýkja, þessu þykki er blandað saman við litinn og það gefur einstaka áferð.

NYTT FRÁ ELEA

Ombre-litun er það nýjasta frá ELEA þar sem hárendar eru lýstir og hárlitur er tvískiptur. Með ELEA er hægt að velja um tvenns konar afbrigði. Annars vegar að lýsa endana á dekkra hári og svo til að lýsa endana á ljósara hári. Ombre-litunina er kjörið að prófa með hækandi sól. Prófaðu ELEA og finndu muninn. ELEA-hárlitirnir fást í stór-mörkuðum og verslunum um allt land.



Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sóttþreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!

Hreinsandi sérhæfir sig í :

- Myglugró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sóttþreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



Hreinsandi
fyrir alla muni

Hreinsandi notar efni frá



Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

HELGARTILBOÐ



Havana leður hornsófi 2H2

380.900 kr.
Þú sparar 194.906 kr.



Basel leðursett 3+1+1

390.900 kr.
Þú sparar 203.973 kr.



Rin Lux Tungusófi

99.900 kr.
Þú sparar 151.500 kr.



Sjónvarpsskápur Salsa

Sjónvarpsskápur Cubic TV2

19.900 kr.
Þú sparar 40.000 kr.

19.900 kr.
Þú sparar 28.000 kr.

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti
HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



MICKEY THOMPSON
PERFORMANCE
M/T
TIRES & WHEELS

JEPPADEKK

Söluáðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu
Umboðsaðili: Ictrack ehf. Sími 773 4334 mtdekk.is

**HÆTTU Í MEGRUN
VERTU FIT**

FIT kjúkínga-salat
1.790 KR



Culiacan
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is

Algjört undraefni



Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.



„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér líði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni.“

KVEÐJA FRÁ JESÚ

LANDIÐ HELGA Mannfræðingurinn Fríða Rós Valdimarsdóttir upplifir daglega gleði og sorgir á slóðum Jesú Krists. Hún hitar sig líka upp fyrir elliheimilið.

Fríða Rós flutti til Jerúsalem í fyrrasumar þegar eiginmaður hennar, Arnar Gíslason, var ráðinn til UN Women í Palestínu. Þar búa þau með barnungri dóttur sinni og una hag sínum vel.

- Hvað drífur á daga þína í Jerúsalem, Fríða Rós?

„Ég er aðallega í því að skoða mig um, sjá til þess að barninu okkar leiðist ekki og svo hef ég látið gamlan draum rætast sem er að læra að spila brídds. Ég er að hita mig upp fyrir elliheimilið.“

- Hvernig er að búa í þessari sögufrægu borg?

„Það er áhugavert, spennandi, skemmtilegt, erfitt, sorglegt, yndislegt og furðulegt. Stundum allt á sama tíma.“

- Hvernig eru heimamenn í daglegum samskiptum?

„Þeir eru eins misjafnir og þeir eru margir. Jerúsalem er undir stjórn Ísraels en hluti borgarinnar tilheyrir Palestínumönnum og þar bý ég. Alls staðar er her- og lögregluvald sýnilegt og ekki hægt að venjast því að vera á götum úti og ganga á eftir herkrökkum um tvítugt sem öll bera brjálæðisleg skotvopn. Ofbeldi ísraelskra yfirvalda gegn Palestínumönnum er alls staðar og alltumlykjandi. Þau virðast nota öll tækifæri til að gera Palestínumönnum erfiðara fyrir í lífinu. Svo þegar þrengir jafn mikið að fólk og hér í Jerúsalem kemur hunangið út einhvers staðar og við höfum kynnst stórkostlega skemmtilegum og yndislegum manneskjum.“

- Hvað hefur komið þér mest á óvart?

„Landnemabygðirnar. Ég vissi að Ísraelar væru búnir að taka yfir land Palestínumanna og setja upp sínar byggðir, en fjöldi húsa, stærðin á svæðunum og láttlaust yfirbragðið á byggðum Jerúsalem er óhugnanlegt og eitthvað sem er erfitt að trúa fyrir en maður sér það með eigin augum. Þá kom svakalega á óvart hvað allt er dýrt hérna. Margt er á sama verði og heima á Íslandi en laun heimafólks langt í frá sambærileg. En vitaskuld er dýrt að halda uppi hernámi með öllum þeim kostnaði sem því fylgir.“

- Hefurðu ferðast um landið helga?

„Já, við fjölskyldan reynum að fara í ferðalag um hverja helgi. Það er nauðsynlegt að komast út úr borginni og anda að sér fersku lofti eyðimerkurinnar fyrir austan, láta sig fljóta í Dauðahafinu, keyra um Vesturbakkann, skella sér á strönd við Miðjarðarhafið eða hreinlega tapa sér í gleði í tívolígarði. Við keyrum oft til Jeríkó en þar er heitara en í Jerúsalem. Um daginn keyrðum við til Jenín og heilluðumst á fegurð landsins á leiðinni. Ég hlakka líka til að kynnst borginni Nablus betur. Um páskana ætlum við til bæjarins Aqaba sem stendur við Rauðahafið í Jórdaníu. Þaðan munum við fara í dagsferð til Petru sem ég hlakka óskaplega mikið til að sjá.“

- Hvað er markverðast að sjá og upplifa í kringum þig?

„Hér eru eiginlega perur út um allt. Það er ómissandi að fljóta í Dauðahafinu og þar fá allir hláturskast í fyrsta skiptið. Við förum með alla sem heimsækja okkur að skoða



GRÁTÚRINN Grátúrinn í Jerúsalem er helgasti staður gyðinga. Hér stendur Fríða Rós með Grátúrinn og Al-Aqsa-moskuna í bakgrunni. MYNDIR/FRÍÐA RÓS VALDIMARSDÓTTIR



HEILAGT RUSL Meira að segja ruslunnurnar í Betlehem hafa yfir sér heilagt yfirbragð; rósablöð og messuvín.

sögulega staði í Betlehem og til að sjá öll Banksy-verkin sem eru aðallega í Betlehem og Ramallah. Þá er gaman að ganga um gömlu borgina í Jerúsalem og sjá staðina sem við höfum heyrt um síðan við fæddumst. Það er líka mjög sérstakt að ganga um eyðimörkina og upplifa kyrrðina. Að lokum verð ég að nefna Jaffa, bæði til að versla og skoða sig um.“

- Hvernig er að versla í Jerúsalem?

„Jerúsalem er engin sérstök verslunarborg en það er gaman að kaupa þar palestínskt handverk, klúta og minjagripi. Þá er hægt að prúttu vel í gömlu borginni.“

- Hvernig eyðir þú frítímanum?

„Aðallega í ferðalög, dagsferðir eða helgarferðir.“

- Hvernig tilfinning er að vera stödd á slóðum Jesú Krists?

„Ég átti einmitt að skila kveðju frá honum...“ thordis@365.is



FRELSISHETJA Á múrnum Vesturbakkamegin eru mörg pólitísk verk. Leila Kahled er frelsishetja Palestínumanna.



VOPNAVÆDING Fríða Rós segir erfitt að venjast stórum skotvopnum sem meðal annars eru borin af ungum hermönnum um alla borg.



BETLEHEM Fæðingarstaður Jesú Krists í Betlehem. Þar hefur logað ljós á olíuluktum um aldir alda.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

BÍLAR & FARARTÆKI



Er með sölu á Toyota Landcruiser 150 GX Árg 2011-2012 má vera keyrður allt að 60 þús. Þeir sem eiga einn slíkan og vilja selja hafi samband í síma 577 4400 Bifreiðasalan.

Óskum eftir bílum á skrá og á staðinn.

Bifreiðasalan
Malarhöfði 2, 110 Rvk
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Toyota Landcruiser 150 GX 7 manna 10/2011 ek.48þús. Ásett verð 8.990.000.- ath. skipti ódýrari




Suzuki Grand Vitara Luxury 7/2010 ek. 33þús. ssk, leður, sóluga, Topp eintak Ásett verð 3.850.000.- ath. skipti ódýrari



Toyota Kletthálsi Kléttþáls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Ópið virka daga 9-18, lau 12-16.
www.toyotakletthalsi.is



Honda CR-V EXE 1/2007 ek. 113þús. ssk,leður, lúga fallegur bíll Ásett verð 2.190.000.- ath. skipti ódýrari



Peugeot 308 SW Active Hdi Diesel 8/2013 sjálfsk. sýningarbíll, eyðsla 4-5 lítarar á 100km Ásett verð 4.390.000.- Ath. skipti ódýrari

www.bilarydvarn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



OPEL Astra enjoy. Árgerð 2008, ekinn 139 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. áhl 750 þús Rnr.221093. Bilamarkaðurinn S-567-1800



FORD Ranger crew cab xl. Árgerð 1999, ekinn 210 Þ.KM, dísel, 5 girar. ný tímareim og kúpling Verð 490.000. 100 % visa lán Rnr.230813. Bilamarkaðurinn S-567-1800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Prius exe. Árgerð 2008, ekinn 80 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 2.650.000 Rnr.180704.

BÍLALIND.is



CHEVROLET Captiva 7 sæta með leðri. 12/2010, ekinn 79 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.280.000. Rnr.151344. www.bilalind.is



KIA Sportage EX 4wd diesel. 4/2013, ekinn 41 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.400386. www.bilalind.is

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
www.bilalind.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ MI 320 cdi. Árgerð 2008, ekinn 115 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.990615.



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.210167. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



ASKJA notaðir bílar
Kléttþáls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bilfang.is
S. 567 2000



NÝLEGUR MASTER !
Renault Master háþekja DIESEL 05/2012, 6 girar, ek 26 þ.km, sjá myndir 124439 verð 3650 með VSK !!!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

STÓRA
BÍLASALAN



Hyundai i20 Classic Dísel - Nýr bíll 2014 módel. Tökum upp í gamla bílinn þinn! Frábært verð aðeins 2.390.000kr. Raðnúmer 133919. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kléttþáls 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndefirlit á plani
http://www.stora.is



KRÓKUR
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

ÍSABAND.IS
BÍLUMPLÚTUNGLIÐ



NÝTT HYMER HJÓLHÝSI
ÚTSALA, Hymer Nova 540, Stórglæsilegt hús af flottustu gerð, lengd 7.69m, breidd 2.4m, ATH aðeins 1 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 4.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Ópið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15
http://www.isband.is



KTM 1190 Adventure 2014, 150 hp. 212 kg, 6 girar, EFI, ABS bremsur. Sýningarhjól á staðnum. Afgreiðslutími 4 vikur. Verð: 2.990.000,-

KTM Ísland ehf.
Rofabæ 7, 110 Reykjavík
Sími: 586-2800
www.ktm.is

Bílar til sölu



Hyundai-Hi. 2009 árg. Ek29þkm. Dísel. Í topp standi. 2,6millj.éða tilboð.s. 7774314



Renault Dísel langur 07, ek. 103 þkm. Vél og girkassi ek. 66 þkm. Vel með farinn. s 8962362.



Wv póll árg' 07 ek. 125 þús 5 dyra, beinsk 1,4 vél sk., 15 nýleg heilsársdekk, ný tímareim, toppbíll. Verð aðeins 940 þús gsm 8682352 ATH Ódýrari



Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn barga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirárbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

Seldur.is
VILTU SELJA BÍLINN

Kaupum allar gerðir af lítið keyrðum bílum árgerð 2007 og yngri. Til dæmis Land Rover Discovery, Toyota Land Crusier, Audi Q7 og Mercedes Benz ofl. Við staðgreiðum bílinn þinn. Sendu okkur uppl. í gegnum www.seldur.is



Sprinter CDI 313 extra langur árg. '05 innfl. '07 ek. 186 þ km. Beinsk með kæli, talstöð, gjaldmæli, dráttarkrök nýleg dekk. Í topp standi skoðaður ,15 Verð 2,4 mill + VSK. Uppl í síma 899-6435

0-250 þús.



TERIOS 4X4 TILBOÐ 230ÞÚS !
Daihatsu Terios 1300 árg:'99 ek. 200þús Beinsk, krókur, góð dekk. Tilboð 230þús S. 891 9847.

Bílar óskast



STADGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólhýsi



HJÓLHÝSI Á BESTA STAÐ
Hjólhýsi á besta stað á Laugarvatni Hobby Landhaus 760 árgerð 2007. Húsið hefur fast staði á BESTA stað í hjólhýsabyggðinni við Laugarvatn. Stór pallur utan um húsið ásamt góðu geymslurými sem hægt er auðveldlega að breyta í gestahús. Rafmagn og vatn allt árið. Frábær staðsetning og mikill gróður. Skipti athugandi. Uppl. í s. 896-4266

Vinnuvélar



Terex RT230 Árg. 1999 35t
Verð 10.000.000 +VSK
Volvo EW75 Árg 2001
Tímar 8500, verð 3,5 +vsk
S. 698 5222 www.emkan.is
gisli@emkan.is

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar alguggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

GRÁSLEPPUSJÓMENN

Flottg, blýtóg, felligarn, grásleppunet. Gott verð. Heimavík ehf, Smiðjuvegur 28D Rauð gata. S. 892 8655 www.heimavik.is

Bílaþjónusta



Malbiksviðgerðir - máln bílastæða - velsópun - skilti www.verktakar.is: S: 5514000

GEFÐU
VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf Kirkjunnar

Hjólbarðar

Jeppadekk



**HJÓLBARÐA
GRAFARVOGS
VERKSTÆÐI**

Gylfollöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

Varahlutir

VAKA



FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali.
VAKA S:567 6700.

**EIGUM VARAHLUTI Í PESSA.
KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi, Hyundai Accent-Trajat, Dodge Caravan, Peugeot, Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bilar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningarþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

**Garðarþjónusta
Íslands ehf**
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Bókhald

**HSE Bókhald
& Uppgjör sif**

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

SKATTFRAMTAL 2014

Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila. Ég er viðskiptafræðingur Cant. Oecon. Með mikla reynslu.

Ódýr og góð þjónusta.

Kíktu á www.skatt.is s:661-3703
S. 661 3703 / www.skatt.is

SKATTFRAMTAL 2014

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

MÁLARAMEISTARI

Við tökum að okkur alla almenna málingarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, pianóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsaviðhald

BORTÆKNI
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
NIÐURRIF
S: 892 7544

VIÐHÖLD
fasteignarviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málingarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- gjerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flisalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklaðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steyp og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírusheirnsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMI 908-6116

Ástir, fjármál & heilsa.

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

**Raflagnir
Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta

SKRADDARINN Á HORNINU

ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

Skúlagata 26. S. 861 4380.

KEYPT & SELT

Til sölu

KABA
ASSA

Höfuðlyklakerfi fyrir fyrirtæki og húsfélög

Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmóðurinn
Skútuvogur 11 • s: 510-8888

VIFTUR

Allur pakkinn!

15
daga
skilaréttur
Full endurgreiðsla
Engin inneignarnóta

Yfir
300
tegundir
á lager

viftur frá
7990

Ertu með næga loftun? Er rakasöfnun?

Íshúsið

S:566 600 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

viftur.is

Blásarar

Yfirprýstingsblásarar fyrir iðnaðarmenn. Tilboð með 5 m barka frá **44.990**



TILBOÐ

Rörablásarar

Öflugir rörablásarar fyrir meira loft og lengri lagnir. Verð frá **12.990 kr.**



TILBOÐ

Útsogsviftur

Útsogsviftur á plötu. Viftublöð 20 - 40 cm. Öflugar viftur. Tilboð frá **20.990**



TILBOÐ

frambrautum en ær setið eftir

Markaðinn segir hún mikilvægt að konur æfi sig undi líka, þrátt fyrir að margir gefi sér annað. Þegar um fjárfestingu.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL




“Konur hafa náð árangri á framabrotum en ef við höldum við gömlum mynstrum í fjárfestingum, væri það mótsögn við þann árangur sem við höfum náð. Við þurfum að hugsa um okkar eigin fjárfestingar. Ég vil ítreka, hvort sem þú hefur áhuga á að fjárfesta eða ekki, alveg sama hvort er, byrjaðu! Að gera ekkert er áhættusamasta hegðunin.

og þéna tekjur frá mismunandi stöðum í heiminum. Það er auðvelt að einblína um of á heimamarkaðinn en það er ekki besta leiðin til að afla stöðugra tekna yfir langan tíma. Ef það eru fjárfestingahömlur við lýði, eins og gjaldeyrishöft, er oft hægt að finna sjóði sem veita fjárfestum greiðari aðgang að heimsörkuðum.

VÍB, Kauphöll Íslands, Naskar Investments og FKA halda fund með Barböru föstudaginn 21. mars í Norðurljóssal Hörpu klukkan 8:30. Barbara mun flytja

erindi um rannsókn sína Rich Thinking: How Smart Women Invest en þar skoðar hún meðal annars hvernig konur nálgast fjárfestingar, hvernig þær byrja og í hverju þær fjárfesta helst. Í pallborði verða Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður FKA, Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar og Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kjölfestu. Fundarstjóri verður Björg Berg Gunnarsson, deildarstjóri hjá VÍB.

SKIPTING HLUTHAFA Á AÐALMARKAÐI



VIÐHORF ÍSLENSKRA KVENNA TIL FJÁRFESTINGAR

Kauphöll Íslands gerði könnun í fyrra meðal FKA og svo aftur núna nýlega þar sem viðhorf kvenna til fjárfestingar á markaði var athugað. Í samtali við Kristínu Jóhannsdóttur, samskiptastjóra Kauphallarinnar, kom fram að niðurstöður sýndu að þó að konur vildu ekki fjárfesta, þá hefði yfirgnæfandi meirihluti þeirra áhuga á að fræðast meira. Kauphöllin hefur í samstarfi við VÍB staðið fyrir átaksverkefni Fjölbreytni á markaði sem miðast að því að fræða um fyrstu skref, hvað beri að varast og hvað fjárfesting er almennt. Nýleg könnun sýni að þótt konur taki ekki meiri þátt í fjárfestingu séu þær betur upplýstar og áhugasamar um að skoða fjárfestingar. Kristín segir þekkingu og umræðu mátt í þessum efnum en vill ítreka að það geti verið áhættusamt að fjárfesta á markaði en með meiri fræðslu verði fólk betur í stakk búið til að meta hvort fjárfestingar á markaði henti því.



KAUPHÖLL ÍSLANDS Konur eru áhugasamar um fjárfestingar og vilja fræðast meira.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ertu að leita að öðruvísi ferðum?

Mundo ferðaskrifstofa þar sem menntun, skemmtun, menning og þjálfun fara saman, býður upp á :

- Hjólaferð um Pílagrímastíginn
- Gönguferð um Pílagrímastíginn fyrir konur 45+
- Sumarbúðir fyrir 14-18 ára
- Sjálfstyrkingu fyrir unglíngla og foreldra þeirra
- Menningarferð um Andalúsíu á slóðir Lorca í Granada
- Dvöl í klaustri sem hefur verið breytt í hótél – spænskunám, gönguferðir, jóga og matur úr héraði
- Gönguferð um Picos de Europa ... og auk þess Georgíu og Íran



Boðið er til almenns kynningarfundar í Hannesarholti Grundarstíg 10, miðvikudaginn 19. mars klukkan 17:00. Allir velkomnir!

MUNDO 
www.mundo.is



HELGA ÁRNADÓTTIR

Þarf að koma í veg fyrir að við komum að þolmörkum

Helga Árnadóttir er gestur Klinksins á Vísir.is í þessari viku.

Helga er framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Hún ræddi við Klinkið um uppganginn í ferðaþjónustu á Íslandi en það fékkst staðfest frá Hagstofunni á dögnum að greinin er orðin stærsta útflutningsgrein landsins.


Helga ræddi þær gríðarlegu tækjur sem ferðaþjónustan kemur með til landsins en fjöldi ferðamanna í janúar og febrúar var til að mynda svipaður og yfir hásumarið árin 2005 og 2006 og greinin skilar hverri kjarnafjölskyldu rúmlega 300 þúsund krónum í formi lægri skatttekna.

Helga ræddi nauðsyn þess að rannsaka greinina frekar en aðeins eitt prósent af rannsóknarfé ríkisins til atvinnuveganna fer til ferðaþjónustunnar.

Þá ræddi Helga einnig stöðu náttúrupassans svokallaða og til lögu ferðamálaráðherra sem leit dagsins ljós á dögnum.

➤ **klinkið**

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Viðtalið við Helgu Árnadóttir er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is**.

Vöntun á rannsóknum Helga segir að það þurfi að útfæra betur hvert við viljum stefna og að stjórnvöld hafi sett allt of litla fjármuni í greinina til að gera grunnrannsóknir. Það sé ekki fjöldi ferðamanna sem sé takmarkandi þáttur – heldur aðstaðan. Markvisst þurfi að dreifa ferðamönnum yfir árið og yfir allt landið sem sé leiðin til að jafna álagið og bæta arðsemina.

„Stærstur hluti þeirra ferðamanna, sem hingað koma, kemur út af náttúrunni en það sem skilar mikið eftir eru minningar um gestrisni og þessi menningarlegu verðmæti og sögu og annað og það er eitt-hvað sem við þurfum að passa og halda vel utan um. Íslendingar eru allir í raun og veru þátttakendur í þessari atvinnugrein.“

Hugmyndir um náttúrupassa „Við teljum að sá ávinningur sé fólgin í tillögunni að í henni er horft til þess að þeir fjármunir sem safnast skili sér allir í ákveðinn sjóð sem fer 100 prósent til úthlutunar og til uppbyggingar á ferðamannastöðum á Íslandi. [...] Ég get tekið undir með landeigendum á Geysi um mikilvægi þess að byggja upp strax, menn eru orðnir langbreyttir og óþolinmóðir, það er búið að bíða í mörg ár og menn eru að horfa á náttúruna láta undan. Þarna kemur fram tillaga um að þessi sjóður geti hafist handa strax. Hann fái þá bara heimild til lántöku.“

„Á SÍÐUSTU TÍU ÁRUM HEFUR FJÖLGUN STARFA, BARA HVAD VARÐAR VEITINGA- OG GISTISTAÐI, SEM ER BARA EINN HLUTI AF FERÐAÞJÓNUSTUNNI, VERIÐ JAFN MIKIL OG HEILDARFJÖLDI STARFA Í LANDBÚNAÐI. AUFVITAÐ ERU ALLAR ATVINNUGREINAR MJÖG MIKILVÆGAR OG MIKILVÆGT AÐ HAFA ÞÆR SEM FJÖLBREYTTASTAR EN ENGU AÐ SÍÐUR ER ÞETTA MJÖG ÁHUGAVERÐ STÆRÐ.“



Meðvituð ákvörðun að hætta í golfi

Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, hefur starfað innan tæknigeirans frá 1995. Hann vann áður hjá Margmiðlun, Betware og Vodafone. Gestur segist eiga of mörg áhugamál en hann kafar, veiðir og stefnir á kajakróður.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Mér finnst það skipta miklu máli að fyrirtæki sýni frumkvæði í að endurheimta það traust sem tapaðist í hrúinu og það frumkvæði sem nær umfram það að uppfylla lagaramma og skyldur,“ segir Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania.

Advania bættist nýverið í hóp fyrirtækja sem hlotið hafa viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

„Það var frábært framtak og frumkvæði hjá Kauphöllinni, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Rannsóknarmiðstöð í stjórnarháttum við HÍ að setja þetta verkefni af stað,“ segir Gestur.

Fyrirtækið hefur undanfarin tvö ár unnið að þeim skipulagsbreytingum sem leiddu til viðurkenningarinnar en Gestur hefur starfað sem forstjóri Advania frá árinu 2009. Hann lauk námi í stjórnfræðni við Háskóla Íslands árið 1995 og hefur að eigin sögn verið viðloðandi tæknigeirann allar götur síðan.

„Ég byrjaði hjá litlu frumkvöðlafyrirtæki árið 1995 sem hét Margmiðlun, sem var þá að þróa rafræna verslunarlausn fyrir netið. Fyrirtækið þróaði meðal annars lausn fyrir Íslenska getspá sem gerði fólki kleift að tippa á netinu,“ segir Gestur.

„Sá hluti Margmiðlunar var svo tekinn út í sér fyrirtæki sem fékk nafnið Betware og ég vann þar í rúm tvö ár í markaðssetningu og sölu á þeim lausnum.“

Gestur sneri aftur til Margmiðlunar árið 2002 og þá var lögð aukin áhersla á þann hluta rekstrarins sem sneri að fjarskiptum.

„Sem endaði á því að OgVodafone keypti Margmiðlun árið 2004 og fylgdi ég og fleiri starfsmenn með í kaupun-



HAFNFIRÐINGUR

Gestur hefur starfað sem forstjóri Advania frá árinu 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um. Þar var ég í sölu- og markaðsmálum og fór svo yfir í tæknimálin til ársins 2009 þegar ég tók við núverandi starfi.“

Gestur er kvæntur Kristínu Þórarinsdóttur hjúkrunarfræðingi. Hann er Hafnfirðingur; fæddur, skírður, fermdur og kvæntur í bænum. Hann segist eiga of mörg áhugamál miðað við tímann sem hann hefur til að sinna þeim.

„Besti frítíminn er með fjölskyldunni og ég hef til dæmis tekið meðvitanda ákvörðun um að hætta í golfi og byrja ekki aftur fyrr en ég verð fimmtugur,“ segir Gestur.

„Ég er í köfun með elstu dótturinni, veiðimennsku með syninum og svo er ég og yngsta dóttirin enn þá að finna út hvert okkar sameiginlega áhugamál verður en við höllumst að því að það verði kajakróður.“

Heljarmenni til vinnu og réttisýnn



„Við Gestur kynntumst þegar ég kom til starfa hjá Vodafone árið 2005. Við unnum saman næstu fjögur ár sem voru umbrotasöm, sem er jafnvel of vægt til orða tekið. Í erfiðustu verkefnum þá sagði hann alltaf: „Þetta verður skemmtilegur kafli í bókinni.“ Allavega kaupi ég nokkrar þegar sagan hans kemur út undir nafninu „Þessi fallegi maður“. Gestur er heljarmenni til vinnu, gríðarlega vinnusamur, árangursmiðaður og einbeittur í meira lagi. Hann kemur ávallt hreint og beint fram, er alltaf vel undirbúinn og til í að takast á við flókin og erfið viðfangsefni.“

Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone.



„Gestur er í rauninni draumaforstjórinn þar sem hann treystir sínu fólki og lætur það um að taka ákvarðanir og bakkar það upp. Já, hann skiptir sér mátulega mikið af hlutunum og það er gott að leita til hans, hann svarar fljótt og tekur ákvarðanir hratt. Ef ég á að nefna löst, sem er kannski í leiðinni kostur, þá er hann sívinnandi og gerir miklar kröfur til sjálfs sín og annarra. Hann er sanngjarn og réttisýnn – já, bara finnst gaur í alla staði – hæfilega „wild“ en snyrtimennskan þó í fyrirrúmi.“

Elísabet Sveinsdóttir, markaðsstjóri Advania.

FYRIRTÆKJAPRENTARI

EPSON

Workforce Pro



2,1 kr.
pr. bls.

Lítill og meðalstór fyrirtæki þurfa prentara sem gerir allt vel en er ódýr í rekstri. Workforce línan frá Epson hefur slegið í gegn fyrir að vera bleksprautuprentari sem samt er allt að 50% ódýrari í rekstri en litalaserprentarar. Lykillinn liggur í stórum hagkvæmari blekhylkjum og nýrri tækni.

LÆGRI REKSTARKOSTNAÐUR

Mesti kostnaðurinn við að fyrirtækjaprentara er daglegur rekstrarkostnaður. Epson Workforce er bylting í lækkun prentkostnaðar. Betri gæði en engu að síður allt að 50% lægri prentkostnaður en með litalaserprentara. Aðeins kr. 2,1 pr. bls. án vsk í svörtu m.v. XXL hylki sem dugur fyrir 3.400 bls.

BORGAR SIG HRATT UPP

Þrátt fyrir að vera hagkvæmir í rekstri þá eru Workforce prentararnir einnig hagkvæmir í innkaupum. Aðeins frá kr. 39.990 og upp í 79.990 fyrir allra kröfuhörðustu fyrirtæki. Stór XXL hylki og betri bleknýting tryggja að prentarinn sjálfur borgar sig hratt upp með í samanburði við rekstrarkostnað annarra vinsælla prentara.

FJÖGUR TÆKI Í EINU

Prentari, skanni, ljósritunarvél og fax. Prentar í betri gæðum og hraðar en flestir laserprentarar. Skilar mjög góðri 4800x1200dpi upplausn á skannanum. Tekur samtals 330 blöð í einu, þar af 250 í skúffu. Duplex prentun báðu megin. Scan to PDF, Scan to email og Email to Print.

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Öll Workforce línan er til sýnis hjá fyrirtækjapjónustu okkar að Suðurlandsbraut 26. Hafðu samband við okkur í síma 414-1710 til að nálgast nánari upplýsingar og fá ráðgjöf um hvaða prentari úr Workforce línunni hentar best þörfum þíns fyrirtækis.

NETTENGJANLEGUR OG ÞRÁÐLAUS

Tengist inn á fyrirtækjanetið með Ethernet tengi eða USB. Hægt að nota líka þráðlaust með Epson Connect 7 og prenta beint úr snjallsímum eða spjaldtölvum. Einfaldur og þægilegur í notkun með 6,3cm LCD stjórnborði og ótal tengimöguleikum.

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

Unglingarökfræði

Vissir þú að til þess að komast að merkingunni á bak við flest ástarlög nægir að skipta út orðinu *love* fyrir *klof*? Þetta datt upp úr gömlum vini mínum þegar við einu sinni sem oftast gengum á unglingsaldri um heimabæ okkar og ræddum lífsins gagn og nauðsynjar. Auðvitað er þetta tóm vitleysa og staðhæfing sem eldri bróðir vinar míns hafði stungið að honum. En við skemmtum okkur engu að síður í dálitla stund við orðaskiptin.

Enn þann dag í dag, um aldarfjórðungi síðar, dettur mér stundum fullyrðingin í hug þegar ástarsöngvar óma í útvarpinu. Líkast til er það til marks um það hversu móttækilegur hugur ungmenna er á mótunarskeiði. Hlutir sem haldið er fram vilja festast þar.



Markaðshornið
Óli Kristján Ármannsson
olkr@frettabladid.is

Hver veit hvaða skagfirskar draugasögur aðrar eru á sveimi í þjóðarsálinni og ráða ákvarðanatöku sem hefði betur verið byggð á staðreyndum og ígrundaðri rannsókn.

Vitleysan um ástarsöngvana er auðhrakin, en óneitanlega veltir maður fyrir sér hvaða önnur „sannindi“ fólk hefur meðtekið á unga aldri og heldur svo staðfastlega í út ævina.

Því hefur verið slegið föstu að íslenska mjólkinn sé sú besta í heimi og betra lambakjöt hvergi að finna á byggðu bóli, vatnið okkar sé það besta sem finnst, að Danir hafi kúgað landann og grætt á honum, að útlendingar vilji okkur ekkert gott, að heima sé best.

Á dögnum lét utanríkisráðherra þjóðarinnar hafa eftir sér í viðtali að hann hefði ungur myndað sér skoðun á Evrópusambandinu. Dæmið um ástarsöngvana sýnir náttúrulega að það kann ekki góðri lukku að stýra.

Hver veit hvaða skagfirskar draugasögur aðrar eru á sveimi í þjóðarsálinni og ráða ákvarðanatöku sem hefði betur verið byggð á staðreyndum og ígrundaðri rannsókn.

Staðhæfing félaga míns í göngutúrnum góða í æsku er líka dæmi um algenga orðræðu unglunga. Fullyrðingarnar eru látnar fjúka. Allir eru í kappi við að gera sig gildandi.

Unglingarökfræði er nefnilega líka áberandi í opinberri umræðu þessa dagana. Foreldrar þekkja hvernig sum börn, eftir að hafa misstigið sig, eða til að fá sitt fram, vilja láta eina synd afsaka aðra. Eða rjúka í að tala um óréttlæti, alls óskýlt málefni sem til umræðu er hverju sinni.

Pólitísk umræða á plani morfískrar pissukeppni er lítt áhuga-verð og hætt við að seint verði komist að einhverri skynsamlegri niðurstöðu. Tími er kominn til að draga sig upp úr unglunga-stiginu, svona að minnsta kosti hvað ráðamenn varðar, og skrúfa niður illa ígrundaðan fullyrðingaflauminn og útúrslúningana. Loforð er loforð og bara kjánalegt að snúa út úr. (Til dæmis með því að skemma þjóðaratkvæðagreiðslu með spurningunni: Á að hætta við eða gera hlé?).

Scania hafnar margra milljarða yfirtökutilboði Volkswagen



TAKK SAMT Sænski vörubílaframleiðandinn Scania blés í gær til blaðamannafundar í Stokkhólmi þar sem fulltrúar úr stjórn félagsins, Asa Thunman, Peter Wallenberg Jr. og Johan Jarvko, upplýstu að hafnað hefði verið yfirtökutilboði frá Volkswagen, stærsta bílaframleiðanda Evrópu. Tilboðið, sem var upp á 6,7 milljarða evra, segir stjórn Scania að hafi ekki endurspeglad raunverulegt virði félagsins. Upphæðin samsvarar tæplega 1.052 milljörðum íslenskra króna. Frá því var greint á vef Financial Times í gær að Volkswagen hafi hafnað því að hækka boð sitt í félagið, en tilboðið nær bara til þess hluta sem Volkswagen hefur ekki þegar komið höndum yfir. Volkswagen á 63 prósent hlutfjár og vill auka samstarf við vörubílaframleiðslu MAN, sem er í eigu Volkswagen. Miðað við tilboð Volkswagen er Scania allt rúmlega 2.840 milljarða króna virði.

NORDICPHOTOS/AFP

Heimilisfjármál á mannamáli

SKOÐUN

Georg Lúðvíksson
forstjóri Meniga



Í kjölfar Alþjóðlegrar viku fjármálalæsis sem haldin var 10.-17. mars er við hæfi að velja fyrir okkur bókhaldi heimilisins. Heimilisfjármálin eru í senn einföld og flókin. Einföld vegna þess að allt sem til þarf er að fylgja örfáum einföldum lögumálum sem allir skilja. En flókin vegna þess að árangursrík stjórnun heimilisfjármála byggist á að velja og hafna í lífinu sem getur verið allt annað en einfalt.

Fjármálin snúast um að þekkja sjálfan sig, gera raunhæfar áætlanir til framtíðar og velja milli neyslu í nútíð eða meiri neyslu í framtíð því hver einasta króna sem eytt er í dag kostar margar krónur síðar á ævinni, sér í lagi þegar vextir eru háir. Góðu fréttirnar eru að allir sem ekki eru komnir með fjárhaginn í óefni geta, nær óháð tekjum, skapað sér fjárhagslegt öryggi og frelsi með því að fylgja örfáum einföldum reglum.

1. Eyddu minna en þú aflar

Þó þessi regla virðist augljós er staðreyndin sú að færstir eru almennilega með það á hreinu hvort þeir fylgja henni. Jafnvel þó þú hafir góðar tekjur er auðvelt að lifa um efni fram, safna skuldum smátt og smátt með tilheyrandi

vaxtakostnaði og berjast stöðugt í bókum. Leiðin út úr vítahringnum hefst á því að öðlast yfirsýn yfir tekjur og gjöld frá mánuði til mánaðar. Lausnir á borð við Meniga geta hjálpað á margvíslegan hátt hvað þetta varðar: Meniga flokkar öll útgjöld og tekjur sjálfkrafa og sýnir þér svart á hvítu hvert peningarnir fara og hvort verið er að eyða um efni fram eður ei í hverjum mánuði. Meniga setur líka sjálfkrafa upp fjárhagsáætlun og aðstoðar þig við að setja þér markmið.

2. Aflaðu meira

Það er að sjálfsgöðu engin ein leið sem hentar öllum til að auka tekjur sínar en flestir geta gert eitthvað:

Haltu áfram að mennta þig. Hér er ekki endilega átt við að þú eigir að hætta að vinna og fara í skóla heldur frekar að þú eigir stöðugt að vita að þér nýrri þekkingu og þroska hæfileika þína.

Starfaðu við það sem þú hefur brennandi áhuga á. Aukinn áhugi þýðir betri árangur í starfi og hefur oftast í för með sér hærri tekjur auk þess sem lífið verður óendanlega miklu meira gefandi þegar þú hlakkar til að mæta í vinnuna á hverjum morgni.

Aflaðu aukatekna. Hafðu augun opin fyrir tækifærum til að afla aukatekna en þó þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á þitt aðalstarf. Kannski býrð þú yfir þekkingu og eða hefur einhvern hæfileika sem getur aflað þér aukatekna.

Haltu sambandi við sem flesta og ekki brenna brýr. Maður veit aldrei hvar og hvenær tækifærin birtast og öflugt tengslanet er lykillinn að tækifærum.

3. Sparsemi er dyggð

Sparsemi er ekki það sama og niska og þarf ekki að hafa í för með sér að þú sért stöðugt að neita þér um það sem þig langar í. Staðreyndin er líka sú að sparsamt fólk er oft (en auðvitað ekki alltaf) laust við fjárhagsáhyggjur og lifir lífinu frekar á eigin forsendum.

Nýttu peningana sem best. Í hvert skipti sem þú eyðir peningum ertu að taka ákvörðun um að það sem þú ert að kaupa sé þess virði. Lykillinn að því að eyða minna er að velja alvarlega fyrir sér hvers virði frelsi frá fjárhagsáhyggjum er í lífi þínu. Öll könnunsmist við við að kaupa eitthvað sem við notum svo ekki eða sjáum eftir síðar.

Ekki gleyma heildarmyndinni. Góð leið til að hjálpa þér að velja og hafna þegar kemur að útgjöldum er að hafa hugann við stóru markmiðin í lífi þínu. T.d. getur verið sniðugt að geyma myndir af því sem þú stefnir að í veskinu.

Þekktu veikleika þína og hafðu hemil á þeim. Allir hafa einhverja veikleika þegar kemur að eyðslu. Sumir eyða of miklu þegar þeir fara út að skemmta sér, aðrir þegar þeir eru í útlöndum. Leitaðu raunhæfra leiða til að halda veikleikunum í skefjum, t. d. með

því að skilja kortin eftir heima eða með því að skrifa niður nákvæmlega hvað þig vantar áður en þú ferð að versla.

Allur vani er hættulegur! Flestir venja sig á að kaupa sömu hlutina aftur og aftur, t.d. café latte á leiðinni í vinnuna, sushi í hádeginu eða gos og nammi í lok vinnudags. Vani af þessu tagi eru hættulegur fyrir fjárhaginn því margt smátt safnast saman í stórar upphæðir. 1.000 kr. útgjöld á hverjum virkum degi þýða t.d. útgjöld upp á 250.000 kr. á ári – það gæti komið skammtilega á óvart hversu auðvelt það er að spara háar fjárhæðir með þessum hætti.

Einnar viku reglan. Í hvert skipti sem þú ert að íhuga að kaupa eitthvað nýtt skaltu bíða í eina viku. Ef þú ert ekki búinn að gleyma því og langar enn þá jafn mikið í það skaltu kaupa það, annars ekki.

4. Greiddu upp skuldir og láttu peningana vinna fyrir þig

Í hvert skipti sem þú eykur tekjur eða lækkar útgjöldin eykst afgangurinn um hver mánaðamót. Þessi afgangur er leiðin að fjárhagslegu öryggi og frelsi en það er ekki sama hvað þú gerir við afganginn. Lykilatriði er að eyða honum ekki heldur fjárfesta til framtíðar. Um leið og þú átt afgang til að fjárfesta fara vextirnir að vinna með þér en ekki á móti.

Greiddu upp öll skammtímalán.

Byrjaðu á að greiða upp yfirdráttinn, greiðslukortalan og önnur lán sem bera háa vexti. Losaðu þig fyrst við lánin með hæstu vextina og svo koll af kolli þangað til þú hefur losað þig við öll skammtímalán.

Safnaðu í varasjóð. Varasjóður er neyðarsjóður á óbundnum sparnaðarreikningi sem þú notar eingöngu til að mæta alvarlegum áföllum eins og atvinnumissi, alvarlegum veikindum eða stórtjóni. Þú ættir að hugsa varasjóðinn út frá því hvað hann dugir í marga mánuði fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

5. Öðlastu fjárhagslegt frelsi og leitaðu hamingjunnar

Markmiðið með þessu öllu er ekki endilega að verða ríkur heldur að öðlast fjárhagslegt öryggi og frelsi. Frelsi frá skuldum og áhyggjum. Frelsi frá leiðinlegum yfirmönnum. Frelsi til að velja í hvað þú verð tíma þínu og hvernig þú hagar lífi þínu. Frelsi til að prófa nýja hluti, sinna áhugamálum og fylgja hjartanu. Frelsið er einmitt það sem við flest sækjumst eftir í lífinu. Þó margt eftirsóknarvert í lífinu sé ekki falt fyrir peninga gerir fjárhagslegt frelsi þér kleift að verja meiri tíma í að leita hamingjunnar og forðast margt af því sem kemur í veg fyrir að þú finni hana. Það kostar vissulega vinnu, tíma og aga að öðlast fjárhagslegt frelsi en aðferðin er einföld og á allra færi.



MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

Svíþjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.
Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.
Þetta er heimili Volvo XC60. Bíll sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.
Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60



VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.
VOLVO.IS

**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSLVÉL
MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI**

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO₂ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ári bílgraininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á



Hin hliðin

MARÍA LOVÍSA ÁRNADÓTTIR,
INNANHÚSSARKITEKT OG
MARKÞJÁLFI

Veldur fólk þér vonbrigðum?

Skilvirk samskipti og tjáning væntinga til annarra er eitthvað sem seint verður hægt að æfa nógu oft né ná fullkomlega öllum stundum. Það er eðlilegt í okkar mannlegu samskiptum að við höfum ákveðnar væntingar til annarra. Væntingar hjálpa okkur að skilja hvernig hlutir virka og aðstoða okkur við að horfa fram á við og spá um gjörðir og viðbrögð annarra. Þessar væntingar geta þó þvælst einstaklega mikið fyrir okkur og kemur það oft bersýnilega í ljós á vinnustöðum.

„Ég hélt að Jón ætlaði að gera þetta,“ segir einn á meðan annar svarar: „Þetta er í verkahring Gunnu,“ og næsti bætir við: „Ég gerði ráð fyrir að þið mynduð finna út úr þessu.“ Útkoman verður því miður of oft sú að verkefni hreyfast illa áfram, fólk skilur ekki hver er ábyrgur fyrir hverju, eitthvað klúðrast, fólk endar ósátt, vinnumóralldvínar og rekstrarmarkmið nást ekki. Væntingar eru í raun ekki mikið meira en sögur sem við segjum sjálfum okkur um hvernig aðrir „ættu“ að vera, gera eða bregðast við. Það er því oftast gefið að fólk mun bregðast væntingum okkar og við upplifum vonbrigði. Hins vegar þegar um samning eða skýrt samkomulag er að ræða þá stöndum við flest fast við það sem við höfum skuldbundið okkur til að gera og er okkur skýrt hvers ætlast er til af okkur.

Þegar við færum væntingar yfir í skýrt samkomulag þá leggjum við hlutina á borðið, sköpum skilning og fáum á hreint hverju hver og einn er ábyrgur fyrir. Við hættum að nota orð eins og „ég hélt að...“ eða „ég gerði ráð fyrir...“ og leggjum okkur fram við að fá skýr svör með spurningum eins og: „Er það rétt skilið hjá mér að þú munir klára þetta og sjá til þess að A, B og C verði á hreinu og útkoman verði X?“ Við verðum líka virkari í að spyrja aðra spurninga sem skýra væntingar þeirra til okkar og gerum ekki ráð fyrir að allir hugsi eins og við.

Að skapa samkomulag er skemmtilegt og frjótt, virkjar fólk til þátttöku, styrkir sambönd og samskipti, eflir ábyrgð og gerir augljóst hvað er raunhæft og hvað ekki. Við viljum öll ná árangri í lífi og starfi og upplifa ánægjulega samvinnu. Það eitt að vera meðvitaður um að færa væntingar yfir í skýrt samkomulag getur umbreytt samskiptum og einfaldað málin svo um munar. Stuðlar þú að skýru samkomulagi?




VILTU NÁ FORSKOTI?

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í MEISTARANÁM VIÐ HR

„Námið er bæði krefjandi og fjölbreytt en um leið sérstaklega áhugavert fyrir þá sem ekki hafa lokið grunnnámi í lögfræði. Þannig er nemendum gefið færi á að sníða skipulag námsins eftir eigin áhugasviði og ólíkur bakgrunnur nemenda leiðir til þess að unnt er að fjalla á skýran hátt um flókin viðfangsefni bæði í hópvinnu og í umræðum í kennslu. Þá er lögð mikil áhersla á samhengi raunhæfra verkefna og fræðilegrar umfjöllunar sem veitir nemendum innblástur og hvatningu til að takast á við ný og krefjandi verkefni.“

◀ **Auður Hrefna Guðmundsdóttir**
B.Ed. próf í kennslufræðum frá KHÍ árið 2004
ML í lögfræði frá HR 2013
Sérfræðingur í fræðsludeild Landsbankans



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

www.hr.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F E T



FERDAPJÓNUSTUADILAR !
Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstoðu-/eldhúsbörð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.

Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

MJÖG GOTT VERÐ

Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehl.is



HUMAR - 2.600 KR.KG.
Fiskikóngurinn Sogavegi 3 & Höfðabakka 1. Sími 587 7755 - www.fiskikongurinn.is



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst ¼ úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Óskast keypt

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáid góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Skúfhólkar óskast
Kaupum gamla skúfhólka. Friða frænka gsm. 8642223

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opíð alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörungum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS
Vatnasklaðning, panill, pallaefti, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðaröli. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Heilsuvörur
Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is
Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Nudd

Byð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opíð til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Ármúli S. 894 4817.

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð. S. 561 6254 / 854 3454 opíð frá kl.10:00-19:00

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og áksturmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

EFRI-HAUKADALSÁ
Veiðifélag Efri-Haukadalsár óskar eftir tilboðum í veiði á starfssvæði félagsins frá og með sumrinu 2014. Tilboðsfrestur er til 28. mars nk. Upplýsingar veitir formaður félagsins, Jól Bæring Jónsson í síma 694-4433 eða um pósthfangið mekka@centrum.is

ATVINNA

Atvinna í boði

VANIR SMÍÐIR
Óska eftir að ráða vana smíði í fjölbreytta smíðavinnu. Næg verkefni framundan.
Tekið verður við umsóknum á: byggas@internet.is fyrir 26. mars

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG: STÓRSVEITIN UPPLÝFTING ÁSAMT ÁRA JÓNS OG HELENU EYJÓLFS SPILA UM HELGINA.
Allir velkomnir

<http://www.facebook.com/cafecatalina>
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgartilboð • Veislusalur til útleigu

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.
Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaurants and buses. Price from 55.000.
Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000

Geymslulúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymslulúsi, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Kjarrmóar 31 - Garðabæ
OPÍÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00

OPÍÐ HÚS

Glæsilegt 84,8 fm 3ja herbergja raðhús á tveimur hæðum. Eignin er nánast öll endurnýjuð á mjög smekklegan og vandaðan máta. Falleg hvít sprautulökkuð innrétting í eldhúsi. Baðherbergi allt nýtt með góðum sturtuklefa. Falleg og vönduð gólfefni, sandblásin eik og fallegar flisar. Lóðin er mjög snyrtileg, nýlega hellulögð fyrir framan húsið með hitalögn undir og góður sólpallur er í suðurgarði. Mjög falleg eign í alla staði. Verð 33,9 millj. Verið velkomin.

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

TILKYNNINGAR

Einkamál

22 ára kona, hefur gaman af hlutverkjaleikjum, leitar nýrra vina til að leika sér með. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8326

Karlmenn, nú eru margar nýjar auglýsingar frá konum sem leita mjög ákaft að tilbreytingu. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920.

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

atvinna

Matsölustaðurinn Hjá Dóra í Mjódd
Óskar eftir að ráða hressa og duglega manneskju til starfa í afgreiðslu. Vinnutími 09-16 í þrjú daga, 09-19:30 í tvo daga. Íslensku kunnátta nauðsynleg.
Nánari upplýsingar í síma 557 3910

útboð



Fimleikahús við Egilshöll Forval

Reginn hf. auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í alútbóði vegna byggingar fimleikahúss við Egilshöll, Fossaleyni 1 í Reykjavík.

Verkið felst í byggingu og fullnaðarfrágangi á um 2.000 m² fimleikahúsi ásamt tengibyggingu á milli fimleikahússins og Egilshallar.

Verkkaupi leggur til arkitekt vegna aðaluppdráttar. Verktaki leggur til arkitekt vegna séruppdráttar og alla aðra hönnuði.

Áætlaður verktími er 12-14 mánuðir. Upphaf verks er í júní 2014 og verklok 1. ágúst 2015.

Afhending forvalsgagna verður á skrifstofu Verkis, Ofanleiti 2, frá og með miðvikudeginum 19. mars 2014.

Skil umbeðinna upplýsinga í forvalsgögnum eru fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 25. mars á skrifstofu Verkis, Ofanleiti 2.

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG
Hagasmári 1, 201 Kópavogur Sími: 512 8900 reginn@reginn.is

fasteignir

104 Reykjavík
Skeiðarvogur 9

Nánari upplýsingar veitir Jörunn Skúladóttir, Sölufulltrúi jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

- Fallegt raðhús samtals 164,9 fm.
- Bílskúr
- Fallegur gróinn garður
- Frábær staðsetning

Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali Verð: **49,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



KL. 20:55
Grey's Anatomy

Tíunda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.

Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:10
Heimsókn

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



KL. 20:30
Léttir sprettir

Ríkka stýrir skemmtilegum þætti um hreyfingu, mataræði og fleira sem tengist heilsusamlegum lífsstíl.



KL. 21:40
Rita

Önnur þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri, sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja skoðun sína.



KL. 22:25
Believe

Glænýir þættir sem fjalla um unga stúlku sem fæddist með einstaka hæfileika.



KL. 19:50
Baby Daddy

Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraprepi hans.



KL. 07:00-20:00
Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

	3							1
1			8	2		4	3	
	5			3				9
	4			9				
6	7	3	4		1			2
8				5	6	3		
5			7		8		1	
	6					8	4	5
		1						

LÉTT

5				1				
8			9	2	4			
9			5				7	3
		8			9	5	7	
6	4	5	7	8				
								8
			6	2				1
	8			4	3	2		
	9			7		6		

MIDLUNGS

	7			4			2		5
1	8	2							
				8	9				
		2			4		9		
			6				7		1
								5	
2					1				4
3	6			5	2			7	
	5	7		6					

PUNG


4	2	3	8	5	6	1	9	7		5	2	6	1	3	8	7	9	4		6	8	9	2	3	5	7	4	1
5	1	7	2	9	3	6	8	4		3	8	4	7	9	2	6	1	5		7	2	4	1	8	9	5	6	3
6	8	9	1	7	4	2	3	5		9	7	1	4	5	6	8	2	3		1	3	5	4	6	7	2	9	8
9	5	8	3	6	7	4	2	1		1	3	8	5	4	9	2	7	6		2	1	7	9	4	6	3	8	5
2	6	4	9	1	5	3	7	8		2	4	9	3	6	7	1	5	8		8	5	6	7	2	3	4	1	9
7	3	1	4	2	8	5	6	9		6	5	7	8	2	1	3	4	9		9	4	3	8	5	1	6	7	2
8	9	2	5	3	1	7	4	6		7	1	5	6	8	4	9	3	2		3	7	1	5	9	4	8	2	6
1	4	6	7	8	2	9	5	3		4	6	2	9	7	3	5	8	1		4	6	2	3	1	8	9	5	7
3	7	5	6	4	9	8	1	2		8	9	3	2	1	5	4	6	7		5	9	8	6	7	2	1	3	4

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNID



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Fyrirgefið alltaf óvinum ykkar—það fer ekkert meira í taugarnar á þeim.“

Oscar Wilde

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
		14				15
16				17		
18			19			20
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. galdrar, 6. tímaeining, 8. mánuður, 9. starfsgrein, 11. 950, 12. frárennsli, 14. fyrirmynd, 16. átt, 17. eyrir, 18. skelfing, 20. skóli, 21. hávaði.

LÓÐRÉTT

1. hæfileiki, 3. umhverfis, 4. málmur, 5. festing, 7. rafstraumur, 10. kvk nafn, 13. svif, 15. íþróttafélag, 16. nægilegt, 19. ung.

LAUSN

Fram, 19. nóg, 19. ný. 10. ný, 7. rafmagn, 10. um, 4. kalsíum, 15. LÓÐRÉTT: 1. gáfa, 3. um, 4. kalsíum, 5. líma, 7. rafmagn, 10. kvk nafn, 13. svif, 15. íþróttafélag, 16. nægilegt, 19. ung.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Þessi staða kom upp í skák Kramniks (2.787) og Aronians (2.830) í fimmtu umferð áskorendamótsins í skák í gær.

Hvítur á leik



Hér vinnur 35. Hg1! með hugmyndinni að svara 35...exd1D með 36. Dxd1 og 35...Bxh6 með 36. Hde1. Kramnik lék hins vegar 35. Bxf8 en eftir 35...exf1D+ 36. Hxf1 Hxg2 37. Dxb2 Bxg2+ 38. Kxg2 Hxf8 endaði skákin með jafntefli um síðir. www.skak.is Anand er estur.



RÝMINGARSALA Á PLASMA

Rýmum fyrir nýjum módelum. Þjóðum nokkur stór og stórkostleg plasma sjónvörp á ótrúlegu verði. **Gríptu tækifærið og skoraðu glæsilega!**

Samsung hefur verið stærsti framleiðandi á sjónvörpum í heiminum síðastliðin 10 ár. Fyrirtækið er þekkt fyrir gæði, framúrskarandi hönnun og nýjustu og flottustu eiginleika sem völ er á í sjónvörpum í dag. Með því að framleiða sjálfir yfir 90% af íhlutum í eigin sjónvörp getur Samsung stjórnað gæðum á sínum tækjum betur en nokkur annar framleiðandi og hefur því verið leiðandi í hönnun og gæðum á sjónvörpum síðastliðin ár.

Það er oft sagt um tækin frá Samsung:

Ef þú vilt sjá hvernig sjónvörp keppinauta Samsung líta út á næsta ári, skoðuðu þá sjónvörpin frá Samsung í ár.

43 tommu	PS-43-F4505	KR. 119.900
51 tommu	PS-51-F4505	KR. 149.900
51 tommu	PS-51-F5005	KR. 169.900



Kynntu þér myndgæðin í plasma sjónvörpum.

Þjóðum **30% afslátt** af völdum Samsung heimabíóstæðum við kaup á plasma sjónvarpi.



SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900



ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUDÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
---	---	---	---	--	--	--	---	--

MENNING

Halldór leikur af fingrum fram

Spunatónleikar í hátíðarsal HÍ í hádeginu í dag.



HALLDÓR HAUSSON

Á háskólatónleikum í hátíðarsal HÍ í dag mun Halldór Hauksson leika af fingrum fram á píanó og flytja spuna í fimm þáttum með yfirskriftinni Sonata improvvisata.

Í tilkynningu um tónleikana kemur fram að á undanförunum árum hafi áhugi á spuna aukist mjög meðal klassískra tónlistarmanna og kennsla í spuna sé nú orðin hluti af almennri tónlistarkennslu. Opinberir tónleikar með hreinum spuna séu þó enn tiltölulega sjaldgæfir utan djasssviðsins.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.30 í hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum og allir eru velkomnir.



CARMINA BURANA „Kórsöngurinn var þéttur og fókuseraður, safaríkur og flottur.“

Magnaður kveðskapur

TÓNLIST ★★★★★

Carmina Burana

Carl Orff

DÓMKÓRINN Í REYKJAVÍK, KÓR MENNTASKÓLANS Í REYKJAVÍK OG DRENGIR ÚR SKÓLAKÓR KÁRSNESS Í LANGHOLTSKIRKJU SUNNUDAGINN 16. MARS. STJÓRNANDI KÁRI PORMAR.

Ég sá einhvers staðar á netinu að Carmina Burana eftir Carl Orff var efst á blaði yfir óhugnanlegustu tónlist allra tíma. Það er hálfurdulegt, því verkið er ósköp sakleysilegt, þótt það sé tilkomumikið. Væntanlega er þetta út af einhverri kvikmynd sem tónlistin hefur verið spiluð í. Fræg-

asta atriðið er upphafskaflinn, Ó þú gæfa (O Fortuna) sem hefur sennilega oft verið notaður. Í svipinn man ég þó bara eftir einni mynd, Excalibur, um Artúr konung og riddara hringborðsins. Það var nóg af fordæðskap þar. Mig minnir að O Fortuna hafi hljómað undir æsilegri senu þar sem riddarar hringborðsins þeystu út úr kastalanum í Camelot til að leita að kaleikum helga.

Carmina Burana er eins konar kantata og er texti verksins hluti af handritum frá þrettánda öld sem uppgötvaðust fyrir um tvö hundruð árum í munkaklaustri í Benedikt-Beuren í Bæjaralandi. Textinn er samansafn ljóða fyrrverandi munna sem höfðu fengið nóg af njóta lífsins og klípa í afturendann á hinu kyninu. Andrúmsloftið í tónlistinni er yfirleitt hressilegt og þrungið lífsgleði. Gleðin komst fyllilega til skila í flutningnum í Langholtskirkju á sunnudaginn.

Kári Pormar stjórnaði. Flytjendur voru Dómkórinn í Reykjavík, Kór Menntaskólans í Reykjavík og drengir úr Skólakór Kársness (undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur). Einnig komu fram píanóleikararnir Helga Bryndís Magnúsdóttir og Kristinn Örn Kristinsson ásamt slagverksveit. Túlkunin var lífleg, barnsmíðarnar voru háværar en ekki um of. Þrýðilegt jafnvægi var á milli kóranna, flyglanna og slagverksins. Flæðið í túlkuninni var

óheft og sannfærandi. Kveðskapurinn um vorið, ástina, örlögin og dansinn varð ljóslifandi. Kórsöngurinn var þéttur og fókuseraður, safaríkur og flottur.

Einsöngvararnir stóðu sig með þrýði. Það voru þau Hallveig Rúnarsdóttir, Þorbjörn Rúnarsson og Jón Svavar Jónsson. Mest mæddi á þeim síðastnefnda, sem söng af gríðarlegri ástríðu. Ég hef oft heyrt Carmina Burana hér á Íslandi, stundum hefur kaflinn Tempus est iocundum gersamlega misheppnast því einsöngvarinn hefur ekki náð að galdra fram réttu stemninguna. Það þarf að vera svo mikill kraftur í tónlistinni. Sem betur fer var Jón Svavar með sitt á hreinu, röddin var stöðug, túlkunin einbeitt og gædd alveg réttu áfergjuni.

Hallveig söng líka af fítons-krafti en samt innan þess ramma sem verkið setur henni. Og Þorbjörn var frábær í hlutverki svansins sem verið er að steikja á teini. Hann var skrækur og ámtallegur, en samt ekki þannig að það væri fáránlegt.

Ég verð sérstaklega að minnast á drengjakórinn. Frammistaða hans var til fyrirmyndar, söngurinn var tær og litríkur, glitrandi og fullur af hamingju. Þetta er án efa með betri upp færslum á þessu sívinsæla verki sem ég hef heyrt.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Skemmtilegur flutningur á Carmina Burana.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
Í BAKKALÁR- OG MEISTARANÁM TIL

21. MARS

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

LYFJA
- Lífið heil

15%
afsláttur
Gildir út mars.

Nicorette
Fruitmint

Allar pakkningar og styrkleikar.



www.lyfja.is

Lægra
verð í
Lyfju

ISLENSKA LYFJA FÉL. 40714



Gigaset
Símtæki
A120

Upplýstur skjár. Númerabirting og númeraminni. Fáanlegt í svörtu og hvítu.

Tækifærisverð:
5.310 kr. stgr.
(Fullt verð: 6.245 kr.)



SIEMENS
Uppþvottavél
SN 45M205SK

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB (re 1 pW). Barnalæsing.

Tækifærisverð:
129.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 169.900 kr.)



SIEMENS
Þvottavél
WM 12B261DN

Vindur upp í 1200 sn./mín. Tekur mest 6 kg.

Tækifærisverð:
89.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 119.900 kr.)



SIEMENS
Kæli- og frystiskápur
KG 36VNW20

Hvítur. „crisperBox“ -skáfa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð:
99.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 129.900 kr.)



SIEMENS
Expressó-kaffivél
TK 53009

Byr til ýmsa kaffidrykki með einstakri bruggtækni. Malar baunir. 15 bara þrýstingur. Losanlegur vatnstankur.

Tækifærisverð:
82.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 109.900 kr.)



Tækifæri

Mars 2014

SMITH &
NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Makita VERKFAERADAGAR

Við bjóðum sérstakt tilboðsverð á völdum Makita vélum meðan birgðir endast í verslunum okkar að Krókhálsi 16 í Reykjavík og Lónsbakka á Akureyri.

Rafhlöðuborvél - 18V - Kolalaus mótur -

Módel DDF480RM3J
Gerð lithiumrafhlöðu: 18V / 4,0 Ah
Hleðslutími: 36 mín.
Afl: 60 Nm
Stærð patrónu: 1,5-13 mm
3 rafhlöður fylgja
Þyngd: 1,8 kg



3 rafhlöður fylgja

LED MOTOR 18V XPT MAK PAC

TILBOÐ
kr. 79.900,-

Bútsög

Módel LS1216FLB
Stærð mótors: 1650 W
Ø Stærð sagarblaðs: 305 mm
Hámarks þykkt í sögun í 90°: 102 mm
Hámarks þykkt í sögun í 45°: 69 mm
Snúningur hægri: 60°
Snúningur vinstri: 52°
Hallar í 45° Vinstri og hægri
Laser á sagarblaði - útdraganlegt 38,2 cm
Þyngd: 26,7 kg



TILBOÐ: Standur fyrir bútsög fylgir með í verði ásamt Multisög TM3010CX3J (230V)

TILBOÐ
kr. 225.000,-

Bútsög

Módel LS1016FLB
Stærð mótors: 1510 W
Ø Stærð sagarblaðs: 260 mm
Hámarks þykkt í sögun í 90°: 94 mm
Hámarks þykkt í sögun í 45°: 58 mm
Snúningur hægri: 60°
Snúningur vinstri: 52°
Hallar í 45° Vinstri og hægri
Laser á sagarblaði - útdraganlegt 30 cm
Þyngd: 24,2 kg




TILBOÐ: Standur fyrir bútsög fylgir með í verði ásamt Multisög TM3010CX3J (230V)

TILBOÐ
kr. 195.000,-

Veltisög

Módel LF1000
Stærð mótors: 1650 W
Ø Stærð sagarblaðs: 260 mm
Hámarks þykkt í sögun í 90°: 72 mm
Hámarks þykkt í sögun í 45°: 50 mm
Snúningur vinstri: 45°
Snúningur hægri: 45°
Hallar vinstri: 45°
Ristisög í 90°: 70 mm
Þyngd: 36 kg



TILBOÐ: Multisög TM3010CX3J (230V) fylgir með í verði

TILBOÐ
kr. 149.000,-

Borðsög

Módel 2704W
Stærð mótors: 1650 W
Ø Stærð sagarblaðs: 260 mm
Góður standur á hjólum fylgir
Auðvelt að stilla vinnuhæð.
Þyngd: 34,9 kg



TILBOÐ: Multisög TM3010CX3J (230V) fylgir með í verði

TILBOÐ
kr. 185.000,-

Bor & brotvél SDS-MAX

Módel HR4011C
Stærð mótors: 1100 W
Afl (EPTA 05/2009): 6,2 J
Hámarksstærð bora í stein: 40 mm
Víbringur (ah): 7,5 m/s²
Þyngd: 6,6 kg



TILBOÐ: SDS+ höggborvél HR2470 fylgir með í verði.

TILBOÐ
kr. 140.000,-

Brotvél SDS-MAX

Módel HR1203C
Stærð mótors: 1510 W
Snúningur: 950-1900 /min.
Afl (EPTA 05/2009): 19,1 J
Víbringur (ah): 7 m/s²
Þyngd: 9,7 kg



TILBOÐ: SDS+ höggborvél HR2470 fylgir með í verði.

TILBOÐ
kr. 140.000,-

Rafhlöðuvélasett - 6 tæki í einu setti

Gerð lithium rafhlöðu: 18 V / 3,0 Ah
Hleðslutími á rafhlöðu: 22 mín.
Borvél: BHP458
Hjólög: BSS610
Höggskrúfvél: BTD146
Sverðsög: BJR181
Slípirokkur: BGA452
Ljós: BML185
4 rafhlöður fylgja í settinu
Góð taska fylgir með



4 rafhlöður fylgja

TILBOÐ
kr. 198.000,-

Þessi tilboð gilda aðeins í verslunum okkar að Krókhálsi 16 og Lónsbakka á meðan birgðir endast. Allt verð er tilgreint með virðisaukaskatti 25,5%



Myndavél í mátunarklefa Chanel-verslunar

Hönnuðurinn Karl Lagerfeld hvetur til sjálfsmyndatöku.

Fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld hvetur viðskiptavinum sína til að taka myndir af sjálfum sér í Chanel-fatnaði og deila á samskiptamiðlum.

Hönnuðurinn frægi hefur komið spjaldtölvum fyrir í mátunarklefum Chanel-búðarinnar í London þar sem viðskiptavinurinn getur smellt myndum af sér og deilt á vini og vandamenn.

Lagerfeld fetar þarna ótróðnar slóðir í markaðssetningu með því að nýta sér sjálfsmyndatöku sem hefur tröllriðið samskiptamiðlunum undanfarið.

Líklegt er þó að einhver tíma-mörk séu á myndatökunum í mátunarklefum búðarinnar til að koma í veg fyrir myndun langra bíðraða. Hver vill ekki eiga mynd af sér í Chanel?



KLÓKUR Karl Lagerfeld nýtir sér sjálfsmyndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hávaxni fatahönnuðurinn sem sigraði rokka-hjartað

L'Wren Scott fannst látin á heimili sínu í New York á mánudaginn. Hún var unnusta rokkarans Mick Jagger, farsæl fyrirseta og fatahönnuður.

Fyrirsætan og fatahönnuðurinn L'Wren Scott er talin hafa svipt sig lífi á heimili sínu. Hún var 49 ára gömul.

Scott hafði verið í sambandi með rokkanum síunga Mick Jagger en hann var staddur á tónleikaferðalagi í Ástralíu þegar hún lést en því hefur nú verið frestað. Scott hóf feril sinn ung sem fyrirseta en hún var mjög hávaxin, um 191 cm á hæð. Hún vann fyrir þekkt nöfn á borð við Herb Ritz og Karl Lagerfeld. Eftir að þeim ferli lauk fór hún út í búningahönnun og sá meðal annars um búninga í myndum á borð við Eyes Wide Shut og Ocean's Eleven.

Scott gerði einnig garðinn frægan sem stílísti stjarnanna og er talin vera sú sem sá til þess að leikkonan Nicole Kidman hlaut lof fyrir klæðaburð á rauða dreglinum.

Árið 2006 kom fyrsta fatalína Scott út og setti hún strax sitt mark á tískuheiminn. Stíll hennar þótti fagaður og tókst henni að fanga og undirstrika kvenlegar línur vel í hönnun sinni. Margar stjörnur voru aðdáendur fatnaðar Scott svo sem Amy Adams, Sandra Bullock, Michelle Obama, Jennifer Lopez og Madonna.

Síðasta sýning Scott var í London í fyrra en fyrirtæki hennar var í einhverjum fjárhagsörðugleikum sem getur hugsanlega útskýrt vanlíðan hennar. Sýningu hennar á tiskuvíkunni í London í febrúar var frestað. Einnig hafa slúðurmiðlar vestanhafs velt því upp að Jagger hafi sagt Scott upp á dögnum en talsmaður söngvarans vísar þeim sögusögnum alfarið á bug. Þau voru búin að vera par síðan árið 2001.

Tískuheimurinn syrgir Scott en andlátíð þykir minna á fatahönnuðinn Alexander McQueen sem svipti sig lífi árið 2010.

alfnun@frettabladid.is



Á GÓÐRI STUNDU Mick Jagger og L'Wren Scott á rauða dreglinum en þau voru einkar glæsilegt par. Mick Jagger var staddur á tónleikaferðalagi í Ástralíu þegar honum bárust fréttirnar af andláti unnustu sinnar.



→ Flottar Flíkur
L'wren Scott er talin hafa fangað línur kvenlíkamans vel í hönnun sinni.

DÝRARÍKIÐ HOLTAGÖRÐUM

STÆRSTA OG SKEMMTILEGASTA GÆLUDÝRAVERSLUN LANDSINS

NÝ SENDING FRÁ CAMON

ENN MEIRA ÚRVAL AF ÓLUM, TAUMUM OG BEISLUM FYRIR HUNDA, KETTI OG KANÍNUR

FULLT AF NÝJUM LEIKFÖNGUM OG SPENNANDI VÖRUM SEM GAMAN ER AÐ SKOÐA

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opíð 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

Vissir þú að...

börn ega rétt á að leita sér

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

20% afsláttur - kynningarverð

Gildir út mars

Antiac Activ

Nýtt á Íslandi! Burt með bólnar á náttúrulegan hátt.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju



Í DÓMARASÆTINU Hér má sjá L'Wren Scott er hún tók þátt sem dómari í raunveruleikabætti Heidi Klum, Project Runway.

Verslingar herja á skjái landsmanna

Sketsaþátturinn 12:00, eitt af flaggskipum Verzlunarskóla Íslands, fer í sýningar á Popp TV í mánuðinum.

„Fólk er allavega að fíla þetta og við finnum fyrir miklum áhuga,“ segir Nökkvi Fjalar Orrason, forsprakki 12:00-nefndarinnar úr Verzlunarskóla Íslands, en þáttur nefndarinnar sem er henni samnefndur fer í sýningar á Popp TV síðar í mánuðinum. Um er að ræða grínþátt í sketsaformi sem hefur verið vinsæll í Versló síðan nefndin var stofnuð árið 1996. „Þetta byrjaði árið 1996 og var hugsað sem afþreyingar- og skemmtiþáttur í



STYRKIR GOTT MÁLEFNI Nökkvi Fjalar Orrason styrkir einnig Mottumars, hann lítaði hárið á sér til styrktar góðgerðarmálum í skólanum og ákvað að snoða sig algjörlega til styrktar Mottumars og er einnig að safna mottu.

MYND/EINKASAFN

eins og tvö böll, eitt á föstudeginum og annað í dómaraahléinu og það var mjög mikil stemning.“

Í síðustu viku kom út safnplata með vinsælustu lögnum úr 12:00 þáttunum og rennur allur ágóði plötunnar til krabbameinssjúkra barna.

Á hverju ári er ný nefnd kosin og hefst nefndin handa við að smíða gott grín. „Það eru framleiddir tveir þættir á hverri önn. Við Egill Plover erum í nefndinni núna og vorum líka í fyrra. Við höfum því gert átta þætti og ætlum að gera sex „best of“-þætti fyrir Popp TV,“ útskýrir Nökkvi Fjalar.

Fyrsti þáttur fer í loftið föstudaginn 28. mars klukkan 20.00.

-gfp

Versló. Þátturinn hefur stækkað mikið að umfangi jafnt og þétt undanfarin ár og hafa mörg þekkt nöfn komið fyrir í þáttunum,“ útskýrir Nökkvi Fjalar. Bræðurnir Jón Ragnar og Friðrik Dór Jónssynir, Ásgeir Orri og Pálmi Ragnar Ásgeirssynir úr Stop-WaitGo og Hraðfréttapiltarnir Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson hafa allir komið fram í þáttunum.

Hver þáttur er um 30 til 35 mínútna langur. „Þetta eru sketsar, við sýnum frá böllum og tókum viðtöl við fólk á böllum. Við erum svo alltaf með lag í lok hvers þáttar sem við leggjum mikið í og þau hafa öll vakið mikla lukku,“ segir Nökkvi Fjalar. Löggin voru til að mynda spiluð í dómarahléi á Söngkeppni Samfés og ætlaði allt um koll að keyra. „Aðstandendur Samfés sögðu að þetta hefði verið

NÝHERJI

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR AF
HÁGÆÐAVÖRUM

LAGERSALA

Borgartúni 31
19.-29. mars

Allt að 70% afsláttur af nýlegum og notuðum búnaði frá Canon, Sony, Bose, Lenovo og fleiri heimspekkum framleiðendum.

Takmarkað magn er í boði.

Opið virka daga kl. 12-18
og laugardaga kl. 11-15.





„BESTU KAUPIN“

KYNNTU ÞÉR **SKYACTIV** SPARTÆKNI MAZDA
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



BEINSKIPTUR FRÁ 4.490.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR FRÁ 4.790.000 KR.

MAZDA6

Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málum sem léttu bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.

MAZDA. DEFY CONVENTION.

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?

Snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastílli (cruise) og regnskynjara í framrúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð.

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bilgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera í

SAMbio.is

SKYLMINGAPRÁLAR, FORBODIN ÁST OG NÁTTÚRUHAMFAIR I EINU FLOTTU MYND PESSA ÁRS

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM ZACK SNYDER, LEIKSTJÓRA 300 OG MAN OF STEEL

GAMLINGINN

NON-STOP

ÁLFABAKKA

POMPEII KL. 5:40 - 8 - 10:20

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20

300: RISE OF AN EMPIRE VIP KL. 8 - 10:20

SAVING MR. BANKS KL. 8 - 10:40

NON STOP KL. 5:40 - 8 - 10:20

WINTER'S TALE KL. 10:20

HR. PÍBODY OG SÉRMANN KL. 5:40 - 8 - 10:20

THE LEGO MOVIE KL. 5:50

THE LEGO MOVIE KL. 8

EGILSHÖLL

POMPEII KL. 5:40 - 8 - 10:20

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20

NON STOP KL. 8 - 10:25

GAMLINGINN KL. 5:40 - 8

HR. PÍBODY OG SÉRMANN KL. 5:50

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

WERTHER ÓPERA ÞÓDRULIT KL. 18:00

POMPEII KL. 10:30

300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. 10

NON STOP KL. 10:40

GAMLINGINN KL. 5:30 - 8

12 YEARS A SLAVE KL. 5:20 - 8

KEFLAVÍK

POMPEII KL. 8

300: RISE OF AN EMPIRE 2D KL. 8 - 10:20

NON STOP KL. 10:30

AKUREYRI

POMPEII KL. 8

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 8 - 10:20

NON STOP KL. 10:20

GAMLINGINN KL. 5:30

THE LEGO MOVIE KL. 5:50

SAMbio.is

SMÁRA BÍÓ HÁSHÖLUBÍÓ

ONE CHANCE

SMÁRA BÍÓ

ONE CHANCE KL. 8 - 10

300: RISE OF AN EMPIRE 3D KL. 5:40 - 8 - 10

300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚÐUS KL. 5:40 - 8 - 10:20

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 2D KL. 3:30 - 5:45

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 3D KL. 3:30

RIDE ALONG KL. 10:20

ROBOCOP KL. 10:20

SKÝJAB MED KJÓTBOLLUM 2D KL. 3:30

SKÝJAB MED KJÓTBOLLUM 2D KL. 3:30

HÁSHÖLUBÍÓ

ÞYRNIRÓS KL. 7:15

ONE CHANCE KL. 5:40 - 8 - 10:20

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D / 3D KL. 5:50

3 DAYS TO KILL KL. 8 - 10:30

THE MONUMENTS MEN KL. 10:30

NYMPHOMANIAC PART I KL. 8

BORGARBÍÓ

ONE CHANCE KL. 8 - 10

3 DAYS TO KILL KL. 10

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D KL. 6

RIDE ALONG KL. 8

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ

THE BAG MAN

LAUGARÁS BÍÓ

THE BAG MAN 10:25

3 DAYS TO KILL 8, 10:20

THE MONUMENTS MEN 10:10

RIDE ALONG 6, 8

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D 6

DALLAS BUYERS CLUB 5:45, 8

Óður í hip-hop

Tónlistarmaðurinn Elton John vill færa sig yfir í hip-hop-tónlist á næstu plötu sinni en hann gaf út plötuna The Diving Board í fyrra sem er eins langt frá hip-hop-i og hugsast getur.

„Mig langar hugsanlega að vinna nokkur lög með Pharrell. Ég hef ekki hugsað um næstu plötu enn þá. Ég tek bara því sem að höndum ber. Ég er ekki með neina fasta áætlun,“ segir Elton í viðtali við Rolling Stone.

„Mér þætti frábært að fara meira út í hip-hop. En ég kann það ekki. Ég þyrfti að vinna með einhverjum sem kann það eins og Pharrell eða Kanye West.“ - lkg

ÓPINN FYRIR ÖLLU Elton er líka hrifinn af raftónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SKOÐANABRÓÐIR Ómari Ragnarssyni er afar annnt um náttúruna eins og Darren Aronofsky.

SMÁ MISSKILNINGUR Tónlistarkonan Patti Smith var við hlið Darrens á blaðamannafundinum. Frans páfa bar á góma en Patti hefur hitt hann tvisvar. Hún sagði að hann „elskaði börn og væri óþekkur“. Þegar hún áttaði sig á að þessi orð væri hægt að misskilja sagðist hún meina að hann væri afar elskulegur og pínulíill þakkari í sér sem færi stundum gegn ströngum reglum í Páfagarði.

Fylgst með úr fjarlægð

BAKPANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur

PAD viðraði heldur ekki vel til útlegu þennan dag. Maðurinn var síður en svo klæddur til svefnis úti í næðingnum. Gallabuxur, þunn úlpa og derhúfa. Ef betur var að gáð sást líka að hann var alls ekkert sofandi, öðru hvoru reisti hann upp tinandi höfuðið og veifaði höndum út í loftið. Lyppaðist svo niður aftur.

Fólk tók sveig fram hjá manninum. Hann lá þarna og svaf upp við vegg og þeir sem komu fyrir hornið máttu vara sig á að detta ekki um lappirnar á honum. Sumum brá við og hrukku til hliðar en héldu þó ferð sinni áfram. Störðu kannski í forundran á manninn enda undarlegur svefnstaður, Austurstrætið.

MARGIR tóku alls ekkert eftir honum, eða þóttust ekki taka eftir, ég veit ekki hvort var. Litu allavega hvorki til hægri né vinstri á göngu sinni þó litlu munandi að maðurinn yrði fyrir fótum þeirra. Flestir á hraðferð og kalt úti.

SKYNDILEGA staldraði vegfarandi við. Stóð stundarkorn með hendur í vösum og virti manninn fyrir sér. Gaf sig síðan á tal við hann. Um leið og hann gerði það staldraði annar við. Fleiri dreif að og fólk ræddi greinilega saman, um manninn, hvað ætti að gera. Sá fyrsti dró upp síma og hringdi.

HÓPURINN þynntist um leið og einhver hafði tekið af skarið. Sá sem hringt hafði stóð einn eftir hjá manninum og beidi. Fólk hélt áfram að streyma fram hjá án þess að gefa þeim liggjandi gaum.

HANN beidi lengi. Stjáklaði í kringum manninn í næðingnum þar til aðstoð barst. Þá tók hann í hönd þess liggjandi og dreif sig af stað til sinna erinda.

ALVEG merkilegt, hugsaði ég, hve margir strunsuðu fram hjá aumingjans manninum án þess að láta hann sig varða. Hneyksluð stóð ég upp frá borðinu við gluggann og fór í kápuna. Þegar ég skellti í mig restinni úr kaffibollanum svelgdist mér á. Ég var ekki hótinu skárri.



ÁNÆGÐUR MED ÍSLAND Darren hefur heimsótt landið reglulega síðan hann kom hingað fyrst árið 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



DÚÐAÐIR Hugleikur og Unnsteinn Manuel létu sig ekki vanta.



FJÖGUR FRÆKIN Gunnar Nelson, Auður Ómarsdóttir, Ágústa Eva Erlendsdóttir og Jón Viðar.

Myndin innblásin af Íslandi

Hollywood-myndin Noah var frumsýnd á Íslandi í gær. Leikstjóri myndarinnar, Darren Aronofsky, hélt blaðamannafund fyrir sýninguna þar sem hann lofaði landið. Hann segir Ísland leika stórt hlutverk í myndinni.

„Allt útlit myndarinnar er innblásið af Íslandi, hvort sem það er förðunin, búningarnir eða örkin sjálf,“ sagði leikstjórinn Darren Aronofsky á blaðamannafundi fyrir frumsýningu á stórmynd sinni Noah sem var tekin upp hér á landi sumarið 2012. Með aðalhlutverk í myndinni fara Russell Crowe, Jennifer Connelly, Anthony Hopkins og Emma Watson.

Darren er mikill Íslandsvinur og var boðið til Íslands fyrst árið 1998. Síðan hefur hann haft dálæti á landi og þjóð, þó veðrið á Íslandi sé ekki hans besti vinur.

„Veðrið ykkar er eiginlega glatað – þá fyrir að taka upp myndir. Hér getur veðrið breyst á hverri stundu eins og þið vituð en það kenndi mér sem sjálf-

stæðum, skæruliðakvikmynda-gerðarmanni að vinna með það sem manni er gefið. Og það gerði ég og myndin varð öðru vísi fyrir vikið,“ sagði Darren um hvernig var að taka myndina upp. Hann var búinn að ganga með myndina í maganum síðan hann var þrettán ára gamall en nú er hann 45 ára.

„Þá það kennarinn minn bekk-

inn um að skrifa eitthvað um frið. Ég skrifaði ljóð um Nóa og hlaut verðlaun á vegum Sameinuðu þjóðanna fyrir það. Það var í fyrsta sinn sem ég vann eitthvað á ævinni,“ sagði Darren og er spenntur fyrir því að landsmenn fái að sjá myndina.

„Ísland leikur stórt hlutverk í myndinni.“

liljakatrin@frettabladid.is

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

THE CONGRESS

DARK TOUCH

PÝSKIR

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... börn eiga rétt á nægum svefni.

Panasonic

PANASONIC ÞVOTTAVÉLAR

Á TILBOÐI

Panasonic NA147VC5

1400 snúninga og 7kg þvottavél með stafrænum LCD skjá, 50L trompla með stóru 34cm opi. Þvott hæfni A. Orkunýting A+++. 15 mínútna hraðkerfi.

TILBOÐ 79.990

VERÐ ÁÐUR 99.990

Panasonic NA148VG4

1400 snúninga og 8kg þvottavél með stafrænum LCD skjá, 70L tromlu með stóru 34cm opi. Þvott hæfni A. Orkunýting A+++. Kolalaus Inverter mótór með 10 ára ábyrgð. Mjög hljóðlát. 15 mínútna hraðkerfi og sérkerfi fyrir útivistarfatnað og skyrtur.

TILBOÐ 109.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

Panasonic NA168VG4

1600 snúninga og 8kg þvottavél með stafrænum LCD skjá, 70L tromlu með stóru 34cm opi. Þvott hæfni A. Orkunýting A+++. Kolalaus Inverter mótór með 10 ára ábyrgð. Mjög hljóðlát. 15 mínútna hraðkerfi og sérkerfi fyrir útivistarfatnað og skyrtur.

TILBOÐ 119.990

VERÐ ÁÐUR 169.990

Panasonic NHP80G2

8kg barkalaus Inverter þurrkari með varmadælu og LED skjá. 107L tromla með 3D loftflæði. Orkuflökkur A+++ notar miklu minna rafmagn en hefðbundnir þurrkarar án varmadælu.

TILBOÐ 149.990

VERÐ ÁÐUR 199.990

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Tímabilið líklega búið hjá Brown

KÖRFUBOLTI Deildarmeistarar Snæfells verða líklega án hinnar bandarísku Chynnu Brown, sem meiddist strax í fyrsta leik úrslitakeppninnar, þegar liðið mætir Val í þriðja leik undanúrslitarímmu liðanna klukkan 19.15 í kvöld. Staðan í einvígum er 1-1 en þrjá sigra þarf til að komast í lokauúrslitin.

„Ég held að það sé nánast útilokað [að hún spili í kvöld],“ sagði Baldur Þorleifsson, aðstoðarþjálfari Snæfells, í samtali við Fréttablaðið í gær. „Við höfum reynt allt sem við getum og þyrfti kraftaverk til að hún næði sér fyrir leikinn. Það eru allar líkur á því að við sjáum hana ekki meira í úrslitakeppninni úr þessu.“

Brown meiddist á fæti og er með skaddað liðband í rist, jafnvel slitið. Þá meiddist Hugrún Eva Valdimarsdóttir í sama leik og er því blóðtakan mikil fyrir Snæfell. - esá



KR-ingar sópuðu til sín verðlaunum

KÖRFUBOLTI KR var í aðalhlutverki þegar KKÍ veitti verðlaun fyrir síðari hluta deildarkeppninnar í Domino's-deild karla í gær en úrslitakeppnin hefst á morgun. Pavel Ermolinskí var valinn besti leikmaðurinn, Finnur Freyr Stefánsson besti þjálfari og Darri Hilmarsson dugnaðarforkurinn en allir eru KR-ingar.

Pavel og Martin Hermannsson voru svo í fimm manna úrvalsliði ásamt Michael Craion, Keflavík, Ragnari Nathanaelssyni, Þór Þorlákshöfn, og Sigurði Gunnari Þorsteinsyni, Grindavík. Sigmundur Már Herbertsson var valinn besti dómariinn.



ÖFLUGIR KR-INGAR Finnur Freyr Stefánsson, Pavel Ermolinskí, Darri Hilmarsson og Martin Hermannsson með viðurkenningar sínar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETTY



GAMLIR FÉLAGAR John Terry og Didier Drogba í baráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Drogba engin fyrirstaða

FÓTBOLTI Chelsea og Real Madrid tryggðu sér í gær sæti í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Chelsea hafði betur gegn tyrkneska liðinu Galatasaray á heimavelli, 2-0, og 3-1 samanlagt.

Didier Drogba, sem lék með Chelsea í átta ár, sneri aftur á sinn gamla heimavöll en snemma varð ljóst að tyrkneska liðið væri ekki líklegt til afreka á geymslunum heimavelli þeirra bláklæddu í Lundúnum. Mörk Chelsea komu bæði í fyrri hálfleik.

Það var svo aðeins formsatriði fyrir Real Madrid að klára síðari leikinn gegn Schalke eftir 6-1 sigur í fyrri leiknum. Madríd-ingar unnu í gær, 3-1, en sigurinn var dýru verði keyptur þar sem sóknarmaðurinn Jese var borinn af velli snemma leiks. Var óttast að hann væri með slitið krossband í hné. - esá

ÚRSLIT

MEISTARAEILD EVRÓPU

16-LIÐA ÚRSLIT, SÍÐARI LEIKIR

CHELSEA - GALATASARAY 2-0
1-0 Samuel Eto'o (4.), 2-0 Gary Cahill (42.).

Chelsea vann samanlagt, 3-1.

REAL MADRID - SCHALKE

3-1
1-0 Cristiano Ronaldo (21.), 1-1 Tim Hoogland (31.), 2-1 Ronaldo (74.), 3-1 Alvaro Morata (75.).

Real Madrid vann samanlagt, 9-2.

Starfið undir hjá Moyes

Manchester United þarf að vinna gríska liðið Olympiakos 3-0 í Meistaradeildinni í kvöld ætli það að komast áfram í keppninni. Eðlilega er mikill órói í herbúðum United og er framtíð stjórnars líklega í húfi í kvöld.

FÓTBOLTI David Moyes, knattspyrnustjóri Manchester United, er maður undir pressu í kvöld. Hann hefur vissulega verið undir pressu síðan landi hans, Sir Alex Ferguson, gerði honum þann óleik, að því er virðist vera, að gera hann að eftirmanni sínum. En í kvöld er allt undir – tímabilið og mögulega starf Moyes.

Englandsmeistararnir mæta gríska liðinu Olympiakos í seinni viðureign liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar í kvöld en þeir töpuðu fyrri leiknum á útivelli, 2-0. Vinni liðið leikinn ekki 3-0 eða með þriggja marka mun er það úr leik. Þar með væri David Moyes endanlega ábyrgur fyrir versta tímabilinu á Old Trafford í 25 ár.

Tímabilið 1988/89 endaði Manchester United í ellefta sæti deildarinnar og vann engan bikar. Á hverri leiktíð síðan þá hefur liðið unnið a.m.k. einn stóran bikar eða náð Meistaradeildarsæti. Komist United ekki áfram í kvöld verður baráttan um sæti í Evrópu-deildinni það eina sem er eftir en það er ekki það sem félag á stærð við Manchester United sækist eftir.

Stjórnin að snúast

David Moyes hefur notið stuðnings stjórnar Manchester United til þessa þrátt fyrir hörmungargengið. En nú, samkvæmt frétt ESPN í gær sem mikið var fjallað um, eru einhverjir stjórnarmenn Englandsmeistaranna að snúast gegn honum. Þá er Glazer-fjölskyldan sögð stressuð vegna gengis liðsins enda er slakt gengi á tímabilinu, og það sem það gerir næsta tímabili, skaðlegt fyrir vörumerkið sem er Manchester United. Félag á hlutabréfamarkaði má ekki við svona mikilli dýfu.

Meira að segja Sir Alex Ferguson er sagður láta minna til sín taka þegar kemur að því að verja Moyes þó hann hafi ekki snúist gegn sínum manni enn þá, ef

marka má frétt ESPN sem vitnar í heimildir innan úr innsta hring á Old Trafford. Í fyrsta skipti er nú í alvöru talað um að starf Moyes sé í hættu og framtíð hans velti á leiknum gegn Olympiakos og mögulega næstu tveimur deildarleikjum.

Innblástur frá 1984

Ekkert United-lið hefur snúið við 2-0 tapi í Evrópukeppni eða þurft þess í heil 30 ár. Moyes og lærisveinar hans geta sótt sér innblástur í einn frægasta leik sem spilaður hefur verið á Old Trafford. Hinn 21. mars 1984 kom Barcelona í heimsókn í seinni leik liðanna í átta liða úrslitum Evrópukeppni bikarhafa eftir að hafa unnið fyrri leikinn 2-0 á heimavelli með Maradona sem sinn besta mann.

Á mögnuðu Evrópukeppni á Old Trafford var það fyrirlíðinn Bryan Robson sem átti einn sinn besta leik á ferlinum. Hann skoraði tvö mörk og jafnaði metin í einvígum áður en Frank Stapleton skaut United áfram. Robson var borinn á herðum samherja sinna af velli. Það er kaldhæðni örlaganna að Robson er líklega sá sem stendur hvað þéttast við bakið á David Moyes.

Mikil trú í liðinu

Það var nokkuð létt yfir David Moyes á blaðamannafundi fyrir leikinn í gær og ekki að heyra að hann hefði teljandi áhyggjur af starfi sínu.


„Framtíð mín hefur ekkert breyst. Ég er í frábæru starfi og veit nákvæmlega hvert ég stefni með liðið. Tímabilið hefur ekki gengið sem skyldi en ég hef hugmyndir sem ég framkvæmi þegar tímápunkturinn er réttur. Það mikilvægasta núna er að vinna leikinn. Það er mikil trú í liðinu og það yrði gott fyrir okkur að vinna,“ sagði David Moyes.

tom@frettabladid.is



ERFITT David Moyes á ekki sjö dagana sæla á Old Trafford. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

TAPLEIKIR MAN. UNITED Á ÞESSUM TÍMA



Sveinbjörn tuttugu stiga kóngur vetrarins

40 íslenskir körfuboltamenn náðu tuttugu stiga leik í Dominos-deild karla á þessu tímabili

KÖRFUBOLTI Íslenskir körfuboltamenn hafa látið til sín taka í Dominos-deild karla á þessu tímabili og það sést vel hversu öflugir þeir hafa verið í að koma stigum upp á töflu. Deildarkeppninni lauk á sunnudagskvöldið og gósentíð íslenska körfuboltans að renna upp, sjálf úrslitakeppnin sem hefst annað kvöld.

Fyrir í vetur fjallaði Fréttablaðið um áhrifin á deildina af því að aðeins einn erlendur leikmaður má vera inni á velli hjá hverju liði. Íslensku strákarnir höfðu gripið tækifærið og verið áberandi í stigaskori sinna liða, hlutverkinu sem erlendum útlumönnum liðanna er oftast úthlutað.

Þennan veturinn voru skotin í bði fyrir íslensku leikmennina og margir þeirra bæði tóku þau og settu þau líka niður. Nú þegar deildarkeppninni

er lokið er ekki úr vegi að gera upp tuttugu stiga klúbb vetrarins en alls voru það 40 íslenskir leikmenn sem náðu því að skora 20 stig eða meira í einum leik.

ÍR-ingurinn Sveinbjörn Claessen var sá leikmaður sem náði flestum tuttugu stiga leikjum í deildinni í vetur en hann skoraði 20 stig eða meira í 14 leikjum auk þess að vera með 19 stig í tveimur leikjum til viðbótar. Sveinbjörn fór í tuttugu stigin í 9 af 11 leikjum eftir að Nigel Moore kom og skoraði 19 stig í þeim tíunda.

Njarðvíkingurinn Elvar Már Friðriksson varð í öðru sæti á þessum lista og liðsfélaga hans, Logi Gunnarsson, var einn af fjórum íslenskum leikmönnum deildarinnar sem náðu tíu tuttugu stiga leikjum í umferðunum 22. - óóó



19,9 STIG Í LEIK ÍR-ingurinn Sveinbjörn Claessen rétt missti af því að vera með 20 stig í leik að meðaltali. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskir 20 stiga menn

Í DOMINOS-DEILD KARLA Í KÖRFU 2013-2014

Sveinbjörn Claessen	14 leikir	Helgi Már Magnússon	4
Elvar Már Friðriksson	13	Pavel Ermolinskij	3
Mirko Stefan Virijevic	11	Tómas Heiðar Tómasson	3
Logi Gunnarsson	10	Þorleifur Ólafsson	3
Justin Shouse	9	Darri Hilmarsson	2
Martin Hermannsson	9	Davíð Páll Hermannsson	2
Páll Axel Vilbergsson	9	Grétar Ingi Erlendsson	2
Sigurður Þorvaldsson	9	Rúnar Ingi Erlingsson	2
Sigurður G. Þorsteinnsson	9	Ágúst Angantýsson	1
Darrel Keith Lewis	8	Ármann Örn Vilbergsson	1
Ragnar Nathanaelsson	7	Benedikt Blöndal	1
Jóhann Árni Ólafsson	6	Björgvin Ríkharðsson	1
Dagur Kár Jónsson	5	Emil Barja	1
Guðmundur Jónsson	5	Gunnar Ólafsson	1
Haukur Óskarsson	5	Jón Sværriðsson	1
Hjalte Friðriksson	5	Kári Jónsson	1
Jón Ólafur Jónsson	5	Kristján Pétur Andrésson	1
Marvin Valdimarsson	5	Oddur Ólafsson	1
Matthías Sigurðarson	5	Ragnar Gylfason	1
Birgir Björn Pétursson	4	Ragnar Örn Bragason	1

JORDAN BELFORT SÖLURÁÐSTEFNAN



Í HÁSKÓLABÍÓ 6.MAÍ

Jordan Belfort varð freistingum verðbréfaheimsins að bráð og lifði hátt. Fallið var því að sama skapi hátt og vakti mikla athygli. Hann dró dýrmætan lærdóm af mistökunum sem hann gerði, steig aftur fram á sjónarsviðið og nýtur nú alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir störf sín, sem hafa leitt til makalausrar viðskiptavelgengni. Af honum geturðu lært að nýta þér öflugasta viðskiptakerfi sem nokkurn tíma hefur verið fundið upp. Árangurinn segir sína sögu.

“No matter what happened to you in your past, you are not your past, you are the resources and the capabilities you glean from it. And that is the basis for all change.”

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA



lysland

MIÐASALA Á mbl.is

Stöð 2 kl. 20.30

Léttir sprettir

Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almenningsíþróttir, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólréiðar, fjallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna.

Farið verður yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsl.



Í KVÖLD



Neyðarvaktin

SJÓNVARPIÐ KL. 20.05 Chicago Fire II er bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekki fyrir sér að vaða inn í brennandi hús og láta til sín taka við hættulegar aðstæður.



Matur og lífsstíll

STÖÐ 2 GULL KL. 19.55 Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkt fólk og eldar með því girnilega rétti.



Meistaradeild Evrópu

STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30 Bein útsending frá leik Manchester United og Olympiakos í Meistaradeild Evrópu.

FM 957 kl. 07.00

Morgunþáttur FM957

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli 07-10 í boði Cocoa Puffs.



SPORT

besta sætið

Kemst United áfram?

Wayne Rooney og félagar í United þurfa að vera á markaskónum í kvöld á Old Trafford eftir 2-0 tap fyrir Olympiakos í fyrri viðureigninni.

Komast Rauðu djöflarnir í 8-liða úrslit?

SPORT Kl. 19:30

MAN UTD – OLYMPIAKOS

SPORT Kl. 19:30

DORTMUND – ZENIT

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.15 Masterchef USA
- 11.05 Spurningabomban
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Material Girl
- 13.55 Up All Night
- 14.15 Suburgatory
- 14.40 2 Broke Girls
- 15.05 Sorry I've Got No Head
- 15.35 Kalli kanína og félagar
- 16.00 Fjörugi teiknimyndatímmin
- 16.25 UKI
- 16.30 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Svínasúpan
- 19.45 The Middle (17:24)
- 20.10 Heimsókn
- 20.30 Léttir sprettir
- 20.55 Grey's Anatomy (15:24)
- 21.40 Rita (2:8)
- 22.25 Believe (1:13)
- 23.10 High Lane
- 00.35 NCIS
- 01.20 Person of Interest
- 02.05 Arn - The Knight Templar
- 04.20 Grey's Anatomy
- 05.10 Heimsókn
- 05.35 Fréttir

SPORT

besta sætið

- 07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 12.40 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Schalke
- 14.20 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Man. City
- 16.00 Ístölt á Svínavatni
- 16.30 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Galatasaray
- 18.10 Dominos deildin - Upphitun 2014
- 19.00 Meistaradeildin - upphitun
- 19.30 Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Olympiakos Bein útsending
- 21.45 Meistaradeildin - meistaramörk
- 22.15 Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Zenit
- 00.10 Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Olympiakos

SPORT 2

enski boltinn

- 11.55 Tottenham - Arsenal
- 13.35 Hull - Man. City
- 15.15 Football League Show
- 15.45 Aston Villa - Chelsea
- 17.25 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
- 18.20 Man. Utd. - Liverpool
- 20.00 Messan
- 21.20 Fulham - Newcastle
- 23.00 Premier League World
- 23.30 Swansea - WBA

INN

- 20.00 Árni Páll 20.30 Tölvur, tækni og kennsla.
- 21.00 Fasteignaflokan 21.30 Á ferð og flugi

STÖÐ 3

- 06.15 Nikita
- 06.55 Tónlistarmyndbönd
- 16.25 American Idol
- 18.35 Bob's Burgers
- 19.00 Junior Masterchef Australia
- 19.45 Baby Daddy (1:16)
- 20.05 Revolution (4:22)
- 20.50 Tomorrow People (5:22)
- 21.35 Shameless (9:12)
- 21.55 Junior Masterchef Australia (12:22)
- 22.25 Shameless (10:12)
- 22.40 Baby Daddy
- 23.00 Revolution
- 23.15 The Unit
- 23.45 Tomorrow People
- 00.00 Hawthorne
- 00.30 Shameless
- 00.40 Supernatural
- 01.20 Junior Masterchef Australia
- 02.00 Baby Daddy
- 02.25 Revolution
- 03.05 Tomorrow People
- 03.50 The Unit
- 04.30 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.19 Svampur Sveinsson 07.45 Gulla og grænjaxlarnir 07.55 UKI 08.00 Ofurhundurinn Krypto 08.25 Brunabílarnir 08.47 Avaxtakarfan 09.00 Ljótí andurunginn og ég 09.23 Latibær 09.34 Ævintýraferðin 09.47 Tommi og Jenni 09.55 Rasmus Klumpur og félagar 10.00 Könnuðurinn Dóra 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 10.46 Doddi litli og Eymastór 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.19 Svampur Sveinsson 11.45 Gulla og grænjaxlarnir 11.55 UKI 12.00 Ofurhundurinn Krypto 12.25 Brunabílarnir 12.47 Avaxtakarfan 13.00 Ljótí andurunginn og ég 13.23 Latibær 13.34 Ævintýraferðin 13.47 Tommi og Jenni 13.55 Rasmus Klumpur og félagar 14.00 Könnuðurinn Dóra 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 14.46 Doddi litli og Eymastór 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.19 Svampur Sveinsson 15.45 Gulla og grænjaxlarnir 15.55 UKI 16.00 Ofurhundurinn Krypto 16.25 Brunabílarnir 16.47 Avaxtakarfan 17.00 Ljótí andurunginn og ég 17.23 Latibær 17.34 Ævintýraferðin 17.47 Tommi og Jenni 17.55 Rasmus Klumpur og félagar 18.00 Könnuðurinn Dóra 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 18.46 Doddi litli og Eymastór 19.00 Ljótí andurunginn og ég 20.30 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.45 Strákarnir
- 18.15 Friends
- 18.40 Seinfeld
- 19.05 Modern Family
- 19.30 Two and a Half Men (14:24)
- 19.55 Matur og lífsstíll
- 20.25 Örlagadagurinn (7:14)
- 21.00 Game of Thrones (7:10)
- 21.55 Hustle (5:6)
- 22.50 The Fixer (1:6)
- 23.40 Without a Trace
- 00.25 Curb Your Enthusiasm
- 00.55 Matur og lífsstíll
- 01.25 Örlagadagurinn
- 01.55 Game of Thrones
- 02.50 Hustle
- 03.45 The Fixer
- 04.35 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 11.35 La Delicatess
- 13.25 Last Night
- 15.00 The Jewel of the Nile
- 16.45 La Delicatess
- 18.35 Last Night
- 20.10 The Jewel of the Nile
- 22.00 Alex Cross
- 23.40 My Soul To Take
- 01.25 Moon
- 03.05 Alex Cross

RÚV

- 16.25 Ljósmyndir
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Finnbogi og Felix
- 17.43 Síggildar teiknimyndir
- 17.50 Herkúles
- 18.10 Tákn málsfréttir
- 18.20 Djöflaeyjan
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.05 Neyðarvaktin (16:22) (Chicago Fire II)
- 20.50 Í mat hjá mömmu (2:7) (Friday Night Dinner II) Bráðfyndin verðlaunaþáttaröð frá BBC um tvo fullorðna bræður sem venja komur sínar í mat til mömmu og pabba á föstudagskvöldum.
- 21.15 Kiljan Bókabáttur Egils Helgasonar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Ég er enn að (I'm Still Here)
- 00.05 Kastljós
- 00.25 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.55 Once Upon a Time
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 The Good Wife
- 19.10 Cheers
- 19.35 America's Funniest Home Videos
- 20.00 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking (10:20) Gættir þú hugsað þér betri matreiðslukennara en Gordon Ramsay? Meistarakokkurinn tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eldhúsinu.
- 20.25 Sean Saves the World (11:18)
- 20.50 The Millers (11:22)
- 21.15 Franklin & Bash - LOKAPÁTTUR (10:10) Lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á Skjá einn. Þeir félagar starfa hjá virtri lögmennsstofu en þurfa reglulega að sletta úr klaufunum.
- 22.00 Blue Bloods (11:22)
- 22.45 The Tonight Show Girls-töfarnir Lena Dunham mætir í settið ásamt Hannibal-Heikaranum Hugh Darcy. Hljómveitin Foster the People tyrllir lýðinn.
- 23.30 CSI: Miami
- 00.10 The Walking Dead
- 00.55 Made in Jersey
- 01.40 The Tonight Show
- 02.25 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRSPOURT

- 06.00 Motors TV 17.00 Bundesliga Highlights Show 17.50 Dutch League - Highlights 2014 18.50 NAC Breda - AFC Ajax 20.50 Bayer Munchen - Bayern Leverkusen 22.50 Bundesliga Highlights Show 23.40 Dutch League - Highlights 2014 00.40 Motors TV

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014 13.00 Golfing World 2014 13.50 PGA Tour 2014 - Highlights 14.45 2002 Augusta Masters Official 15.40 Golfing World 2014 16.30 US Open 2009 18.05 Golfing World 2014 18.55 Champions Tour 2014 - Highlig 19.50 Golfing World 2014 20.40 Champions Tour 2014 - Highlig 21.35 World Golf Championship 2014

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

FM 90,9

- Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

FM 96,3

- FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið

FM 98,9

- Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn

FM 102,2

- Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun

EINSTÖK KVÖLDSTUND Í KIRKJUM LANDSINS

FRIDRIK ÓMÁR KVEÐJA

SÁLMAK OG SAKNAÐARSÖNGVAR

ÉG HUGSA UM ÞIG-HEYR MÍNA BÆN-MAMMA
Í BLJÚGRI BÆN-FAÐIR VOR-KVEÐJA-ÍSLENSKA KONAN
DRAUMALANDID-HÆRRA MINN GUD TIL ÞÍN-SÖKNUDUR
AVE MARIA-HÚMAR AÐ KVELDI-ÞAKKARBÆN-VERTU NÚ YFIR

TÓNLEIKAFERÐ Í KIRKJUM LANDSINS HEFST
FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 20. MARS KL. 20:30 Í

GRAFARVOGSKIRKJU

MYNDSKREYTINGAR Á TÓNLEIKUM: ÓLÓF ERLA




20. mars: GRAFARVOGSKIRKJA
26. mars: KEFLAVÍKURKIRKJA
27. mars: HAFNARFJARÐARKIRKJA
2. apríl: LAUGARNESKIRKJA
3. apríl: LÁGAFELLSKIRKJA
8. apríl: BLÖNDUÓSKIRKJA
9. apríl: SIGLUFJARÐARKIRKJA
10. apríl: DALVÍKURKIRKJA

11. apríl: HÚSAVÍKURKIRKJA
12. apríl: VOPNAFJARÐARKIRKJA KL. 16:00
12. apríl: ÞÓRSHAFNARKIRKJA
13. apríl: NORÐFJARÐARKIRKJA
14. apríl: SEYÐISFJARÐARKIRKJA
16. apríl: HAFNARKIRKJA

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: RIGG@RIGG.IS
WWW.FRIDRIKOMAR.COM
WWW.FACEBOOK.COM/FRIDRIKOMAR

MÍDAVERÐ AÐEINS 2500 HÚSID OPNAR KL. 20:00 ALLIR TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 20:30
MÍÐAR EINUNGIS SELDIR VIÐ INNGANGINN



BESTI DRYKKURINN



„Trophix-próteindrykkurinn sem ég fæ hjá honum Svavari í Fitness Sport. Með súkkulaðiþragði. Ekki bara hollur og góður á bragðið, heldur gefur hann mér þá orku sem ég þarf á milli mála.“

Rúnar Freyr Gíslason leikari

Vann nokkrum sinnum fyrir L'Wren Scott

Fyrirsætan Matthildur Matthíasdóttir rifjar upp kynni við L'Wren Scott og Mick Jagger á hótélherbergi á Manhattan.

„Ég gerði tvær sýningar fyrir hana árið 2011, hún var greinilega að flá mig því hún bókaði mig tvisvar sinnum í röð,“ segir fyrirsætan Matthildur Matthíasdóttir sem vann fyrir fatahönnuðinn L'Wren Scott í New York árið 2011. L'Wren Scott fannst látin á heimili sínu í New York á mánudaginn en talið er að hún hafi framið sjálfsmorð. Hún var unnusta Micks Jagger, söngvara sveitarinnar Rolling Stones. Matthildur, eða Matta eins og hún gjarna er kölluð, ber fatahönnuðinum vel söguna og man vel þegar hún hitti L'Wren Scott fyrst á hótélherbergi á Manhattan fyrir þremur árum. „Ég fór í máttun sem var á hóteli í Manhattan þar sem hún og fjölskylda hennar

gistu. Ég man að ég labbaði inn og þar sat hún í kjöltunni á Mick Jagger, en ég hafði ekki hugmynd um að hún væri konan hans. Hann var mjög fínt klæddur og í hlaupa-skóm við,“ segir Matta og rifjar upp kynni sín við parið. „Hún sat mjög tignarleg í fangi hans, miklu stærri en hann. Svo lét hún mig máta fallegan kjól og hælaskó.“ Matthildur hefur unnið sem fyrirsæta í nokkur ár og flakkað um heiminn, þar sem hún sat meðal annars fyrir í auglýsingaherferð fyrir fatamerkið Diesel. „L'Wren Scott var mjög fín og megi hún hvíla í friði.“



Á TÍSKUPALLINUM Matthildur Matthíasdóttir sést hér á tískupallinum í New York árið 2011.

-áp

YKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI

**ÁTTU VON
Á GESTUM!**

**SILO
SVEFNSÓFI**
119.900
Fullt verð kr.
139.900

Stærð: 228x162 H: 85 cm Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Með rúmfatageymslu í tungu. Svefnsvæði 140x190 cm

**RUBEN
SVEFNSÓFI**
119.900
Fullt verð kr.
139.900

Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm. Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Rúmfatageymsla í tungu. Tungu getur verið beggja vegna. Svefnsvæði 140x195 cm

**SIESTA
SVEFNSÓFI**
119.900
Fullt verð kr.
139.900

Stærð 192 x 85 cm. Rautt, fjólublátt og grátt slitsterkt áklæði. Stærð dýnu 147x197 cm. Rúmfatageymsla.

**DAISY
SVEFNSÓFI**
89.900
**DORMA-
VERÐ**

Stærð 225x 80 Svefnsvæði 120x190 cm. Með rúmfatageymslu. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði. Einnig til án arma DORMAVERÐ KR. 79.900.

DORMA 
– býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100

Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100

OPNUNARTÍMI HOLTAGÖRÐUM:

Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰, Laugardaga 11⁰⁰-16⁰⁰



GÆTU HEIMSÓTT LANDIÐ Ef vel gengur gætu Harrison, Carrie og Mark orðið Íslandsvinir í lok apríl.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Star Wars tökuliðið á Íslandi í apríl

Umfang takanna fer eftir því hvernig aðstandendum Stjörnustríðsmyndarinnar líst á tökustaði á Íslandi, en þeir hafa skoðað landslagið upp á síðkastið.

Tökuliði nýjustu Star Wars-myndarinnar kemur til Íslands í lok apríl og verður það fyrirtækið True North sem aðstoðar tökuliðið hér á landi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Forsvarsmenn True North mega hins vegar ekkert tjá sig um myndina enda vanalegt að allir sem koma að stórmynd sem þessari skrifi undir þagnarskylduþlagg.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa erlendir aðstandendur Star Wars-myndarinnar verið hér upp á síðkastið að skoða tökustaði. Þeir komu líka til Íslands í fyrra að skoða tökustaði og eyddu hér um það bil viku og fóru um allt landið en voru aðallega að hugsa um tökustaði á hálandinu og jöklum landsins. Þá herma heimildir blaðsins að tökuliðið hafi til dæmis skoðað Langjökul sem hugsanlega tökustað.

Umfang takanna á Íslandi fer allt eftir því hvernig gengur að skoða tökustaði og hvort aðstandendum myndarinnar líst á það sem þeir sjá hér á landi í þetta sinn. Líklega verður um svokallaðar „plate“-tökur að ræða þar sem tökuliðið tekur víðar myndir af landslaginu. Þær myndir verða síðan hugsanlega notaðar sem bakgrunnur þegar atriði eru tekin upp með leikurum í myndveri. Þetta var tilfellið þegar tökuliði myndarinnar Star Trek

Into Darkness kom hingað til lands í fyrra á vegum framleiðslufyrirtækisins Sagafilm. Þá eyddi tökuliði myndarinnar nokkrum dögum á Íslandi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins myndi tökuliðið sem sæi um „plate“-tökur Stjörnustríðsmyndarinnar vera talsvert fjölmennara og Íslendingar myndu vinna við tökurnar, ólíkt því sem gerðist þegar tökuliði Star Trek-myndarinnar dvaldi hér.

Hins vegar gæti farið svo að tökurnar yrðu umfangsmeiri og að leikarar og leikstjóri myndarinnar, J.J. Abrams, myndu koma hingað til dvalar í lengri tíma en Abrams leikstýrði einnig fyrrnefndri Star Trek-mynd. Þessi nýja Stjörnustríðsmynd er sú fyrsta í nýjum þrileik og fjallar að mestu

→ Þessi gætu leikið í nýju Star Wars-myndinni

Mikið hefur verið slúðrað um hverjir leika í myndinni og hafa til dæmis þessi nöfn verið nefnd:

Lupita Nyong'o
Adam Driver
Zac Efron
Jesse Plemons
Saoirse Ronan

leyti um persónurnar Loga geimgengil, Lilju prinsessu og Hans Óla. Samkvæmt kvikmyndasíðunni IMDb.com er það ekki staðfest að leikararnir Harrison Ford, Mark Hamill og Carrie Fisher muni túlka persónurnar eins og í fyrri Star Wars-myndum en bæði Carrie og George Lucas, maðurinn á bak við hugmyndina um Stjörnustríðið, hafa svo gott sem staðfest það.

liljakatrin@frettabladid.is

FÆR Í SÍNU FAGI J.J. Abrams hefur leikstýrt myndum á borð við Star Trek, Star Trek Into Darkness og Mission: Impossible III.

Passaði ekki ofan í skriðdrekan

Guðjón Sigmundsson var tökustaðarstjóri í myndinni Dead Snow: Red vs. Dead.

„Skriðdrekin stal senunni, hann er 38 tonn og við vorum í vandræðum með hann,“ segir Guðjón Sigmundsson, líklega betur þekktur sem Gaui litli, en hann var tökustaðarstjóri í norsku kvikmyndinni Dead Snow II: Red vs. Dead sem verður forsýnd hér á landi í kvöld.

Saga Film ehf. hafði veg og vanda af tökum á myndinni Dead Snow II hér á Íslandi þar sem áður nefndur skriðdreki leikur stórt hlutverk. Um er að ræða þekktan skriðdreka. „Hann var fluttur hingað til lands frá Svíþjóð en hann kom fyrir í kvikmyndinni Saving Private Ryan

þannig að þetta er frægur skriðdreki,“ útskýrir Guðjón. Hann segist þó ekki hafa gerst svo djarfur að stíga fæti inn í tryllitækið. „Ég komst ekki ofan í hann, þetta er þröngt stríðstól,“ bætir Guðjón við sem er fróður um slík stríðstól, þar sem hann er staðarhaldari í Hernámssetrinu í Hvalfirði.

Gaui litli tók að sér tökustaðarstjórn í Dead Snow II og sá hann um að leita að tökustöðum, semja við eigendur og hreinlega um alla umsýslu á tökustað. „Ég er núna að vinna í þáttaröðinni Fortitude sem tekin er upp á Reyðarfirði.“



TÖKUSTAÐARSTJÓRINN Gaui litli hefur verið víðriðinn kvikmynda-bransann í um 20 ár. MYND/EINKASAFN

Stiltur á þægindi

Kinnarps 6242 lagar sig að líkamsstöðu þinni og fæst í þremur litum. Stiltu hæðina, dýpt setunnar, hæð baksins og finndu hvernig setan og bakið fylgja hreyfingum þínum.

Kinnarps®

Kinnarps 6242

Verð 159.900,- **Tilboðsverð 119.900,-**

Hönnun: Björn Alge

Þrjú litir
Hæðarstilling
Dýptarstilling setu
Hæðarstillanlegt bak
Samhæfð stilling setu og baks — fylgir hreyfingum notandans
Sjálfstæð „fljótandi“ hallastilling setu
Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd

Með eða án fjölstillanlegra arma
Mjúk eða hörð hjól
Bólstruð seta og bak
Fæst með hækkun og fóthring
Pólar 110 kg
5 ára ábyrgð

PENNINN
Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is



FRÉTTIR AF FÓLKI

Tíu þúsund gestir

Þjóðin hefur tekið óperu **Gunnars Þórðarsonar** og Friðriks Erlingssonar opnum örmum og er Ragnheiður nú orðin önnur vinsælasta uppfærsla íslensku óperunnar í Hörpu. Aldrei fyrr hefur íslenskt óperuverk notið viðlíka vinsælda.

Hafnfirðingarnir Bára Ólafsdóttir og Elías Andri Karlsson keyptu í gær tíu þúsundasta miðann á sýninguna og fengu hann og annan til að sjálfsgöngu fráan auk þess sem þeim var afhentur blómvöndur.



Harmsaga sló í gegn

Um helgina var leikrit Mikæls Torfasonar sýnt í Kennedy Center í Washington. Óhætt er að fullyrða að leikarar sýningarinnar, þau **Elma Stefanía Agústsdóttir** og Snorri Engilbertsson, hafi unnið sannkallaðan leiksigur en gagnrýnendur vestanhafs voru á einu máli um frammistöðu þeirra.

Gagnrýnendur hrífust ekki aðeins af leikurunum heldur fá allir aðstandendur sýningarinnar lof fyrir sitt framlag og hlaut sýningin meðal annars fjórar og hálfu stjörnu í leikdómi í blaðinu DC Theater Arts.



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Magnús Geir rak framkvæmdastjórn RÚV
- 2 Óðni Jónssyni, fréttastjóra RÚV, sagt upp störfum
- 3 Hörmungarsaga frá upphafi til enda
- 4 Að drekkja umræðu í umræðu
- 5 Reyndi að gyrða niður um unglingspilt í Vesturbyggð

LOKAÚTKALL Í PÁSKAFRÍIÐ

KÖBEN VERÐ FRÁ 12.990 KR. TÍMABIL: APRÍL-MAÍ wowair.is	LÖNG PÁSKAHELGI Í BERLÍN HÓTEL & FLUG VERÐ FRÁ 109.900 KR.	LONDON VERÐ FRÁ 12.990 KR. TÍMABIL: APRÍL-MAÍ
--	---	--

Gildir í sólarhring frá kl. 12 í dag til kl. 12 á hádegi á morgun, fimmtudaginn 20. mars.

WOW MOMENT Snilldar WOW moment í surprise vinkonuferð til London. "Selfie" með Big Ben!!!
Fanney Ingvarsdóttir

LOFORÐ WOW
LÆGRA VERÐ STUNÐVÍSI BILVÉL
BREIÐASTA BROSID NÝRRI VÉLÁ

FAGLEG FASTEIGNAÞJÓNUSTA

Pórunn Pálsdóttir
Sölufulltrúi
Byggingarverkfr., MBA
thorunn@remax.is
773 6000

Pórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali
510 7900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind • Hlíðasmára 6 • 201 Kópavogur